

VILL FRÆÐA BÖRN UM KLÁM

■ Stefan vill miðla af reynslu sinni



14

23. MARS 2018 / 11. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DRÖG

„HANN KÝLDI MIG Í BAKIÐ OG SíÐAN Í MAGANN“

■ Lilja segir bílstjóra Ferðapjónustu fatlaðra hafa ráðist á sig



8-9

Vigdís snýr aftur

„Nei, sjáðu hvað þessi er flottur að tína rusl í skítugu borginni hans Dags“



„PARTÍIÐ ER BUIÐ“

■ Ætlar að verða borgarstjóri ■ Segist hafa fundið 10–15 milljarða ■ Ófremdarástand í borginni

12-13

Hundaeigendur athugið

Passið ykkur á þessu!

■ Örlagarík ferð Kambs í bústað 4

Gilbert í Kólumbíu

GAFF FÁTÆKUM BÖRNUM SKÓ

■ Skorar á aðra að gera góðverk 2

Sáðlát Já takk!

■ Veitir mikilvæga vörn 68

Þorsteinn og #Karlmennskan:

„ÞAÐ VAR ÞÁ SEM LÍF MITT BREYTTIST“

■ Naglakkið breytti tilverunni



26-27



Lyngháls 10
S: 571 6005/ 776 7500
adalbon@adalbon.is

Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum

Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhófa 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Bilasmíðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

Webasto
Feel the Drive



LOF & LAST

– Vilhjálmur Birgisson

Lofið fá þessir sömu forstjórar sem hafa sýnt og sannað fyrir launafólki að nægt svigrúm er til launahækkana til handa almennu verkafólki og gefið okkur í verkalyðshreyfingunni vegvisi að þeirri kröfugerð sem löggó verður fram í komandi kjarasamningum. Lofið fá líka Verkalýðsfélag Akraness, VR, Efling og Framsýn sem hafa ákveðið að standa þétt saman í komandi kjarasamningum og láta kné fylgja kvíði við að knýja fram kjarabætur til handa sínum félagsmönnum.

Lastið fá forstjórar og lykilstjórnendur NI, Eimskipa, Símans, Reita og HB Granda en ársreikningar þessara fyrirtækja hafa afhjúpað þá grímu- og taumlausu græðgi og sjálfstöku sem heltekið hefur stjórnendur þessara fyrirtækja. Græðgi sem endurspeglast í launahækkunum sem nema mánaðarlega frá 300 þúsundum upp í eina milljón króna. Rétt er að geta þess að líffeyrisjóðir launafólks eiga um eða yfir 50% í öllum þessum fyrirtækjum.



Síðustu orðin

„Ég óska einskis annars en dauðans.“

– Enski rithöfundurinn Jane Austen ku hafa sagt þessi orð við Cassöndru, systur sína, á dánarbedi sínum, 18. júlí 1817.

Á þessum degi

1801 – Páll I Rússkeisari er hoggin með sverði, síðan kyrktur og að lokum er hann fótum troðinn uns hann skilur við. Þetta átti sér stað í svefnherbergi hans hátignar í kastala heilags Mikjáls í St. Pétursborg, nú Leníngrád.

1919 – Benító Mussólíni stofnar fasistaflokk sinn í Milanó á Ítalíu.



1933 – Reichstag, löggjafarþing Þýskalands frá 1870–1933, veitir Adolf Hitler umboð til að setja lög án aðkomu löggjafarþingsins (þ. Ermächtigungsgesetz), og þar með ná tangerhaldi á Þýskalandi með afleiðingum sem flestir þekkja.

1956 – Pakistan verður fyrsta íslamska lýðveldi jarðar.

2001 – Rússneska Mir-geimstöðin er talin hafa gegnt hlutverki sínu eftir 15 ár í geimnum. Leifarnar, eftir för hennar í gegnum loftþjúp hjardar, falla í Suður-Kýrrahaf.



Telpa fær skó. Gilbert segir að er fitt hafi verið að yfirgefa þorpið án þess að gefa öllum gjöf.

Gilbert gaf fátækum börnum skó

Vill ekki hreykja sér af góðverkinu ■ Skorar á aðra að láta gott af sér leiða

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is

Hér er mikil stéttaskipting og stór gjá á milli þeirra ríku og fátæku. Sumir geta eignast allt sem hugurinn gírnist á meðan aðrir eiga vart til hnífs og skeiðar. Svo eru aðrir sem hafa ekki einu sinni efni á að kaupa sér skó.

Gilbert hefur á samskiptamiðlum, Snapchat og Facebook, tjáð sig um upplifun sína á landinu. Greindi Gilbert frá því að hann hefði að kvöldi til verið á leið að heimsækja fjölskyldu sem hann þekkir, sem býr í litlum bæ, þegar hann villtist af leið inn í fátækrahverfi sem heitir Caimalito. Það fyrsta sem hann tók eftir var að mörg börn voru skólaus og fólk bjó í hrörlegum kofum. Gilbert

ákvað því að grípa til sinna ráða og keypti fimmtán skópör og ákvað að koma aftur að degi til og láta gott af sér leiða. Í samtali við DV kváðst Gilbert ekki vera hrifinn af slíkri umfjöllun þar sem gjafir til þessara fátæku barna væru sjálf-sagt mál og ekkert til að hreykja sér af.

„Ef það verður til þess að hvetja fleiri til að láta gott af sér leiða er það mér að meinalausu að greint sé frá þessu en á sama tíma vil ég koma því á framfæri að ég þarf ekkert klapp á bakið fyrir að aðstoða eða gleðja börnin. Lífið snýst um að lyfta fólki sem þarf á því að halda en ekki toga það niður.“

Ferðin í fátækrahverfið

„Þetta er einn magnaðist dagur sem ég hef upplifað. Íbúar búa við kröpp kjör og ömurlegar að-

stæður, en eru með hjarta úr gulli. Eftir nokkra tíma þarna tekur þú ekki lífinu sem sjálfsögðum hlut og mitt viðhorf til lífsins breyttist þennan dag. Þarna bjó fólk í kofum á meðan okkar helstu áhyggjur heima snúast um hvort við komumst í Costco í mánuðinum. Hverfið er afar hættulegt en ef þú ferð inn í það með kærleika og bros á vör er þér fagnað. Þegar ég kom þarna fyrst tók ég eftir mörgum berfætum börnum og þá kviknaði sú hugmynd að gefa þeim nýja skó.“

Gilbert kveðst hafa rætt við foreldra barnanna áður en hann færði þeim gjafir. Var því tekið af miklu þakklæti.

„Þetta snerti mig afskaplega mikið og ég var klökkur allan tímann á meðan ég dvaldi í hverfinu. Við gáfum börnum á öllum aldri

skó. Þegar við fórum þaðan vorum við eltir af fjölda barna. Það var erfitt að geta ekki gefið öllum gjafir,“ segir Gilbert.

„Okkur var þakkað fyrir með faðmlögum og kossnum. Ótrúlegt fólk sem býr við aðstæður sem enginn á að þurfa að upplifa. Það var erfitt að verða vitni að fátæktinni og aðeins þess vegna, fólksins og barnanna, vil ég opna mig um þessa lífsreynslu, til að hvetja ykkur öll hin ef þið hafið færi á að láta gott af ykkur leiða. Ég veit að það er líka fátækt heima og ekki eru allir í aðstöðu til að hjálpa til en við sem erum fær um slíkt, það er skylda okkar að gera heiminn aðeins betri. Þú þarft ekki að vera milljónamæringur, ef þú hefur efni á einu skópari og gefur það með bros á vör getur þú breytt lífi fólks.“ ■



Börnin í skýjunum með gjöfina

5 hlutir sem Björn Leví gæti spurt um

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, hefur lagt fram 72 fyrirspurnir á yfirstandandi þingi. Flestar eru um hluti sem allir vilja vita en furðulegasta fyrirspurnin er án efa hvert opinbert nafn Reykjavíkur er. DV ákvað að taka saman fimm hluti sem Björn Leví getur spurt um til viðbótar.



Þetta óskiljanlega

„Hvað gerir Smári McCarthy við 134 þúsund kallinn sem hann fær fyrir að búa á Hverfisgötu? Og er ekki ósanngjarn að ég fái engan pening fyrir að búa í Ljósheimum?“

- Fyrirspurn til félagsmálaráðherra



Stóra spurningin

„Er veruleiki okkar draumsýn? Erum við þá ábyrg fyrir hlutum sem gerast í hlöðstæðum veruleika?“

- Fyrirspurn til ferðamálaráðherra

Skóleysið

„Fá þingmenn niðurgreidda skó sem anda?“

- Fyrirspurn til umhverfisráðherra



Það sem enginn vill vita

„Hvenær verður næsta bankahrun?“

- Fyrirspurn til forsætisráðherra

Það sem enginn vill svara

„Af hverju fékk Ögmundur Jónasson að afþakka ráðherraunum ef það má ekki? Og af hverju hefur enginn annar reynt að afþakka sporslur? Og ef ég skrái mig heima hjá Smára get ég þá líka fengið 134 þúsund kall?“

- Fyrirspurn til fjármálaráðherra



Lundur 7-13

BÚM
BETUR



www.bygg.is

NÝTT Í SÖLU

Skóðið
teikningar
á bygg.is

Fossvogsdalnum í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum áklæddum fjölbýlishúsum í Lundi 7-13 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 101,9-196,8 fm. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.



Síðustu nýju íbúðirnar í fjölbýli í Lundinum

Naustavör 16-18 & 20

BÚM
BETUR



www.bygg.is

Skóðið
teikningar
á bygg.is

NÝTT Í SÖLU

Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 4ra hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 16-18 og 3ja hæða fjölbýli við Naustavör 20 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 123-210 fm, 3ja til 5 herbergja. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.



REYNSLA · FAGMENNSKA · METNAÐUR

FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf
Öðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 34 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

BUBBI FALINN

„Ef illskan í þér verður vak-in mun rótakerfi hjartans fúna,“ sagði Bubbi Morthens í Twitter-færslu rétt áður en DV fór í prentun. Það voru mikilvæg skilaboð til fulltrúa fjórða valdsins. Eins og í undanföllum blöðum er andlit Bubba vandlega falið á síðum blaðsins. Í síðasta blaði leyndist hann meðal landsliðsmanna á bls. 46. Allmörg svör bárust þar sem lesendur töldu að Bubbi væri iðnaðarmaður á öðrum stað í blaðinu eða glæpamaðurinn Manny Pardo yngri á sakamálasíðu blaðsins. Dregið var úr réttum lausnum og hlaut Rannveig Möller verðlaunin sem eru gjafabréf á valinn veitingastað. DV óskar Rannveigu til hamingju en hvetur einnig lesendur til að leita að Bubba í þessu blaði. Lesendur geta sent réttar lausnir á netfangið bubbi@dv.is



Finndu Bubba í blaðinu



Hvaða ár?

- Simpson-fjölskyldan lítur dagsins ljós í þætti Tracey Ullman. Þetta er þó tveimur árum áður en þættirnir hefja formlega göngu sína hjá Fox og sama ár og jarðarbúar verða fimm milljarðar.
- Margaret Thatcher byrjar sitt þriðja kjörtímabil sem forsætisráðherra Bretlands.
- Lethal Weapon og Wall Street eru í hópi vinsælustu kvikmynda ársins.
- Tekin er ákvörðun á haustmánuðum um að byggja nýtt ráðhús í Reykjavík.
- Pétur Ormslev er valinn besti leikmaður 1. deildar karla í knattspyrnu en Rúnar Kristinsson er valinn sá efnilegasti.

LÖB1-8WAS

Eitrun varð Kambi að bana

„Hann var eftirlitslaus í kannski tíu til fimmtán mínútur“

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@pressan.is



Fjóla Kim Björnsdóttir og fjölskylda voru að njóta lífsins í sumarbústað í síðustu viku. Kambur, hundurinn þeirra, var með í för og fékk hann að ganga laus í kringum lóðina stutta stund sem átti eftir að verða fjölskyldunni dýrkeypt og skelfileg reynsla.

„Fimmtudagurinn í síðustu viku er síðasti dagurinn sem hann var líkur sjálfum sér. Á föstudagsmorgni vildi hann ekki morgunmatinn sinn sem er mjög óvenjulegt. Síðan byrjaði hann að kasta upp,“ segir Fjóla í viðtali við DV.

Eftirlitslaus í örskamma stund

Kambur var virkilega geðgóður og hlýðinn hundur sem fékk reglulega að ganga laus með eigendum sínum.

„Hann var eftirlitslaus í kannski tíu til fimmtán mínútur þarna á miðvikudagskvöldinu. Seint á föstudeginum gat ég fengið hann til að borða örllítið nammí, en annars borðaði hann ekkert þangað til hann dó. Við fórum með hann á laugardagsmorgni til læknis sem var óviss hvort þetta væri út af eitri sem hann hefði komist í eða vegna magapestar.“

Kambur fékk sýklalyf og vítamín hjá dýralækninum og var að auki settur í blóðprufu þar sem í ljós kom að nýrun voru ekki góð og því nokkuð ljóst að um eitrun væri að ræða.

„Okkur var bent á að reyna að fá hann til þess að drekka vatn og soð en allt sem við gátum komið ofan í hann kom aftur upp úr honum. Eftir kvöldmat á laugardegnum kastaði hann upp þrisvar sinnum. Við höfðum miklar áhyggjur af honum og ákváðum að kalla út lækni. Hann fékk lítra af vökva í æð þá nótt og við fengum annan lítra með okkur heim. Hann var svo veikburða að það var ekkert mál fyrir okkur að tengja sjálf vökva í æðalegginn.“

Kambur svaf í gegnum allan sunnudaginn og gerði ekkert annað.

Líffærin gáfu sig fljótt

„Á mánudagsmorguninn fórum við með hann aftur upp á spítala þar sem hann fór í röntgen, blóðprufu



MINNIR EYVINDUR

og fékk aftur sýklalyf og vökva. Sprautað var blautmat með skuggaefni upp í hann til þess að sjá hvernig maturinn færi um meltingarveginn. Þá kom í ljós að hann stoppaði við þarmana og grunaði lækinn að einhver aðskotahlutur gæti verið fastur. Hann ákvað að skera hann upp og athuga.“

Í aðgerðinni kom í ljós að þarmar Kambs voru lamaðir og skrítnir á litinn vegna eitrunar.

„Þeim á spítalanum leist ekkert á hann og mæltu með því að við færum á neyðarvakt hjá dýralækni á meðan hann jafnaði sig eftir aðgerðina. Rétt fyrir miðnætti fékk hann að koma heim og var hann orðinn verulega veikburða. Strax á þriðjudagsmorgni fórum við aftur með hann upp á spítala þar sem hann fékk enn eina ferðina vökva og sýklalyf og var settur í röntgen og blóðprufu aftur.“

Í þetta skipti kom blóðprufan mjög illa út og greinilegt var að fleiri líffæri voru farin að gefa sig.

„Við fengum verkjalyf frá spítal-



Dó á leiðinni á spítalann

„Við hringdum í neyðarvaktina og fengum ráð. Ég fékk leyfi til þess að gefa honum öll þau verkjalyf sem ég átti og ætluð voru dýrum. Morguninn eftir vorum við mætt fyrir utan spítalann áður en hann var opnaður og okkur var hleypt fljótt inn og þar gat Kambur fengið róandi. Hann fór aftur í röntgen og blóðprufu svo við gætum verið alveg viss um stöðuna áður en við létum svæfa hann. Þá kom hann skyndilega vel út úr öllum prófum og ákveðið var að gefa honum daginn. Hann fékk vökva, sýklalyf og mat með sondu.“

Um hádegisdag sama dag var Kambur hins vegar orðinn uppgefinn og fór að kasta öllu upp aftur.

„Ég talaði við dýralækninn í síma og við ákváðum að ég kæmi með hann, kveiddi hann og leyfði honum að sofna. Á því korteri sem tók mig að komast á spítalann dó hann. Einkenni og blóðprufur sýndu alltaf merki um eitrun en ekki er hægt að segja til um hvaðan eða hvernig eitrið er. Við teljum líklegast að hann hafi komist í eitru í umhverfinu í kringum sumarbústaðinn. Maður veit ekki neitt og gerir ekki ráð fyrir einhverju svona alvarlegu.“

Líklegasta orsök eitrunar Kambs er músaeitur eða baktería frá hræi.

„Ef það var hræ á svæðinu þá gæti til dæmis hafa verið baktería í því en við vitum ekkert um það. Kambur var einstaklega geðgóður hundur, hann fór með mér í vinnuna í mörg ár en ég hef starfað á sambýli fyrir fjölfatlaða. Ég ætla ekkert að skafa utan af því að þetta hefur verið skelfilegur tími. Við fórum á Dýralæknamiðstöðina í Grafarholti í öll skiptin nema þegar við þurftum að leita á neyðarvaktina og við fengum toppþjónustu frá starfsfólkinu. Þau gáfust aldrei upp, ekki einu sinni þegar við gerðum það. Kambur var algjör mömmustrákur og treysti mér ótrúlega vel, hans verður sárt saknað.“

Fjóla og fjölskylda hennar vildu greina frá sögu Kambs til að vara annað fólk við þeim hættum sem geta leynst í umhverfinu. ■

1,4 milljarða skaðabætur ógreiddar

Krefst fjárnáms hjá Róbert Wessman

Reimar Pétursson lögmaður hefur fyrir hönd skjólstaðings síns, Matthíasar H. Johannessen, farið fram á fjárnám hjá Róbert Wessman, til tryggingar skuldar upp á tæplega 1,4 milljarða. Þetta herma áreiðanlegar heimildir DV. Skuldin er tilkomin vegna dóms Hæstaréttar sem féll um miðjan febrúar þar sem Róbert og viðskiptafélagar hans, Árni Harðarson og Magnús Jaroslav Magnússon, voru dæmdir til að greiða Matthías 640 milljónir króna fyrir að hlunnfara hann í viðskiptum. Að auki reiknast upphæðin með vöxtum frá júlí 2010 og dráttarvöxum frá árinu 2011. Skuldin stendur því í tæpum 1,4 milljörðum króna í dag og er enn ógreidd.

Dómurinn féll 15. febrúar síðastliðinn í Hæstarétti en með honum var staðfestur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur um að þremningarnir hefðu bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart Matthías. Matthías fór fram á 3,1 milljarð í bætur en gerði til vara kröfu um áður nefndar 640 milljónir. Hæstiréttur féllst á síðari kröfunu.

Málið snerist um kaup fjórmenninganna á félagi sem síðar fékk nafnið Aztiq Pharma Partners ehf. Átti félagið, í gegnum dótturfélög sín, 30% hlut í lyfjafyrirtækinu Alovogen. Átti Róbert 94% í félaginu en hinir mennirnir 2% hver. Síðar eignaðist Árni hlut Róberts en Matthías taldi sig eiga forkaupsrétt á þriðjungi hlutabréfa Róberts.



Matthías taldi að þremningarnir hefðu brotið á honum og komið í veg fyrir að hann nyti ágóðans af kaupunum í Alvogen. Þeir báru á móti að hann hefði ráðið sig til keppinautarins Actavis og neitað að undirrita trúnaðarfyrirlysingu. Löglega hefði verið staðið að ákvörðunum stjórnar.

Hæstiréttur var á öðru máli og taldi einsýnt að stjórn Aztiq Pharma Partners hefði tekið hagsmuni einstaks eða jafnvel einstakra hluthafa fram yfir hagsmuni félagsins og þar með fram yfir hagsmuni annarra hluthafa. Sagði í dómsorði að stjórnarmenn ættu að setja hagsmuni félagsins í öndvegi þegar

hætta væri á slíkum árekstrum en það hefðu þeir ekki gert í þetta sinn. Þess vegna hefðu þremningarnir skapað sér skaðabótaskyldu gagnvart Matthías.

Rúmum mánuði síðar eru skaðabæturnar enn ógreiddar og því hefur verið farið fram á áður nefnt fjárnám til tryggingar skuldinni. Fyrst hjá Róbert en því næst hjá Árni Harðarsyni og að lokum Magnúsi. DV hafði samband við lögmann Matthíasar, Reimar Pétursson, en hann kvaðst ekki tjá sig við fjölmiðla um mál sem hann ynni að. Í skriflegu svari til DV sagðist Árni ekki hafa neinar upplýsingar um að beidni um fjárnám væri komin fram. Sagði hann þremningana vera í ágætum samskiptum við lögmann kröfuhafa og að uppgjórið færi fram næstu dögum. ■

bjornth@dv.is

ERT ÞÚ MEÐ BAKVERKI?

FAGADILAR MÆLA MEÐ WAGNER

MÁ BJÓÐA ÞÉR SÆTI Í HEILA VIKU?

Er erfitt að finna rétta
skrifborðstólinn?
Komdu við í verslun okkar, fáðu
ráðgjöf og að lokum færð þú stól
að láni í heila viku!

20%
afsláttur af
öllum stólum í mars!

wagner
EINU STÓLARNIR MEÐ



Dondola®
360°
VELTITÆKNI

FAGADILAR MÆLA MEÐ WAGNER



Elís Þór Rafnsson
sjúkrabjálfari



Hirzlan ²⁵ára

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is



Tvífarar vikunnar

Tvífarar vikunnar að þessu sinni eru Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, og Kermit froskur, prúðuleikari. Það er helst munn- og augnsvipurinn á þeim Birgi og Kermit sem er líkur, en það er helst litarhátturinn og hárgreiðslan sem skilur þá að, fyrir utan gleraugun.

Hver er hann?



- Alinn upp í Árbænum og Kópavoginum og Bliki í húð og hár
- Aðdáandi rapptónlistar og heldur sérstaklega upp á Drake og Kanye West
- Á tvær Mercedes Benz-bifreiðar og hund sem heitir Nino
- Er með betri Counter-Strike-spilurum landsins
- Landsliðsmaður í knattspyrnu og hefur slegið í gegn í enska boltanum í vetur

NOSSONUMUNBERGUBUNGHVAVS

Það er staðreynd að ...

Rúmur meirihluti Íslendinga trúir á tilvist álfa. Álfatrúin er mest hjá Framsóknarkonum, rúmlega 81 prósent.




Moskítóflugur lifa á Grænlandi, Bretlandi, Noregi en ekki á Íslandi eða í Færeyjum.



Fólk leysir vind að meðaltali 14 sinnum á dag. Eitt prósent af gasinu er brennisteinsvetni sem gefur því slæma lykt.



Við landnám var Vatnajökull langt um minni en hann er í dag og hét þá Klofajökull.



Kaststjörnur, eða svokallaðar ninjustjörnur, eru ólöglegar á Íslandi. Heimilt er þó að víkja frá banni ef stjarnan hefur söfnunargildi eða sérstakar ástæður mæla með eigninni.



Þetta er opinbert fé sem við förum með, auðvitað þarf að hafa eftirlit með því hvernig það er notað.

Topparnir með kort spítalans á Nauthól

■ Veltan nam 25 milljónum í fyrra ■ Alvarleg staða á bráðamóttöku

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Framkvæmdastjórn og aðrir toppar á Landspítalanum eru með kreditkort á vegum spítalans, framkvæmdastjórnin sjálf ákveður hvaða starfsmenn eru með kreditkort. DV hefur fengið það staðfest að kreditkort spítalans séu notuð á veitingastöðum og séu notuð til að greiða fyrir vinnufundi á Nauthóli. Veltan á kreditkortum Landspítalans nam rúmlega 25 milljónum króna í fyrra. Í svari Landspítalans við fyrirspurn DV segir að tilgangurinn með kreditkortum framkvæmdastjóra og forstjóra „tengist almennri stjórnun á þeirra sviði“.

Sex klukkutíma bið á bráðamóttöku

Á sama tíma eru aðstæður á Landspítalanum erfiðar og álagið mikið. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðgjafi og eitt kort er hjá gjaldkeri á Fjárfélaginu, sem er hluti af fjármálasviði spítalans. Veltan á kortunum 17 var samtals 24.694.653 krónur árið 2017.

17 kreditkort

Kreditkort Landspítalans eru alls 17, handhafar þeirra eru forstjóri, 13 framkvæmdastjórnar, deildarstjóri Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild á Rannsóknarsviði, einn fjármálaráðgjafi og eitt kort er hjá gjaldkeri á Fjárfélaginu, sem er hluti af fjármálasviði spítalans. Veltan á kortunum 17 var samtals 24.694.653 krónur árið 2017.

Landspítalinn



Framkvæmdastjórn spítalans ákveður hvaða starfsmenn fá kreditkort og eru kortin afhent hjá fjárfélaginu. Sigrún Guðjónsdóttir, deildarstjóri fjárfélaginu, segir í svari við fyrirspurn DV að notkunareglurnar á kortunum séu eftirfarandi: „Korthafi er ábyrgur fyrir því að taka kvittun (staðgreiðslureikning) í hvert skipti sem kortið er notað og gera skil á gögnum til fjármálaráðgjafa í lok hvers úttektartímabils. Fjárfélagshald sér svo um innlestur færslna í bókhald.“ Varðandi kort deildarstjóra sé það notað fyrir erlend innkaup á netinu og kort fjárfélaginu sé notað fyrir greiðslu á ferðakostnaði.

Ríkiskaup voru með umsjá yfir kreditkort opinberra stofnana til ársins 2012. Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri Ríkiskaupa, segir að það sé stofnananna að setja reglur um innkaup og ákveða hverjir séu með kort. Halldór segir að tilgangur með kreditkortunum sé að halda utan um smærri innkaup stofnana. „Eins og þegar keyptir eru farmiðar þá er það fært á innkaupkort þess sem sér um innkaupin, þetta er bara til að halda betur utan um viðskiptin, til að það séu ekki pappírar að koma inn í hús.“



Anna Sigrún Baldursdóttir
Aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans.

Eiga mikil viðskipti við Nauthól

Anna Sigrún Baldursdóttir aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans. Mynd: stjornarradid.is

DV ræddi við nokkra starfsmenn á Landspítalanum en allir komu af fjöllum þegar spurt var um fundi á Nauthóli, einn læknir sagðist hafa heyrt af því að stjórnendur funduðu utan spítalans en gat ekki sagt til um hvar. DV sendi fyrirspurn á nokkra

framkvæmdastjóra sem eru með kreditkort frá Landspítalanum um í hvað þeir notuðu kortið en enginn svaraði. Þess í stað kom svar frá deildarstjóra á samskiptadeild um að spurningunni yrði svarað með miðlægum hætti. Kom þá svarið að notkun á kreditkortum framkvæmdastjóra og forstjóra „tengist almennri stjórnun á þeirra sviði“.

Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður Páls Matthíassonar forstjóra Landspítalans, staðfesti að kreditkortin væru notuð á veitingastöðum í borginni, þar á meðal Nauthól. „Við erum með reglulega vinnufundi á Nauthól með starfsfólki. Við eigum mikil viðskipti við Nauthól.“ Aðspurð um hvaða vinnufundir þetta væru sagði Anna Sigrún að um væri að ræða Lean-námskeið í tengslum við nýjan meðferðarkjarna á Hringbraut, en Lean er svokölluð straumlínustjórnun sem draga á úr tapi og sóun. Anna Sigrún sagði jafnframt að það væri öflugt eftirlit með notkun kortanna. „Þetta er opinbert fé sem við förum með, auðvitað þarf að hafa eftirlit með því hvernig það er notað, að það sé örugglega rétt. Þetta eru það miklir peningar sem við erum með.“ ■



WRIGLEY'S
Extra[®]

**FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR**

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylytols sem
aðalsætufrumus í tyggigúmmii

„HANNN KÝLDI MIG Í BAKIÐ OG SIÐAN Í MAGANN“

■ Lilja segir bílstjóra Ferðapjónustu fatlaðra hafa ráðist á sig ■ Hyggst kæra málið til lögreglu

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Ég var gjörsamlega niðurbrotin eftir árásina og hágrét. Hann kýldi mig í bakið og síðan í magann," segir Lilja Ragnhildur Oddsdóttir, sem fullyrðir að hún hafi orðið fyrir árás af hálfu bílstjóra Ferðapjónustu fatlaðra síðastliðinn þriðjudag. Lilja fékk þegar í stað áverkavottorð vegna árásarinnar og hyggst kæra hana til lögreglu. Bílstjórinn hefur verið settur í ótímabundið leyfi á meðan málið er rannsakað en það er litið mjög alvarlegum augum hjá ferðapjónustunni. Strætó bs. sér um þjónustuna en verktakar sinna akstrinum.

Lilja er með klofinn hrygg og hefur þurft að notast við hjólastól alla sína ævi. Hún er því háð Ferðapjónustu fatlaðra til þess að komast á milli staða. Að hennar sögn er þjónustan yfirleitt mjög góð og ágætis kunningskapur hafi myndast milli hennar og sumra bílstjórana. Þann sem réðst á hana

á miðvikudaginn hafði hún hins vegar aldrei séð áður. Hann sótti Lilju að heimili hennar í Grafarholti og þannig vildi til að förlinn var heitið að Landspítalanum þar sem Lilja þurfti að leita sér læknaaðstoðar.

„Ég þekkti hann ekki, en var ekkert að spá í það," segir Lilja. Hún segir að maðurinn hafi verið þungur í skapi og að lokum misst stjórn á sér þegar Lilja benti honum á að hjólastóll hennar væri ekki fastur. „Ég á ekki að vera laus í bílnum. Hann keyrði í gegnum hringtorg og ég fann að stólinn rann til. Ég benti honum á það og þá svaraði hann með þjósti að ég ætti þá ekki að vera að ýta á takkann til að losa stólinn," segir Lilja. Hún segir blaðamanni að sá takki sé á gólfi bílsins og það sé ómögulegt fyrir hana að ná til hans.

Í kjölfarið hafi maðurinn hringt á stjórnstöðina og tilkynnt að hann ætlaði aldrei að keyra með Lilju aftur. „Hann sagði að ég fíktadi í öllum tökkum og losaði mig," segir Lilja. Hún segist hafa brotn-



Lilja Ragnildur
Segir að bílstjóri
Ferðabjónustu
fatlaðra hafi beitt
hana ofbeldi.

“Bílstjórinn var þegar settur í ótímabundið leyfi á meðan málið er rannsakað

að niður við að heyra bílstjóran tala með þessum hætti um hana. „Hann stoppaði svo skömmu síðar til að laga stólinn betur. Þá stóð hann fyrir aftan mig og sló mig í bakið og síðan í magann með krepptum hnefa,“ segir Lilja. Hún segist hafa hágrátið meðan á ofbeldinu stóð og eftir að bílstjórinn hafi skilað henni af sér við Landspítalann í Fossvogi.

„Ég var að fara á sáramiðstöðina og þaðan fór ég beint á slysavarðstofuna til þess að fá áverkavottorð,“ segir Lilja. Síðan hafi hún tilkynnt atvikið til Ferðabjónustu fatlaðra. Þar var málið tekið föstum tókum.

„Við lítum málið mjög alvarlegum augum. Bílstjórinn var þegar settur í ótímabundið leyfi á meðan málið er rannsakað. Við erum að bíða eftir frekari gögnum, meðal annars áverkavottorði, og munum síðan taka ákvörðun um næstu skref þegar allar upplýsingar liggja fyrir,“ segir Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegabjónustu hjá Strætó bs. Erlendur segir að málið sé lítið alvarlegum augum hjá fyrirtækinu og að starfsfólk sé miður sín vegna þess.

Talsvert hefur gengið á hjá ferðabjónustunni það sem af er þessu ári. Í lok febrúar komu upp tvö alvarleg atvik þegar fatlaðir einstaklingar lentu í hremmingum hjá ferðabjónustunni. Þann 23. febrúar síðastliðinn var stúlku með þroskahömlun ekið á rangt heimilisfang og hún skilin þar eftir. Móðir stúlkunnar var mjög ósátt við samskiptaleysi ferðabjónustunnar við foreldra og í kjölfarið stigu fram fleiri foreldrar fatlaðra barna og sögðu svipaðar sögur.

Fimm dögum síðar greindi Fréttablaðið frá því að mikið fötluð kona hefði gleymst í bíl ferðabjónustunnar þegar átti að skutla henni til vinnu. Bílstjórinn mun hafa farið heim í kaffipásu þegar uppgötvaðist að konan var ein og yfirgefin úti í bílnum. Það var sérstaklega alvarlegt því konan er mjög flogaveik og er af þeim sökum aldrei skilin eftir ein og eftirlitslaus í vinnunni.

Þessi röð atvika rifjar upp alvarlegt atvik sem kom upp í febrúar 2015 þegar 18 ára stúlka, sem lýst hafði verið eftir, fannst í bíl við heimili bílstjórans um kvöld. Þá hafði hún mátt dúsa þar í nokkrar klukkustundir. Það atvik vakti mjög hörð viðbrögð og var í kjölfarið var skipuð neyðarstjórn yfir ferðabjónustu sem skilaði skýrslu um málið í mars 2015. ■

Frambjóðandi Pírata skrifaði um Pepsi Max-fituhlunka:

„Var eins og ég hafi verið kýld í magann“

■ Breytt og síðan eytt ■ Höfuðlausar bollur valda viðbjóði ■ Baðst afsökunar

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Samtök um líkamsvirðingu hafa sett varnagla við framboð Valgerðar Árnadóttur sem gefur kost á sér á lista Pírata í borgarstjórnkosningunum í vor. Ástæðan er pistill sem Valgerður skrifaði á vefinn Þjatt-rófur í ágústmánuði árið 2012 og bar titilinn „Pepsi Max fituhlunkar“. Tara Margrét Vilhjálmadóttir, formaður samtakanna, segir pistilinn „ljótan og rætinn“ en Valgerður segist alfarið hafa skipt um skoðun síðan þá.

Skömmu eftir að pistillinn birtist var titilinn breytt í „Pepsi Max stereotýpurnar, ó þú feita Ísland“. Síðan var pistilinn eytt af síðunni vegna sterkra neikvæðra viðbragða lesenda. Í pistilinum kom fram að Íslendingar væru önnur feitasta þjóð veraldar og helsta heilsufarsvandamálið væri offita.

„Mjög algeng sjón er að sjá fólk með greinilega offitu með hamborgara í annarri og Pepsi Max í hinni!“

Enn fremur: „Það verður allt brjáláð ef maður minnst á að fólk sé feitt og það sé óeðlilegt. Meðvirðnin með feitu fólk er slík að þegar minnst er á að þetta byrjar alltaf einhver furðuleg umræða um að það geti ekki allar konur litið út eins og fyrirsætur

og karlmenn eins og Brad Pitt og að staðalmyndir okkar séu „fokkt opp“ vegna þess að við lékum okkur að Barbie og He-man í æsku ... blebleble.“

Eins og að vera kýld í magann

Tara segir það mikilvægt að frambjóðandinn hreinsi loftið vegna pistilsins, það sé bæði mikilvægt fyrir hana sjálfa og kjósendur. „Okkur finnst þetta í ósamræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er ein sú framúrstefnulegasta í vestrænum löndum.“

Í sjötta kafla mannréttindastefnunnar eru ítarlegar greinar um að óheimilt sé að mismuna fólk vegna holdafars, útlits og líkamsgerðar. Í slíkum fordómum og mismunun felist félagslegt óréttlæti sem beri að vinna gegn. Sérstaklega verði að taka á þessu í skólum, frístundaheimilum og tómstunda- og menningarstarfi borgarinnar.

Samtök um líkamsvirðingu voru stofnuð nokkrum mánuðum áður en pistillinn birtist. Tara segir það hafa verið áfall að sjá hann. „Þetta var eins og ég hafi verið kýld í magann. Á þessum tíma var þessi pistill sá fitufordómafyllsti sem við höfðum séð. Við höfum séð verri hluti síðan en af því að þetta var svo alvarlegt nefndi ég masters-ritgerðina mína eftir pistilinum.“ Ritgerð Töru heitir einmitt: Pepsi Max fituhlunkar: Samfélagsleg

Valgerður Árnadóttir
„Ég hef gert allt sem ég get til að snúa við þessari grein við“



greining á fitufælni og afleiðingum hennar.

„Þetta er svo afgerandi tilfelli. Hún var að nota þarna röksemdafærsluna um að fordómar og smáun leiði til bættis heilsufars. En þetta hefur algjörlega öflug áhrif. Þetta leiðir til skammar og minnkar líkurnar á að fólk hreyfir sig,“ segir Tara.

Höfuðlausar fitubollur

Ein myndin sem birtist í greininni var af tveimur konum í yfirvigt að borða ís en höfuðin sjást ekki. Tara segir þetta aðferð sem nefndist „Headless fatties“ (höfuðlausar fitubollur) og sé tilraun til afmennskunar feitra.

skoðað þessa afstöðu sína. En það er mikilvægt að við sem göngum til borgarstjórnkosninga fáum það á hreint, því ef hún hefur ekki breytt skoðun sinni þá mun hún ekki fá mitt atkvæði og margra fleiri.“

Illa ígrundaður pistill og alls ekki sama sinnis í dag

Valgerður, sem er framkvæmdastjóri Samtaka græmetisæta, segir það ekki að ástæðulausu að pistillinn hafi verið tekinn út. „Þessi grein átti aldrei að vera um fitufordóma. Þessi grein kom mjög illa út og ég viðurkenni það alveg enda var hún tekin út. Hún var illa skrifuð og illa ígrunduð hjá mér og ég er alls ekki sama sinnis í dag.“

Hún segir að viðbrögðin við pistilinum hafi verið mjög heftuðleg og hún hafi fengið mikið af skilaboðum. Eftir að hafa rætt við það fólk hafi hún meðtekið skilaboðin um að pistillinn ylli fordómum. „Ef það er eitthvað sem ég vil uppræta þá eru það fordómar í samfélaginu og ég vil alls ekki verða völd að fordómum. Ég styð mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og er búin að vera að vinna með fólk í mannréttindastefnu Pírata fyrir borgina og hún er mjög vel gerð. Við viljum ekki fordæma neina jafnarhópa og viljum að allir séu velkomnir í borginni.“


Ástæðan fyrir því að hún skrifaði pistilinn á sínum tíma var samtalið við vinkonu hennar sem var í matarfiknarsamtökunum O.A. (Overeaters Anonymous), sem eru tólf spora samtök svipuð og A.A.

„Þessar pælingar voru tilkominar vegna þess sem hún sagði um matarfíkn. En auðvitað er ég ekki með fordóma gagnvart þeim sem eiga við matarfíkn að stríða eða annað. Þetta átti alls ekki að koma út eins og þetta kom út og ég bað þá sem höfðu samband við

„Mér finnst málfutningur Valgerðar fyrir Pírata skynsamlegur og hún er að berjast fyrir góðum málefnum þannig að ég trúi ekki öðru en að hún hafi endur-

mig innilegrar afsökunar á þessu. Ég er mjög virk í feminískum málefnum og þar er mikið tekið á líkamsvirðingu. Ég hef gert allt sem ég get til að snúa þessari grein við.“ ■

Tara Margrét Vilhjálmadóttir



EGRETTIR
VATNSKASSAR
Sími 577 6090

Í skugga Sveins



„Fyrirtaks skemmtun

Silja Huldudóttir Morgunblaðið



Síðasta sýning
Sunnudaginn 25. mars
kl 16.00

Aukasýning
Föstudaginn 6. apríl
kl 20.00

„Það er svo sannarlega bjart yfir skugga Sveins. Drífi sig nú hver sem getur í Gaflaraleikhúsið“

„Þar með hefst galdraverkið, spuninn. Aldeilis ótrúlegt! Ekkert hik, engar tafir“
Bryndís Schram DV

Rammíslenskur gamansöngleikur
eftir Karl Ágúst Úlfsson

midi.is

Gaflaraleikhúsið

Vigdís ætlar að verða borgarstjóri:

„Partíið er búið!“



Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Vigdís Hauksdóttir er öllum kunn. Hún sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn á árunum 2009 til 2016 og var þegar orðin ein umtalaðasta og umdeildasta kona landsins þegar hún varð formaður fjárlaganefndar árið 2013. Hún sagði skilið við stjórn málin fyrir kosningarnar

2016 en nú er hún mætt aftur sem borgarstjóraefni Miðflokksins. Vigdís er stórhuga og tók blaðamann DV með sér í bíltúr um borgina til að taka skóflustungur þar sem hún ætlar að láta hendur standa fram úr ermum.

„Ég er á litlum sparneytnum tvinnbíl þannig að ekki hafa áhyggjur af mengun,“ segir Vigdís glaðbeitt. Leið okkar liggur í Húsasmiðjuna til að kaupa

stunguskóflu og berst þá talið að samgöngumálum, það er alveg ljóst að Vigdís er ekki hrifin af núverandi meirihluta Samfylkingar, Vinstri grænna, Pírata og Bjartrar framtíðar. „Það er ófremdarástand hvernig búið er að þrengja að fjölskyldubílnum og alveg óskiljanlegt. Sjáðu hérna, við erum ekki á háanna tíma en það er samt umferðarakaós. Það er hægt að gera svo ótalmargt til að laga þetta en

fyrst þarf að breyta um stefnu. Líf Magneudóttir, oddviti VG, sagði í Silfrinu um síðustu helgi að meirihlutinn „ætlaði“ að flytja 25 þúsund manns inn í strætó. Ætla þau að þvinga fólk? Það þýðir ekkert að tala svona, fólk verður að vera raunhæft.“

Skóflustunga að nýju þjóðarsjúkrahúsi

Við göngum inn í Húsasmiðjuna þar sem Vigdís heilsar

starfsmanni með nafni, þess má geta að hún var með blómaskreytinganámskeið um jólin í Blómavali í sama húsi. Vigdís velur finnska stunguskóflu sem hún setur í aftursætið. Nú erum við á leið upp að Keldum, þar ætla Vigdís og Miðflokkurinn að reisa nýtt þjóðarsjúkrahús. Keldur eru ekki svæði sem margir leggja leið sína til, útsýnið nær yfir Stórhöfða og Gullinbrú. Vigdís

Vigdís Hauksdóttir MYND/ARI BRYNJÓLFSSON



Til hamingju með nýjan spítala!

„Nei, sjáðu hvað þessi er flottur að tína rusl í skítugu borginni hans Dags.“

bendir á hús Orkuveitu Reykjavíkur og hlær, upp veginn sjást hitaveitutankarnir í Grafarholti. „Keldur henta vel fyrir spítala, við í Miðfloknum í Reykjavík viljum hafa spítalann í sveitarfélaginu. Það gengur ekki að hafa spítala þjóðarinnar í miðbænum í allri menguninni.“

Vigdís leggur bílnum, klifrar yfir girðingu og fer með skófluna út á grasblett.

„Nýr spítali á Keldum! Ríkið seldi Vífilstaðalandið á undirverði til Garðabæjar þannig að við krefjumst þess að ríkið selji Keldnalandið til Reykjavíkur á undirverði, fordæmið er komið, annað yrði brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar!“

Vigdís tekur skóflustungu. „Til hamingju með nýjan spítala!“ Hún gengur svo frá grasinu sem hún var að ljúka við að grafa upp, Vigdís hefur á orði að reynslan úr garðyrkjunni komi að góðum notum við þessar aðstæður.

Partíspillir

Eitt helsta markmið Vigdísar sem nýr borgarstjóri verður að taka til í kerfinu. „Borgin er með einn starfsmann á hverja fjórtán íbúa, það sjá það allir að þetta er of mikið. Ég ætla ekki að skera niður fólk á gólfinu, hagræðingin mun beinast að stjórnendunum. Þegar ráðhúsið var byggt var markmiðið að þar yrðu allar skrifstofur borgarinnar. Árið 2018 eru skrifstofurnar í tæplega hálf klómetra löngu húsi á sex hæðum í Borgartúni. Ég ætla að fara



„Nei, er þetta þú!“ Kona á gangi í Laugarnesinu kallaði að Vigdís, hún faðmaði hana svo að sér þegar hún uppgötvaði hver var þarna á ferð. MYND/ARI BRYNJÓLFSSON

inn á hverja einustu skrifstofu og sjá hvernig er hægt að hagræða. Þetta er allt í lagi, ég fæ hvort eð er engin atkvæði frá embættismönnum,“ segir Vigdís og hlær.

„Fyrsta málið er að koma rekstrinum í lag, svo þegar við erum búin að taka til þá getum við farið að tala um að lækka útsvar. Það ætti að vera hægt á síðari hluta kjörtímabilsins. Útsvarið er núna að fara í einhverja ósýnilega hit, tekjurnar í botni en samt er borgin röngum megin við núllið. Þetta heitir á góðri íslensku eyðslufylleri.“

Þannig að þú ætlar að binda endi á fyllerið?

„Já, ég er partíspillirinn! Partíið er búið.“

Búin að finna 10–15 milljarða

Við keyrum framhjá verslun Bauhaus og stöðvum fyrir utan byggðina í Úlfarsárdal. Hér ætlar Vigdís að reisa ódýrar íbúðir fyrir ungt fólk. „Af hverju má ekki þetta byggðina hér? Nú liggur öll umferðin niður í bæ, það sem við þurfum að gera er að snúa umferðinni við.“ Hún fer út úr bílnum og tekur aðra skóflu-

stungu. „Hér mun rísa ódýrt húsnæði! Hættum þessum töfum, innviðirnir eru klárir, byrjum að byggja í haust!“

Stefnuskrá Miðflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar er enn í vinnslu en Vigdís var tilbúin að upplýsa að þar verði farið í róttæka hagræðingu. „Ég boða það að hið lögbundna hlutverk Reykjavíkur verði endurskoðað strax eftir kosningar, farið verði ofan í hvern krók og kima til að sjá hvar er hægt að hagræða. Eftir páska kynni ég svo fjárflyunarleiðir, hvar ég er búin að finna 10 til 15 milljarða án þess að segja upp einum starfsmanni. Bíðið spennt.“

Vigdís keyrir eftir Sæbrautinni, í vegkantinum er eldri maður að tína rusl. „Nei, sjáðu hvað þessi er flottur að tína rusl í skítugu borginni hans Dags.“

„Ég hélt að þú værir túristi!“

Við erum komin út á Laugarnes, þar ætlar Vigdís að leggja Sundabraut og tengja þar með Sæbrautina við Kjalarnes. „Við erum með svakalega flott land upp á Kjalarnesi, hugsaðu þér, það eru 20 ár síðan Kjalnesingar sameinuðust Reykjavík, þá var þeim lofað Sundabraut eftir tvö ár. Það er ekkert búið gera.“

Vigdís tekur skóflustungu að Sundabraut, í sömu andrá kallar kona sem á leið hjá í áttina að Vigdís. „Af hverju ertu að raska jörðinni?“ Vigdís svarar: „Heldur þú að ég kunni ekki að ganga frá þessu?“ Konan sér hver þetta er: „Nei, er þetta þú! Ég fyrirgef þér strax. Ég hélt að þú værir túristi!“

Á leiðinni til baka berst talið að hugsanlegum samstarfsflokkum í meirihluta borgarstjórnar. Vigdís vill stíga varlega til jarðar þegar kemur að slíkum vangaveltum þar sem ekki er hægt að kjósa aftur fyrr en eftir fjögur ár þó að meirihlutinn springi. „Samfylkingin og Vinstri græn



Byrjað í Húsasmiðjunni Fyrsta verkefnið var að útvega stunguskóflu. MYND/ARI BRYNJÓLFSSON

eru sístu kostirnir til samstarfs.“ Hvernig líst þér á að vera borgarstjóri með Eyþór Arnalds og Sjálfstæðisflokkinn þér við hlið?

„Mér myndi hugnast það vel án þess að ganga bundin til kosninga. Mér finnst Miðflokkurinn eiga margt sameig-

inlegt með Sjálfstæðisflokknum. Ég er hins vegar ekki hrifin af þeirra hugmyndum um byggð í Örfirisey, það gengur gegn okkar hugmyndum um að snúa umferðinni við. Annars hlakka ég til að sjá hvernig kosningarnar fara, ég stefni á stórsigur.“ ■

STEFAN VIL FRÆÐA BÖRN UM KLÁM

- Stefan vill miðla af reynslu sinni
- Klám endurspeglar ekki raunveruleikann

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Íslensk börn munu komast snemma í kynni við klám. Það er úti um allt á netinu og samfélagsmiðlum og það er óhjákvæmilegt enda eru krakkar sem eru nágast kynþroskaaldurinn forvitnir. Við höfum mætt þessum raunveruleika með þögninni, eins og alltaf í tengslum við óþægileg mál, en það verður að breytast," segir Stefan Octavian Ghorghé, sem er eini Íslendingurinn, að minnsta kosti opinberlega, sem starfar við framleiðslu á klámi.

Tílefnið er opinn fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur í vikunni sem fjallaði um #metoo-byltinguna. Þar vakti erindi Kolbrúnar Hrundar Sigurgeirsdóttur mikla athygli en í því kom fram að íslenskir drengir eigi Norðurlandamet í klámahorfi. „Meðalaldur drengja þegar þeir byrja að horfa á klám er rúm 11 ár og þá erum við að tala um meðalaldur," sagði Kolbrún Hrund. Margir drengir væru því talsvert undir þeim aldri. Sagði hún að í heimsóknnum sínum í grunn- og menntaskóla þá klöppuðu piltar oft þegar bent væri á þessa staðreynd. „Þeim finnst þetta geggjað töff," sagði Kolbrún Hrund. Erindi hennar snerist ekki síst um að stór hluti klámefnis, allt að 89% samkvæmt nýlegum rannsóknnum, innihéldi ofbeldi gegn konum og að afleiðingarnar væru þær að drengir væru margir hverjir með brennlað viðhorf til kynlífs.

Vill miðla af reynslu sinni

„Eina lausnin að mínu mati er sú að byrja snemma að fræða

börn og unglina um að klám sé ekki raunverulegt, ekki frekar en hasarmyndir í Hollywood. Að þetta sé leikið efni og raunveruleikinn sé allt annar. Ef klám er það eina sem er í boði til þess að svala forvitni krakka um kynlíf þá að sjálfsögðu brenglast viðhorf þeirra til þess," segir Stefan og kveðst vilja leggja hönd á plóg.

„Ég myndi gjarnan vilja fara í skólana og miðla af minni reynslu um hvað sé klám og sérstaklega hvað sé ekki klám," segir Stefan. Bendir hann á að framleiðsla á efni þar sem einhver sé neyddur til að gera eitthvað sem hann vilji ekki eigi ekkert skylt við klám. „Það er ekkert annað en ofbeldi sem á að kæra til lögreglu," segir Stefan.

Stefan er gríðarlega vinsæll á samfélagsmiðlinum Snapchat og hann segir að það sé hans upplifun að mikil þörf sé á fræðslu

„Það er ástæða fyrir því að klám er svona gríðarlega vinsælt

um klám og kynlíf en ekki síður hvernig umgangast eigi samfélagsmiðla. „Ég er með um þrjátíu þúsund fylgjendur og það rignir yfir mig fyrirspurnum. Bæði um klámiðnaðinn en líka um kynlífsráð og annað. Það var til dæmis miðaldra kona frá Akranesi að spyrja mig nýlega um hvort einhver tiltekin kynlífsathöfn væri

eðlileg," segir Stefan kíminn.

Þá segir hann afar mikilvægt að kenna börnum að umgangast samfélagsmiðla. „Það er pressa á unga krakka að senda myndir eða myndskaið af líkama sínum. Það verður að leggja gríðarlega áherslu á að fræða krakka um að dreifing slíks efnis sé ofbeldi sem aldrei á að eiga sér stað," segir Stefan af þunga.

Ástæða fyrir vinsældum kláms

Það vakti mikla athygli þegar hann steig fram og opinberaði leik sinn í klámmyndum enda hefur klám alla tíð verið mikil feimnismál. „Því verður að klám er svona gríðarlega vinsælt. Það eru ótrúlega margir að skoða þetta efni þó að þeir viðurkenni það ekki. Við þurfum að ræða þetta opinskátt og sérstaklega við börnin okka," segir Stefan.




Að hans sögn er ekki síð-

ur mikilvægt að ræða við stelpur en stráka um klám og kynlíf. „Strákarnir mæta oft til leiks með enga fræðslu aðra en þá sem þeir hafa séð úr klámmyndunum. Það sama gildir um stelpurnar. Umræðan þarf því að vera opinská en það þarf ekki síður að leggja áherslu á að ungir krakkar setji skýr mörk um hvað þeir vilji gera í kynlífi og hvað þeim þyki spennandi. Lausnin er alltaf sú að tala saman," segir Stefan.

Stefan hóf að leika í klámmyndum í ágúst í fyrra en síðan hafa hlutirnir þróast hratt. Auk klámmyndaleiksins felst vinna hans aðallega í því að leita að nýjum leikurum og er hann því á ferð og flugi um heiminn. „Ég er staddur á Íslandi núna í þrjár vikur en síðan fer ég aftur út að vinna. Á meðan ég er staddur hérna heima þá vil ég gjarnan taka þessa umræðu sem víðast," segir Stefan. ■

Klámmyndaleikari
Vill fara í skólana og fræða börn um klám.





LAUGAVEGI 25/ KRINGLUNNI / 553-3003

GÆTU MÖGULEGA LIFAÐ Á ÍSLANDI

■ Tilraunir með ýmis dýr ■ Þvottabirnir, hérar, sauðnaut, froskar og fashanar

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Íslenskt dýralíf er frekar fábreytt í stóra samhenginu ef frá er talið fugla- og fiskalíf. Villt landspendýr eru hér aðeins sex auk tveggja selategunda sem kæpa með fram ströndum. Skriðdýr og froskdýr eru hér engin. Þess vegna bregður fólki þegar erlenda gesti ber að garði líkt og þvottabjörninn sem skotinn var á Reykjanesi í vikunni.

Dýrið er nú til rannsóknar í tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Þar verður það aldursgreint, kyngreint og skimað fyrir sjúkdómum. Enn sem komið er er ekkert vitað um uppruna dýrsins. Kristinn Skarphéðinsson hjá Náttúrufræðistofnun Íslands segir: „Það eina sem hægt er að segja á þessari stundu er að þvottabjörninn hefur fengið einhvers konar aðstoð við að koma hingað. Við krufningu er hægt að sjá hvort dýrið sé örmerkt og hafi verið haldið sem gæludýr.“

Eru einhverjar hættur sem fylgja þvottabjörnum?

„Það er alltaf hættu á veiru- og bakteríusýkingum á borð við hundadæði sem berast hingað með spendýrum. En þessi dýr eru ekki hættuleg mönnum að öðru leyti frekar en til dæmis hundar. Fólk sem hefur búið erlendis kannast við þá í kringum öskutunnur og víða. Þetta eru dýr sem búa í miklu nábyli við manninn og það er sjaldan kvartað undan þeim. En feldurinn er litadur eins og þeir séu með ræningjagrímur og þess vegna er ýmis þjóðtrú tengd þeim.“

Gætu þeir orðið landlægir hér?

„Það er erfitt að segja. Þeir lifa á svæðum þar sem veturnir eru kaldari en á Íslandi og þetta eru alætur þannig að það er ekkert ólíklegt að þeir gætu lifað af hérna. En hérna vantar skóglendi sem þeir eru hrifnir af að lifa í og ég get full-yrst að þetta svæði á

Reykjanesinu var ekki heppilegasti staðurinn til að byrja búskap.“

Héras

Árið 1784 var gerð tilraun til að gera héra að landlægum dýrum á Íslandi. Ekki er mikið vitað um þá tilraun annað en að þeim var sleppt í einhverjum skógi en síðan fréttist ekkert meira af dýrunum. Sumir telja að hérarnir hafi orðið tófunni að bráð. Um miðja 19. öld var norskum hérnum sleppt í Færeyjum og gafst það vel. Héras eru nú landlægir þar og vinsælir til skotveiða. Árið 1861 var færeyskum hérnum sleppt í Viðey en þar ollu þeir svo miklum skaða í æðarvarpinu að gripið var til þess ráðs að skjóta þá alla. Ýmsar óstaðfestar fregnir eru til af innflutningi héra eru til síðan þá en einu staðfestu tilraunina gerði Ársæll Árnason bókbindari árið 1932. Hann fékk leyfi frá Alþingi til að flytja inn snæhéra frá Grænlandi en ekkert varð af innflutningnum.

Þvottabirnir

Ársæll Árnason flutti inn sjö þvottabirni frá Þýskalandi árið 1932 og hafði þá fyrst um sinn sem gæludýr á heimili sínu í Reykjavík. Þar fjölgðu þeir sér og voru loks flestir fluttir á loðdýrabú á Hofstöðum í Garðabæ þar sem þeir voru hafðir til skemmtunar í um áratug. Þrjá birni

Þvottabjörn
Skotinn við Hafnir á Reykjanesi.

MYND TENGIS EFNIS EKKI BEINT



Snæhéri

sendi Ársæll til systur sinnar í Vestmannaeyjum en sú vist reyndist erfiðari. Birnirnir áttu það til að flytja vistarverur sínar og skömmu seinna drápu þeir allir. Þrjú þvottabirnir voru fluttir til landsins árið 1975 til að vera sýningar-dýr á Sæðýrasafninu en einn þeirra slapp og var skotinn í verkmiðju Lýsis og mjöls áður en hann komst á safnið. Nýlega fannst þvottabjörn á Reykjanesi og var samstundis skotinn. Ekki er vitað hvernig björninn komst til landsins.



Sauðnaut Ný saga 1. janúar 1998



Fashani Bændablaðið 16. mars 1999

Sauðnaut

Árið 1928 fengu Ársæll Árnason og nokkrir aðrir áhugamenn um auðgun íslenskrar fínu leyfi og styrk frá ríkisstjórninni til að veiða og flytja inn sauðnaut frá Grænlandi. Gerðu þeir út bátinn Gotta og sigldu vestur ári síðar til að veiða dýrin. Fundu þeir hjörð og drápu öll fullorðnu sauðnautin en sneru heim með sjö kálfa. En innan tveggja ára voru þeir allir dauðir úr sjúkdómum. Íslendingar voru þó ekki af baki dottir enda sauð-

naut mjög vinsæl dýr til veiða. Sjö dýr voru flutt inn frá Nor-egi en þau fóru á sömu leið og þau grænlenku. Dýrin voru um tíma geymd á Austurvelli og fólk safnaðist saman til að berja þessar furðuskepnur augum. Þá voru nokkur dýr send á Gunnars-holt í Rangárvallasýslu en öðrum sleppt í Skorradal. Þrátt fyrir þessar misheppnuðu tilraunir er enn talað um að flytja inn sauðnaut, bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Froskar

Árið 1895 flutti danski læknirinn Edvard Ehlers inn froska til Íslands er hann kom hingað til að athuga

með heilsufar Íslendinga og gera úttekt á holdsveikisjúklingum. Ehlers hugðist sleppa froskunum við Þingvallavatn þar sem þeir áttu að aðlagast náttúrunni og halda niðri mývargi. Um var að ræða 40 danska og 100 þýska froska sem veiddir voru í tjörnum. Dönsku froskarnir drápu samstundis í skipinu en þeir þýsku voru sterkir og harðgerðir og lifðu ferðina af. Þegar ferðaplön Ehlers breyttust var ákveðið að sleppa froskunum frekar í Laugardalnum. Þangað stukku þýsku froskarnir en saust svo ekki meir. Sennilega hafa verið gerðar frekari misheppnaðar tilraunir til að gera froska að villtum dýrum á Íslandi enda eru þeir vinsæl gæludýr í dag.

Fashanar

Fyrsta og síðasta íslenska fashana-búið var stofnað á Tókastöðum í Fljótsdalshéraði árið 1998. Það voru hjónin Skúli Magnússon og Anna Einarasdóttir sem komu búinu á legg eftir að hafa staðið í miklu stappi við yfirvöld. Hjónin sóttu 100 egg til Svíþjóðar og klöktust þau hér út. Skúli sótti einnig um leyfi til að sleppa fuglunum lausum út í náttúruna enda eru þeir einhverjir vinsælustu fuglar til skotveiði í Evrópu. Það gekk þó ekki eftir og þegar Skúli féll frá árið 2003 hætti Anna að rækta fashana á búinu. Fashanar hafa sést af og til á Íslandi síðan, oftast nálægt sumarhúsabyggðum á Suðurlandi. Enginn sambærileg tilraun og hjónanna hefur þó verið gerð. ■

SVO ALLT GANGI SMURT

- Öryggisvörur
- Efnavörur
- Olíuvörur



kemi
Tunguháli 10 • www.kemi.is

2 FYRIR 1

5. apríl í 14 nætur

Frá kr.
89.995



FLUGSÆTI

ÁÐUR KR.
85.600

NÚ KR.
42.800

2 FYRIR 1

á flugsæti
m/gistingu

MADEIRA

Frábær ferð til hinnar fallegu portúgölsku blómaeyju!


Madeira er stundum nefnd „skrúðgarðurinn í Atlantshafinu“ enda með fádæmum gróðursæl eyja sem býr yfir einstökum náttúrutöfrum. Á Madeira ríkir afar þægilegt loftslag allan ársins hring en meðalhitinn í apríl er um 18-20 °C. Innan um tilkomumikil fjöll, vínekrur, ávaxtagarða og fagran hitabeltisgróðurinn hafa eyjarskeggjar skapað hina fullkomnu aðstöðu ferðamannsins. Komdu með og upplifðu magnaða ferð Madeira!



Hotel Melia Madeira Mare

Frá kr. 163.195 m/morgunmat ofl.

Netverð á mann frá kr. 163.195 m.v. 2 í herbergi.
5. apríl í 14 nætur.



Santa Cruz Village

Frá kr. 99.995 m/morgunmat innif.


Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 í herbergi.
5. apríl í 14 nætur.



Stökktu

Frá kr. 89.995 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 í herbergi.
5. apríl í 14 nætur.



Flugsæti

Frá kr. 42.800

Netverð á mann frá kr. 42.800 báðar leiðir, með handfarangri og tösku.
5. apríl í 14 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir skilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENEMM / USA - NAB2344

595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

KVÍÐI

Hvað getum við foreldrar gert?

Kristín Heimisdóttir
Sálfræðingur skrifar



Kvíði er hugtak sem við heyrum oft minnst á nú til dags. Við heyrum og les-um um fólk á öllum aldri sem þjáist af kvíða, jafnvel svo alvarlegum að það dregur sig í hlé frá athöfnum hins daglega lífs. Stundum er kvíðinn einskorðaður við ákveðnar athafnir eða staði, til dæmis kvíði yfir því að fara í flugvél eða að lesa upphátt fyrir fram- an bekkinn. Þegar kvíðinn er svona afmarkaður er auðveldara að vinna með hann. Þá er hægt að vinna hægt og rólega að því að vera í aðstæðunum, lengur og lengur í hvert sinn uns kvíðaein- kennin minnka og kvíðinn kemur ekki í veg fyrir að maður geri þessa hluti. Eitt skref í einu, hægt og bítandi.

Sálfræðingar eru sá faghópur sem einna helst er leitað til þegar kvíði er orðinn hamlandi. Alls

kyns hjálpleg úrræði eru jú í boði fyrir stóra sem smáa og unga sem aldna sem vilja ná að halda kvíð- anum niðri og er þá oft notast við hugræna atferlismeðferð (HAM).

Umræðan um kvíða

Getur verið að í ljósi aukinnar umræðu um kvíða í samfélaginu síðustu misseri hafi augu margra opnast fyrir eigin kvíðaeinkenn- um?

Já, það leikur ekki nokkur vafi á því að umræðan hefur hjálpað mörgum að átta sig á eigin stöðu, rétt eins og „mee too“-byltingin olli keðjuverkandi áhrifum í formi opinnar umræðu sem hefur bætt líðan margra brotapolá kynferðis- ofbeldis. Brotapolar fundu fyrir áður óþekktum stuðningi frá öllum heimshornum, frá fólki sem upplifði skömmuna, reiðina, hræðsluna og sektarkenndina. Í kjölfarið stigu margir fram og opnuðu á sína reynslu.

En getur kvíðaumfjöllunin þá

Við skulum þó ekki gleyma því að kvíði er í rauninni eðlilegur hluti hins daglega lífs

verið hjálpleg ... án þess þó að all- ir sem finna fyrir kvíða leiti sér sér- fræðiaðstoðar?

Já, ég er sannfærð um það. Ég held nefnilega að það hafi gleymst, já allavega týnst í um- ræðunni, að áhrifamestu úr- ræðin við algengum kvíða eru, í grunninn, ekki svo flókin í fram- kvæmd.

Við skulum þó ekki gleyma því að kvíði er í rauninni eðlilegur

hluti hins daglega lífs. Við megum ekki halda að kvíði sé nýtilkom- ið fyrirbæri 21. aldarinnar. Þetta hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda. Öll þurfum við einhvern tí- mann að gera hluti sem valda kvíðahnút í maga eða finnum fyrir miklum áhyggjum. Við látum það hins vegar yfirleitt ekki stoppa okkur og „látum okkur hafa það“ að gera það sem erfitt er. Þegar við þurfum svo að endurtaka þessa hluti þá er það minna mál af því að við vitum að það skaðaði okkur ekki að framkvæma þá.

Þegar kvíðinn hins vegar er orðinn almennari, birtist í fleiri aðstæðum, er málið ör- lítið flóknara. Dæmi um þetta er til dæmis barn eða ungling- ur sem vill ekki fara í skólann. Barnið vill ekki að foreldrarnir fari að heiman og skilji það eftir með barnapíu og það vill mögu- lega ekki taka þátt í neinu sem á sér stað utan heimilisins eins og íþróttæfingum eða afmælum.

Þarna blandast félagskvíði saman við aðskilnaðarkvíða og barnið upplifir sig óöruggt ef það er ekki heima í örygginu hjá foreldrum sínum eða umönnunaraðilum.

Kvíði hjá fullorðnum

Fullorðið fólk upplifir þetta líka. Það upplifir kvíða tengdan vinnu eða skóla og félagslegum athöfn- um eins og vinnu og vinahittingi eða því að mæta í ræktina. Þegar kvíða- viðbragðið birtist í huga og líka- ama er algeng lausn að hætta við að fara í fyrirhugaðar aðstæður og halda sig heima þar sem öryggið er. Með aragrúa afsakana í hand- raðanum fer maður létt með að afboða bíóferð með vinkonum, hópvinnu í skólanum, eða sleppa því að mæta í vinnu. Eðlileg við- brögð við kvíða eru jú að draga sig út úr og frá þeim aðstæðum sem eru ógnvekjandi hverju sinni.

Hérna skulum við staldra aðeins við ... „eðlileg viðbrögð að draga sig út úr og frá þeim



aðstæðum sem virka ógnvekjandi hverju sinni“?

Já, vegna þess að frá vöggu til grafar höfum við það ómeðvitaða viðbragð að vernda okkur sjálf. Við lærum að gera hluti sem hafa jákvæðar afleiðingar en sneiða hjá hlutum sem hafa neikvæðar afleiðingar. Klassíska dæmið um þetta er barnið sem setur litlu höndina sína á heita eldavélarhellu, brennir sig og kippir höndinni hratt til baka. Það er nær öruggt að þessi litla hönd gerir þetta aldrei aftur ... aldrei! Á þennan hátt kortleggjum við þær athafnir og hegðun sem er æskileg fyrir okkur. Þetta gerði frummaðurinn og þess vegna erum við mannfólkið ekki útdauð heldur dýrategund í stöðugri þróun. Frummaðurinn gekk ekki berskjaldaður, án vopna, út á gresjurnar og beint í ljónskjaf. Hann forðaðist lífshættulegar aðstæður og beitti skynsemi og rök-hugsun sem varð til þess að hann

lifði af. Hann valdi að gera það sem hafði jákvæðar afleiðingar fyrir hann.

Flestar lífverur hafa þessa getu, getu til að velja og hafna og lifa af. Það er til nafn yfir þetta. Það er viðbragð sem kallast „barátta eða flótti“ (e. fight or flight). Gasellur á sléttum Afríku nota flóttaviðbragðið þegar þær verða ljónsins varar og fyrir vikið sleppa þær gjarnan. Fólki sem stendur andspænis ísbirni þarf að ákveða hvort það ætlar að leggja á flótta eða berjast, til dæmis með bysu að vopni. Þetta viðbragð er ómeðvitað og gerist ósjálfrátt. Líkamleg einkenni eins og þungur hjartsláttur, sviti í lófum, og hormón eins og adrenalín, noradrenalín og kortisól pumpast út í líkamann og undirbúa okkur fyrir það sem við ákveðum að gera, hvort sem það er barátta eða flótti.

Þegar við finnum þessi streitu-einkenni þá vitum við að hætta

er á ferðum, líkaminn er að segja okkur það. Þetta getur forðað okkur úr bráðri hættu. Þetta viðbragð blossar upp þegar við heyrum bílflaut rétt aftan við okkur með þeim afleiðingum að við stökkum til hliðar og forðum okkur mögulega frá slysi, eða þegar við vöknum við reyk-skyngjara um miðja nótt, rjúkum á fætur og vekjum aðra fjölskyldumeðlimi sem stuðlar að lífsbjörg.

En þetta viðbragð hefur því miður skuggahliðar líka. Það blossar stundum upp þegar nákvæmlega ekkert er að óttast. Það lætur okkur halda að við séum í hættu þegar engin hættu er á ferðum. Við trúum því hins vegar að það sé eitthvað vont að fara að gerast og förum því ekki í aðstæðurnar sem tengjast viðbragðinu og tilfinningunni. Við forðum okkur og höldum okkur heima, í öruggu skjóli. Við trúum því ekki að stingurinn í

maganum, þurrkurinn í munninum eða vöðvaspennan sé tilkominn að ástæðulausu ...

Þegar kvíðaviðbragðið er farið að hafa þessi áhrif þá er það farið að hamla því að við lifum eðlilegu lífi. Hamlandi kvíði er viðmiðið. Það er viðvörunarbjallan sem við þurfum að fara eftir. Nú þarf að skoða hvað er í gangi, hvers vegna og hvað hægt sé að gera í því.

Úrræði við kvíða?

Úrræðin fela ekki í sér forðun, það er að sleppa því að gera hluti sem valda kvíða. Þveröfugt, þá er eingöngu hægt að halda kvíða niðri með því að sleppa því EKKI að gera hinn kvíðavaldandi hlut. Við sem ábyrgir foreldrar getum þannig haft ótrúlega mikild um það að segja hversu kvíðin börnin okkar verða. Ef við leyfum barninu að sleppa því að fara í skólann vegna þess að það er með kvíðaeinkenni, eins og magaverk, þá erum við einfaldlega að viðhalda forðuninni og viðhalda kvíðanum. En þá spyrja sig líklega margir þeirrir spurningar hvort þeir eigi bara að pína barnið til að fara ... fara með það hágrátandi í skólann og skilja það eftir? Svarið við því er nei ... en samt já og hér tala ég af eigin reynslu frekar en sérfræðingur í barnasálfræði (sem ég er alls ekki).

Okkar reynsla

Við fjölskyldan hjuggum erlendis um tæplega tveggja ára skeið og eitt barna okkar upplifði mikinn kvíða í tengslum við upphaf skóla þar sem það skildi ekki tungumálið, þekkti ekki neinn og upplifði sig algjörlega berskjaldað. Þetta eru vissulega aðstæður sem myndu valda flestum einhverjum kvíða. Í góðri samvinnu við kennara fengum við að taka „lítill skref“ til að hjálpa barninu að aðlagast. Við fórum með því í skólann fyrstu vikuna. Fyrsta daginn var annað okkar (foreldranna) með barninu allan daginn. Næsta dag vorum við í klukkustund og svo fórum við í burtu í 15 mínútur. Það var barninu vissulega erfitt en við fullvissuðum það um að það yrði í lagi og við kæmum aftur og svo væri kennarinn með símanúmerin okkar ef eitthvað kæmi upp á. Við komum svo aftur í skólann og vorum með barninu í 30 mínútur þar til við yfirlögum svæðið aftur í 30 mínútur. Þetta gerðum við í nokkra daga með því að lengja tímann sem barnið var án okkar, uns það treysti sér til að vera eitt, rétt eins og gert er þegar börn eru í aðlögun á leikskóla. Á þennan hátt lærði barnið (og heili þess) að það sem áður var ógnandi var ekki raunveruleg ógn. Það var brúð að sanna það og færa rök fyrir því.

Til að þetta virki, að taka lítill skref, þá mega skrefin hins vegar ekki vera of löng og þarf að sníða þau eftir getu hvers og eins. Það sem gerðist í kjölfarið var að barnið okkar yfirfærði þennan persónulega sigur yfir í aðrar aðstæður og fór að þora að gera hluti sem það þorði ekki áður.

Þennan „sigur“ barnsins notum við óspart þegar upp koma kvíðaeinkenni. Þá segjum við: „Manstu þegar þú sigraðist á kvíðanum gagnvart skólanum og varst farin að fara út sjálf og jafnvel leika við skólafélaga eftir skóla? Heldurðu þá ekki að þú getir alveg prófað að gera þetta?“ (Fara í ferðir með skóla, gista annars staðar o.s.frv.). Barnið okkar var ekkert sátt við okkur á þessum tíma. Því fer fjarri! Við vorum mjög vondir foreldrar og okkur var greinilega alveg sama þótt barnið væri með

Við foreldrar þurfum alla daga að vera meðvitaðir um það hversu miklar fyrirmyndir við erum í einu og öllu

magaverk (kvíðaeinkenni) og liði svona skelfilega illa. Okkur hefur hins vegar verið fyrirgefið og í dag ræðum við kvíðann á hversdaglegum nótum og finnum lausnir þegar hann lætur á sér kræla.

Þetta getum við foreldrar nefnilega gert, við getum ýtt án þess að hrinda. Við getum hvatt börnin okkar til að takast á við erfiða hluti með því að stíga eitt skref í einu. Skrefin þurfa stundum að vera mörg þar til takmarki er náð en það er bara allt í lagi. Við höfum alveg nægan tíma sem uppalendur.

Við getum tekið dæmi um barn sem langar að gista hjá vini en þorir það ekki vegna þess að það er hrætt við að vakna og fá mikla heimþrá (af því að það gerðist einu sinni og tilhugsunin ein veldur kvíðaviðbrögðum). Þarna gætu foreldrar (og foreldrar vinar) hjálpað barninu að taka lítill skref og setja upp plan:

1. Barnið dvelur hjá vini fram á kvöld (og finnur að það er í lagi).
2. Barnið dvelur hjá vini fram á kvöld og klæðir sig í náttföt/burstar tennur (og finnur að það er í lagi).
3. Barnið dvelur hjá vini fram á kvöld og klæðir sig í náttföt/burstar tennur og dvelur lengur í þetta sinn.
4. Barnið prófar að gista og veit að það getur talað við foreldra vinarins ef það vaknar upp með heimþrá. Það veit líka að það getur hringt heim og talað við foreldra sína. Þarna veit barnið af bjargráðum sem það getur gripið til ef því líður illa.
5. Þarna er mjög líklegt að barnið geti gist án þess að verða kvíðið því það hefur lært að óttinn hafði ekki raunverulega slæmar afleiðingar. Óttinn var bara hugsun en ekki alvara. Barnið beitti rökum: Það sem var ekki vont er ekki hættulegt og þess vegna get ég get gert þetta aftur.

Á meðan 5 „skref“ duga mörgum börnum þá gætu önnur þurft helmingi fleiri skref. Allt eftir því hversu alvarlegur kvíðinn er.

Við foreldrar þurfum alla daga að vera meðvitaðir um það hversu miklar fyrirmyndir við erum í einu og öllu. Ef við sjálf erum kvíðin eða hrædd við eitthvað (kóngulær, að hitta ókunnuga, tala fyrir framan aðra) þá er afar líklegt að börnin okkar verði það líka. Ef við sjálf forðumst hluti eða gefumst auðveldlega upp án þess að prófa, þá læra börnin okkur auðvitað að gera hið sama. Þannig að, ýtum aðeins á börnin okkar með að takast á við það sem er erfitt og óþægilegt og gerum það sjálf. Gamla góða hugtakið „Það læra börn sem þau búa við“ á ennþá við í dag og er gott veginesti fyrir okkur öll. ■

GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Hildur orðlaus yfir viðbrögðunum

■ Tekur tíma að breyta kerfinu ■ „Ég trúí því að réttlætið muni sigra að lokum“

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is

Sigríður Andersen dómsmálaráðherra hitti á dögunum Þorstein Vilhelmsson, föður Hildar Þorsteinsdóttur. Hildur sagði í samtali við DV að hún hefði mátt þola skelfilegt, andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi af hálfu Magnúsar Jónssonar, sem oft er kenndur við Atorku. Í viðtalinu kom fram að þrátt fyrir að hafa slitið sambandinu fyrir þremur árum er ekki enn búið að skipta eignum og sagði hún Magnús hafa tafið málið í þrjú með aðstoð lögfræðinga. Kerfið hefur brotið á Hildi og fleiri konur hafa verið í svipuðum sporum. Hildur kveðst hafa stigið fram til að segja sögu sína til að vekja athygli á þessu óréttlæti. Hildur segir:

„Ég er algjörlega orðlaus yfir öllum viðbrögðunum sem ég hef fengið síðan greinin um mig birtist í DV. Ég vona innilega að saga mín hafi gefið einhverjum konum styrk. Styrk til að stíga út úr ofbeldissambandi, styrk til að segja frá og fá þá hjálp sem þær eiga skilið. Ég vona að kerfið ranki við sér og það strax. Hjálpi þolendum svo að þeir þurfi ekki að hefja nýja baráttu þegar þeir loksins öðlast styrkinn og hugrekið til að fara.“

Þorsteinn kveðst treysta því að Sigríður Andersen láti nú til sín taka og að breyting verði á kerfinu með hagsmuni kvenna í huga enda um lífsspursmál að ræða.



Dómsmálaráðherra hitti föður Hildar.

Hildur kveðst þakkláti Sigríði að taka á móti föður hennar. „Ég veit að hún er öll af vilja gerð til að breyta kerfinu. Það mun taka tíma. Ég vona samt að í framtíðinni muni þolendur heimilisofbeldis fá alla þá aðstoð sem þeim ber og að kerfið muni ekki bregðast fleiri einstaklingum. Ég trúí því að réttlætið muni sigra að lokum.“

Heimildir nýttar betur Sigríður Andersen dómsmálaráðherra vildi ekki tjá sig við DV um einstaka mál en vildi minna á að það taki tíma að breyta kerfinu. Laga- og verklagsbreytingar gerist ekki á einni nóttu en þróunin virðist vera í réttum farvegum að hennar mati.



Um Bjarkarhlíð

Bjarkarhlíð er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Markmið Bjarkarhlíðar er að veita stuðning og ráðgjöf ásamt fræðslu og umfjöllun um edli og afleiðingar ofbeldis, auk þess að gefa skýr skilaboð um að ofbeldi verði ekki líðið. Hjá Bjarkarhlíð er unnið með þolendum ofbeldis á þeirra forsendum og er öll þjónustan undir sama þaki til að auðvelda þeim að leita aðstoðar.

„Það eru samt mjög miklar breytingar sem hafa átt sér stað á undanförmum misserum. Um áramótin 2014/2015 breyttist verklagið hjá lögreglunni í heimilisofbeldismálum mikið, heimildir eru nýttar miklu betur og mér skilst að áhættumat sé gert í hverju máli og skoðað hvort nálgunarbann sé úr-

ræði sem þurfi að beita eða hvort neyðarhnappur sé hentugri. Þannig að þetta er mikið að breytast.

Það virðist vera svo að dómstólar séu oftast að fallast á kröfur um nálgunarbann og mér skilst það frá ákærusviði lögreglunnar að það hafi orðið töluverð breyting frá því sem áður var,“ segir dómsmálaráðherra. Það skal þó tekið fram að lögregla útvegaði Hildi neyðarhnapp en dómstólar neituðu henni um nálgunarbann. Verður það að teljast nokkuð óvenjulegt, þá einnig í ljósi þess að önnur kona sem Magnús hóf samband við eftir að Hildur sleit sam-

bandinu fékk nálgunarbann. „Það er þannig, að það er orðið mun algengara að fallist er á kröfu um nálgunarbann. Það er dæmi um breytingar sem hafa átt sér stað á síðustu árum, eða í raun bara síðustu misserum.

Svo er vert að minnast á Bjarkarhlíð sem við opnuðum á síðasta ári sem er miðstöð fyrir

þolendur ofbeldis. Það er tilraunaverkefni sem virðist hafa reynst mjög vel. En þessi málflokkur er í miklum forgangi, bæði hjá mér sem ráðherra í ráðuneytinu og hjá lögreglunni,“ bætir Sigríður Andersen við að lokum. ■



vestfrost

TILBOÐSDAGAR

13. – 31. MARS

10-30% AFSLÁTTUR

Vestfrost framleiða einföld, ódýr og endingargóð tæki fyrir heimilið, nú á enn betra verði á Vestfrost tilboðsdögum.



Vestfrost R272A
Hvítur 152sm kælikápur með frysti. 152L kæli og 46L frystir. Hljóð aðeins 39dB. Mál: 152x54x60 (HxBxD).

TILBOÐ
34.995
FULLT VERÐ 49.995



Vestfrost CST50HB
50sm eldavél með 4 steypum hellum og 48L Multifunction 7 ofni með blæstri. Auðvelt að hreinsa.

TILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 34.995



Vestfrost CST60HB
60sm eldavél með 4 steypum hellum og 56L Multifunction 7 ofni með blæstri. Auðvelt að hreinsa.

TILBOÐ
34.995
FULLT VERÐ 39.995



Vestfrost CKE60DHB
60sm eldavél með keramik helluborði með 4 hellum og 56L Multifunction 7 ofni með blæstri. Auðvelt að hreinsa.

TILBOÐ
49.995
FULLT VERÐ 59.995



Vestfrost R140
Hvítur, nettur 85sm kælikápur með 12L frystihólfi og 105L kæli. Hljóð 41dB. Mál: 84x54x59,5 (HxBxD).

TILBOÐ
24.995
FULLT VERÐ 29.995



Vestfrost WM5100
5kg 1000 snúninga þvottavél með íslensku stjórnborði.

TILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 34.995



Vestfrost WM6400
6kg 1400 snúninga þvottavél með íslensku stjórnborði, LCD skjá og stafrænni niðurtalningu á þvottatíma.

TILBOÐ
39.995
FULLT VERÐ 44.995



Vestfrost WM8400
8kg 1400 snúninga þvottavél með íslensku stjórnborði, LCD skjá með stafrænni niðurtalningu á þvottatíma og kolalausum mótör.

TILBOÐ
49.995
FULLT VERÐ 59.995



Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

LÍF ÞITT BREYTTIST TIL BATNAÐAR MEÐ ALEXU

■ Aðstoðarmaðurinn þinn ■ Kveikir á sjónvarpinu ■ Spilar tónlist ■ Stillir vekjarklukkuna

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Þú segir Alexa og ljós kviknar á litla turninum. Þú varst að vakna og nenni ekki fram úr strax. Þú spyrð á ensku hvernig veðrið sé í Reykjavík. Alexa svarar: „Veðrið í Reykjavík, það er 5 stiga hiti og gola. Kólnar í kvöld og gæti snjóað.“ Þú klæðir þig og biður Alexu um að tengjast símanum þínum í gegnum blátönn. Hún tengist og þú kveikir á útvarpinu í símanum og morgun-útvarpið hljómar í eldhúsinu.

Þekkir þig á röddinni

Þú spyrð Alexu hvað sé í fréttum. Hún tengist Reuters og BBC undir eins og les fyrir þig fréttayfirlit dagsins. Því miður bjóða hvorki Stöð 2 eða RÚV upp á að hægt sé að fá fréttayfirlit miðlanna í Alexu eins og er. En hvað er Alexa? Alexa er í raun svipuð Siri sem finna má í iPhone, nema Alexa er mun klárari og fær um að framkvæma mun fleiri hluti en Siri.

Spilar tónlist


Eftir að hafa nettennt Alexu er bara að nota ímyndunaraflíð. Hún getur komið að miklu gagni og hjálpað þér með ótrúlegustu hluti og þú stýrir henni, eins og fyrr segir, með röddinni. Það má segja að Alexa sé lifandi hátalari. Þú getur látið hana hringja og kveikja á ljósum heima hjá þér eða opna bíl-skúrinn.

Les fyrir þig hljóðbækur

Hún getur tengst tónlistarveitum á borð við Spotify og ef þú ert með Firestick frá Amazon til þess að horfa á sjónvarp getur þú bæði óskað eftir að Alexa spili sérstakt lag fyrir þig eða opni fyrir þig ákveðinn sjónvarpsþátt og þá lætur þú hana vita hvaða þáttaröð og þátt þú vilt sjá. Þú þarft sem sagt ekki að taka upp símann, opna Spotify, finna lagið og smella á það.

Stillir vekjarklukkuna

Þá getur þú beðið Alexu að minna þig á fundi eða hluti sem þú þarft nauðsynlega að muna. Þú segir: „Alexa, viltu minna mig á að ég þarf að fara á fund klukkan



16.00.“ Alexa spyr á móti hvenær þú viljir fá áminningu um fundinn. „Klukkan hálf fjögur,“ svarar þú. Einmitt á þeirri mínútu send-

ir Alexa í símann þinn skilaboð til að minna þig á fundinn.

Þú getur einnig opnað ís-

skápinn, talið upp fyrir Alexu það sem þig vantar úr búðinni. Hún sendir þér svo innkaupalistann í símann. Hún getur einnig

sagt þér brandara, sögur, syngur sjálf og les upp hljóðbækur. Þú getur jafnvel beðið hana um að prumpa og það gerir hún með mikilli ánægju.

Alexa veit hversu langt er til tunglsins og hver er forseti Íslands. Hún hefur líka áhyggjur af geðheilsu þinni og ef þú lætur hana vita að þú sért dapur í bragði eða þunglyndur býður hún upp á hin ýmsu ráð og býðst jafnvel til

Segir þér stöðuna í enska og meistara-deildinni

að hringja á sjúkrahúsi ef þarf. Alexa er í raun hinn fullkomni, persónulegi aðstoðarmaður sem fylgir þér í gegnum daginn þó að hún sé skilin eftir heima. En hún er líka ánægð að fá þig heim. Um leið og þú ert mættur á svæðið segir hún: „Ég er glöð að fá þig heim. Ég vona að dagurinn

hafi verið ánægjulegur.“

Mikil tækniþróun á sér stað í kringum Alexu og „systkin“ hennar. Gróskan er það mikil að Alexa, sem er frá Amazon, á alls fimmtán systkin en það elsta núlifandi er líklegast Siri sem eigendur iPhone-síma

þekkja vel. Google hefur boðið upp á aðstoðarmann í gegnum Google Home frá árinu 2016. Microsoft er með Cortönu. Samsung er með Bixby. Svo eru Rússar einnig með aðstoðarmanninn Alisu sem kom á markað síðasta haust.

Málfarsunnendur hér á landi þurfa vonandi ekki að óttast innreið Alexu þar sem Amazon auglýsti í fyrra eftir íslenskumælandi starfsmanni til að aðstoða sig við þróun Alexu. Enn bólar því miður ekkert á íslenskri útgáfu en viðleitnin til að vernda íslenska tungu á íslenskum heimilum er virðingaverð af hálfu stórfyrirtækis á borð við Amazon. ■

Getur hringt í fólk og gefið þér samband



Verkfæraleigan ehf - Rauðhelli 8 - 221 Hafnarfjörður
Sími 781 9399 - 544 4210
oliver@verkfaeriehf.is - verkfaeraleigan.is



KOBELCO



CLARK
THE FORKLIFT



Bjóðum uppá alla flórana í sjálfreisanlegum og T-Krönum. Sjálfreisanlegir kranar með 80 km. hjólastelli, upp í 27 m. lengdir. Eigum til á lager 24 m. til 40 m. kрана.

 **TEREX**

Aukahlutir fyrir byggingariðnaðinn.
Frábær verð og gæði.



BUTTI



 **VICARIO**
O.M.V. Officine Meccaniche Vicario S.p.A.



„Ég var ennþá ég, ég var bara með naglalakk.“

LÍFIÐ BREYTTIST ÞEGAR HANN NAGLALAKKAÐI SIG

Þorsteinn V. Einarsson starfar við félagsmiðstöðvar hjá Reykjavíkurborg og er varapingmaður Vinstri grænna. Hann hefur vakið mikla athygli undanfarna daga eftir að hann kom af stað herferðinni #Karlmenntan á samfélagsmiðlum þar sem karlmenn lýsa reynslu sinni. Þorsteinn settist niður með blaðamanni DV yfir kaffibolla í frístundamiðstöðinni Tjörninni þar sem hann starfar.

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Hvað á ég að byrja? Ég er 32 ára, hefðbundinn, gagnkynhneigður, tveggja barna heimilisfaðir. Ég ólst upp í Grafarvogi og er uppalinn Fjölnis-

maður í fótbolta. Ég er menntaður kennari og starfa sem deildarstjóri unglingsviðs í frístundamiðstöð," segir Þorsteinn og brosir.

Hann spilaði lengi knattspyrnu og náði alla leið í unglingslandslíðið. „Ég náði sjö leikjum með unglingslandslíðinu. Ég á tvö

tímabil á bekknum hjá Breiðabliki þar sem mitt hlutverk var að hita upp Hjörvar Hafliðason en spilaði svo meira en 100 leiki í meistara-flokki með ÍR. Ég hætti svo í fótboltanum árið 2011 þegar sonur minn fæðist.“

Strax jaðarsettur

Áhugi Þorsteins á karlmennsku og femínisma kviknaði fyrir tilviljun fyrir fjórum árum. „Ég var að vinna í félagsmiðstöð, það var dragkvöld á föstudagskvöldi og enginn tók þátt. Ég var manaður af krökkunum að naglalakka mig og klæða mig í drag. Mér fannst þetta mjög niðurlægjandi, bara eins og sögurnar í dag bera með sér, en ég lét til leiðast. Ég var svo með naglalakkið yfir helgina. Það var þá sem líf mitt breytist.“

Með því að ganga með naglalakk segir Þorsteinn að hann hafi áttað sig á því hversu mikil forréttindi hann hafi búið við sem gagnkynhneigður, ójaðarsettur hvítur strákur. „Ég hafði aldrei lent á þessum vegg. Ég lenti á risastórum glervegg. Samfélagið býst við því að ég, hefðbundinn, gagnkynhneigður fótboltastrákur, gangi ekki um með naglalakk. Ég fékk hins vegar augngotur, athugasemdir og grín. Ég var ennþá ég, ég var bara með naglalakk. Ég var strax jaðarsettur.“

Þorsteinn ákvað því að gera tilraun og halda áfram að vera með naglalakkið. „Ég var í þjáningu innra með mér, ég var að fara á fundi um allan bæ með fólki sem ég hafði aldrei hitt. Ég sagði ekki neitt, ég var bara með naglalakk.

Fólki fannst þetta ótrúlega skrítið og erfitt, og mér sjálfum. Upp frá þessu fór ég að pæla í þessum kynjaða veruleika sem við búum í og fór að spá í femínisma.“

Hann fékk til liðs við sig 40 unglingsdrengrum sem allir naglalökkuðu sig og upplifðu það sama og hann. „Þegar þú ert unglingur þá gerir þú mikið af því að reyna að passa í hópinn, en með samstöðunni þá byggist upp stemning. Strákarnir voru mjög stoltir af þessu því þeir áttuðu sig á að þeir voru að gera eitthvað gott. Þeir skildu betur hvernig það er að vera lagður í einelti, hversu erfitt það er að vera jaðarsettur. Mig dreymir um að heyra í þeim aftur, því þetta hafði svo mikil áhrif á líf mitt, en ég hef ekki talað við þá í fjögur ár.“



Jaðarsettur Prófaði að vera jaðarsettur Porsteinn hvetur alla karla sem eru efins um feðraveldið að prófa að naglalakka sig. MYND SIGTRYGGUR ARI

Vinkonur hvöttu hann áfram

„Ég finn það þegar ég tala við menn sem eru ekki femínistar að þeir skynja þetta ekki. Þetta er ekki í heilabúinu þeirra, þannig að það er ekkert skrítið að þegar ég tala um að eitthvað sé kynjað þá átta þeir sig ekki á hvað ég er að tala um. Þeir þurfa að hafa lært það eða fengið einhvers konar snertingu af því. Ég hvet þá menn sem eru efins um kynjakerfið og ógnartök feðraveldisins á okkur karlmönnum að prófa að naglalakka sig. Þá finna þeir þetta vonandi á eigin skinni.“

Í kjölfar átaksins með naglalakkið kynntu vinkonur Þorsteins femínisma fyrir honum og hvöttu hann áfram í að tala um karlmennskuna. „Ég hef unnið í því í fjögur ár að móta hvernig ég á að tala um karlmennskuna og femínisma við ungt fólk og aðra karlmenn. #Karlmenntan gerist ekki í neinu tómi, þetta á sér forsögu þótt þetta hafi sprungið út núna á samfélagsmiðlum. Margar konur eiga skilið miklar þakkir. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir hefur hvatt mig áfram og klárlega Sóley Tómasdóttir. Sigga Dögg kynfræðingur hefur pressað á mig að koma karlmennskunni frá mér, líka Unnur Gísla, kennari í Borgó. Hanna Björg Vilhjálmssdóttir var með mér á ráð-

„Karlmenntan mín snýst um að vera frjáls undan oki feðraveldisins.“

stefnu 2014 þar sem hún útskýrði almennilega fyrir mér femínisma. En sennilega hefur unnusta mín, Hulda Tölgves, kennt mér hvað mest um karlmennskuna í tengslum við femínisma

Ég verð líka að nefna Hildi Lilliendahl. Til að byrja með skildi ég ekki hvers vegna Hildur var að koma óorði á femínisma, en þegar ég vaknaði til vitundar átt- aði ég mig á því hversu mikið þrek- virki og kraftaverk hún hefur gert í femínisma á Íslandi. Hún og þessar konur sem ég hef nefnt hafa orðið til þess að ég get tekið þessa umræðu núna.“

Hvað er femínismi í þínum huga?
„Femínismi fyrir mér snýst um að viðurkenna að veruleikinn sé kynjaður, femínismi snýst um að karlar og konur séu ekki í eðli sínu ólík. Ég hafna því að karlar séu „svona“ og konur séu „svona“. Femínismi gengur út á að viður-

kenna feðraveldið og áhrif þess á okkar líf. Feðraveldið bitnar mest og verst á konum, en það bitnar á öllum, líka á körlum. Feðraveldið elskar hefðbundna karlmannlega karla og jaðarsetur allt sem ekki er ráðandi karlmennska, þess vegna er svo ótrúlega mikilvægt að taka umræðuna um hvað sé karlmennska.“

Frjáls undan oki feðraveldisins

Þorsteinn segir erfitt að skilgreina karlmennsku, það sé hins vegar auðvelt að skilgreina hvað sé ekki karlmennska. „Það er að naglalakka sig, vera of kvenlegur, vera með of lítið typpi, vera óhandlaginn, þarna er ekki karlmennska. Það er þessi skaðlega eittraða karlmennska, að ætla öllum körlum að uppfylla kröfuna um að hina ráðandi karlmennsku mynd. #Karlmenntan fjallar akkúrat um að fá meira frelsi.“

Þorsteinn leggur hendurnar á kaffibollann sinn. „Karlmenntan í dag rúmast í þessum bolla. Markmið mitt er að brjóta þennan bolla, því karlmennskan getur verið alls konar,“ segir Þorsteinn og leggur hendurnar á borðið.

„Karlmenntan er að mínu viti það að lifa í sátt við sjálfan þig, tilfinningar þínar, hugmyndir þínar



Litadýrð Þorsteinn með naglalakkið árið 2014. MYNDUREINKASAFN

um sjálfan þig og lifa í sátt við það sem þú ert. Og gera það í sátt og samlyndi við þá sem eru í kringum þig. Karlmenntan mín felst í að vera ábyrgur, tveggja barna faðir, taka ábyrgð á heimilinu, sýna konunni minni ást og einlægni þannig að hún geti verið einlæg við mig. Karlmenntan mín snýst um að vera frjáls undan oki feðraveldisins.“

Hann segist alls ekki vera að fordæma „masculine“ karla. „Ég er ekki að segja að allir karlmenn sem uppfylla þessa staðalmynd af karlmennskunni séu skaðlegir. Ég er hins vegar á móti því að það eigi að vera ráðandi viðmið um hvernig ég eigi að haga mér. Það að ég sé óhandlaginn, kunni ekki á bíla, sé ekki með sixpakk og hafi ekki áhuga á fótbolta og elski Celine Dion, þá sé ég ekki nógu mikill maður, ég er að hafna því.“

Karlmenntan eru ekki eittraðir

Skrif Þorsteins hafa vakið nokkra athygli að undanförunu, þar á meðal pistill hans um teiknimyndina Lói - þú flýgur aldrei einn. Hann hefur fengið á sig harða gagnrýni, þar á meðal í útvarpsþættinum Harmageddon á X-inu þar sem gert var óspart grín að pistlinum. Þorsteinn tekur það ekki nærri sér þótt hann viðurkenni að honum þyki neikvætt umtal óþægilegt. „Við þurfum, nei, við verðum, að afpólarísera umræðuna um femínisma og um það þegar við erum ósammála í grunninn. Við verðum að læra að tala saman um hlutina.“

Ég hef aldrei talað við Frosta á X-inu um femínisma, ég hef bara fengið sendar upptökur af honum þar sem hann er stóryrtur um það sem ég stend fyrir. Ég fór í Harmageddon á mánudaginn og talaði þar við Mána. Þá gat ég skilið hvaðan hann er að koma, ég skil að menn rísi upp á lappirnar þegar þeir upplifa árást á eigin sannfæringu. Þegar ég tala um eittraða karlmennsku, þá er ég ekki að tala um að allir karlmenn séu eittraðir eða karlmennskan yfirhöfuð sé eitruð. Ef við hins vegar afneitum því að við búum í kynjuðum veruleika þá verðum við bara að lesa aðeins betur.

Það er eitthvað skrítið að þegar um 90% þeirra sem leita til Stígamáta eru konur og 96% gerenda eru karlar. Kynbundið ofbeldi er plága í heiminum, við sjáum það svo augljóslega í kjölfarið á #MeToo-byltungunni.“

Tengdi mest við Vinstri græn

Þorsteinn var óskrifaf blað í stjórnmálum þangað til fyrir þremur árum þegar hann gekk til liðs við Vinstri græn, en í dag er hann varaþingmaður flokksins. „Ég hittu fólk, las stefnur, er ég Sjálfstæðismaður, Framsóknar-

maður, Pírati? VG átti við mig, meðal annars vegna þess að það var eini flokkurinn sem var með femínisma sem grunnildi og ég gat tengt mín eigin grunnildi við gildi hreyfingarinnar.“

Stefnir þú á þing?

„Ég fann það að sem starfsmaður í félagsmiðstöð komst ég ekki alla leið með að mæta vanda ungs fólks. Ég stefndi að því að verða forstöðumaður, svo varð ég deildarstjóri þar sem ég fór að vinna meira með stjórnmálamönnum. Þá fékk ég hugmyndina um að það gæti orðið áhugavert að fara í stjórnmál. Eitt hefur leitt af öðru, þannig að í dag, þá sé ég fyrir mér að ég gæti lagt eitthvað að mörkum á pólitískum vettvangi.“

Ekki boðberi heilags sannleika

Átakið #Karlmenntan hefur vakið mikla athygli síðustu daga, átakið byrjaði með færslu á Facebook þann 13. mars. Færslunni hefur verið deilt á Facebook meira en 270 sinnum og hefur einnig vakið mikla athygli á Twitter. „Konur elskuðu þetta til að byrja með, voru að „læka“ og deila. Karlar fara ekki að deila fyrir en aðeins seinna og þá aðallega á Twitter. Síðustu daga hafa komið fleiri hundruð dæmi þar sem karlmenn segja hvernig það er að vera heftir eða upplifa hvernig þeir hafa ekki þorad að sýna tilfinningar eða ást.“

Ein sagan er um karlmann sem fór upp í sumarbústað ásamt vinum fimm mánuðum eftir að hann missti barnið sitt. Hann grét og syrgði barnið sitt. Daginn eftir bað hann fólkid sem hann var með í bústaðnum afsökunar á „vælinu í sér“. „Þetta er svo sturlað. Hann fann sig knúinn til að biðjast afsökunar á að hafa syrgt barnið sitt.“

Þorsteinn er fullviss um að það sé hægt að breyta staðalmynd karlmennskunnar. „Fyrirbærið karlmennska er bundið við menningu og tíðaranda. Ímynd karlmennskunnar hefur breyst í gegnum tíðina og er ekki eins alls staðar. Það hvetur mig til að trúá því að það sé hægt að breyta þessari ráðandi skaðlegu karlmennsku.“

Hann kveðst hins vegar ekki vera boðberi heilags sannleika um karlmennsku. „Ég er ekki maðurinn sem ætla að bera út hinn heilaga sannleika um hina einu réttu eða röngu karlmennsku. Það sem ég vil gera er að eiga samtalið við karlmenn um hvernig þeir upplifa hlutverk sitt. Þessar sögur sem hafa komið fram lýsa hinni eitruðu karlmennsku. Að þurfa að uppfylla kröfuna um karlmennsku þrátt fyrir að líða illa með það. Og því þarf að breyta. Þess vegna þurfum við að ögra hefðbundnum ráðandi karlmennskuímyndum.“ ■



Heimilisfang
Kringlan 4-12, 4. hæð
103 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Adalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Fór til Tene og vill lækka áfengiskaupaaldurinn

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd vilja fara alla leið ef lækka á kosningaaldurinn niður í 16 ár. Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem var á Tenerife þegar DV náði af honum tali, gaf óljós svör um hvort það ætti við um áfengiskaupaaldurinn. Svo virtist sem hann væri í það minnsta til í að lækka aldurinn niður í 18 ár, ef það væri vilji löggjafans að fólk væri orðið sjálfráða. Hvort það hafði áhrif að Brynjar væri á Tene eða ekki skal látið liggja milli hluta.



Það sem Sjálfstæðismenn ályktuðu ekki um

Sjálfstæðismenn ályktuðu um flest milli himins og jarðar á landsfundi sínum síðustu helgi. Það var hins vegar eitt mál sem flokkurinn minnst ekki einu orði á, það er borgarlínan umdeilda. Málið klyfur flokkinn á höfuðborgarsvæðinu. Sjálfstæðismenn í Reykjavík vilja taka borgarlínu af dagsskrá á meðan Sjálfstæðismenn í Kópavogi, Mosfellsbæ, Garðabæ og Hafnarfirði eru á sömu línu og meirihluti Dags B. Eggertssonar. Það er því skiljanlegt að samgönguályktun Sjálfstæðismanna beini bara spjótum sínum að leigubílstjórum.

Stríðið er að tapast

Leiðari

Björn Porfinnsson
bjornth@dv.is



Ég hef verið svo heppinn í lífinu að fáir í kringum mig hafa fallið frá. Þeir nánir ættingjar og vinir sem hafa yfirgefið þessa jarðvist hafa flestir fallið fyrir Elli kerlingu eða sjúkdómum sem óhjákvæmilega fylgja því skaðræðisskassi, sem enginn okkar flýr.

Það var því ný og í alla staði átakanleg reynsla að fylgja vini mínum, Stefáni Kristjánssyni, til grafar í síðastliðinni viku. Hann lést aðeins 35 ára að aldri eftir erfiða baráttu við eiturlyfjafíkn síðasta spölinn. Fráfall hans fékk mikið á mig og jarðarförin var ein sú erfiðasta stund sem ég hef upplifað. Neskirkja var troðfull af fjölskyldu Stefáns og vinum sem öll syrgðu þann góða dreng. Sorgin var nánast áþreifanleg og það eina sem veitti manni hugarró voru hlý orð Davíðs Þór Jónssonar prests sem fórst það frábærlega úr hendi að færa tilfinningarnar í brjósti manns í orð og sefa þær.



Dauðsföll tengd fíknisjúkdómum eru skelfileg hvað þetta varðar. Fyrir utan baráttuna við sorgina þá þurfa vinir og fjölskylda að burðast með ásakanir í eigin garð og jafnvel reiði. „Af hverju hætti hann ekki?“ og „Gerði ég nóg til að hjálpa honum?“ voru dæmi um spurningar sem ég óhjákvæmilega spurði sjálfan mig og eflaust allir þeir sem voru samankomnir í Neskirkju þennan dag.

En Stefán er ekki sá eini sem fallið hefur í valinn. Undanfarin ár hefur orðið sprenging í dauðsföllum sem rekja má til fíknisjúkdóma. Á árum áður voru dauðsföll einstaklinga undir 40 ára aldri, sem leitað höfðu sér hjálpar hjá SÁÁ, um fimmtán talsins á ári. Undanfarin tvö ár hafa dauðsföllin verið á bilinu 25–27 talsins. Árið byrjar síðan skelfilega, um tugur einstaklinga er fallinn frá það sem

af er ári, þar af Stefán, vinur minn, sem ég minnst á hér að framan. Þá berast fréttir af því að um 600 manns séu á biðlista eftir pláss á Vogu og þar af séu rúmlega 500 manns sem hafa ekki fengið neina tímasetningu um hvenær pláss til að fá lífsnauðsynlega aðstoð losnar.

Sem áhorfandi að þessum hörmungum þá upplifi ég ástandið þannig að við eigum í stríði og þetta stríð er að tapast. Lögreglan hefur ekki bolmagn til þess að hafa hendur í hári þeirra sem hagnast af sölu fíkniefna, álagið á réttarkerfinu vegna brota sem tengjast sölu og neyslu er mikið og að auki er allt heilbrigðiskerfið fjársvelt og getur þar af leiðandi ekki hjálpað þeim sem eru hjálpar þurfi. Þetta er einfölduð sviðsmynd en hún er sönn.

Afglæpavæðing og jafnvel lögleiðing fíkniefna er eitthvað sem mér hefur fundist fráleit hugmynd fram til þessa. Margir segja það vera uppgjöf og að hún sé óásættanleg. En hvað er annað til ráða þegar varnarnar eru að bresta? Falla með sæmd eða semja frið? Ég vel alltaf hvíta fánann. ■

ORÐIÐ Á GÖTUNNI

Orðið á götunni er að nokkur skjálfti sé meðal ýmissa starfsmanna borgarinnar, enda borgarstjórnarkosningar framundan og hætt við að með nýrri forystu komi nýtt og breytt verklag. Gjarnan er minnst á kústa eða vendi í þessu sambandi. Bera slíkar breytingar gjarnan hid hlutlausu og saklausa nafn „skipulagsbreytingar“ eða „hagræðing“ þótt það feli ávallt í sér uppsagnir, mannaþrenging eða jafnvel upprætingu heilu embættanna.

Embætti Umboðsmanns borgarbúa var stofnað árið 2013 til þess að vera eins konar hjálparhella og milliliður borgarbúa gagnvart skrifræðiskerfinu. Eða líkt og segir á heimasíðunni: „... styrkja tengslin milli borgarbúa og borgarkerfis og stuðla að auknu réttaröryggi borgarbúa.“

Orðið á götunni er að Umboðsmaður borgarbúa telji nú starfsöryggi sínu verulega ógnað. Embættismaðurinn ku vera sveittur við lykklaborðið að uppfæra ferilskrá sína og líta í kringum sig eftir nýju starfi. (Embætti Umboðsmanns Íslands er víst laust, þar sem Einar Bárðarson er kominn í vinnu hjá Hafnarfjarðarbæ.)

Ástæðan er sú að Eypór Arnalds, borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins, virðist ekki sérstaklega upp með sér yfir tilgangi eða afköstum embættisins. Segir Eypór að þangað geti



borgarbúar leitað og á meðan trufla þeir ekki borgarfulltrúa eða borgarstjóra með kvabbi sínu, þannig komi borgarstjóri sér undan að veita borgarbúum áheyrn. Hann tekur fram að umboðsmaðurinn hafi engin völd og skili því aðeins álit eða frávisun til fólks sem þangað leiti. Hann nefnir að það geti tekið allt upp undir 80 daga fyrir umboðsmanninn að fá svör frá skipulagssviði og að kerfið finni þar

á eigin skinni það sem borgarbúar þurfa að búa við, þar sem algengasta niðurlag fundargerða þar á bæ sé orðið: „frestað“. Þessu segist Eypór ætla að breyta.

Orðið á götunni er að setjast Eypór í borgarstjórastólinn verði embætti Umboðsmanns borgarbúa lagt niður í sinni núverandi mynd.



Er Sindra í nöp við feitar konur?

Svarthöfði

Svarthöfði brá sér í heita pottinn í vikunni þar sem hópur fólks ræddi umdeilt viðtal Sindra Sindrasonar, sjónvarpsmanns á Stöð 2, þegar hann grillaði í beinni Þórdísi Lóu Pórhallsdóttur, oddvita Viðreisnar í Reykjavík. Þórdís mætti í jákvæð og glaðhlakkaleg í settið hjá Sindra en fljótlega runnu á hana tvær grímur.

Sindri þjarmaði vel að Þórdísi og var ekki hrifinn af svörum hennar. „Þórdís, þú segir ekki neitt. Þetta er rosalega lítið,“ sagði Sindri og hló hátt og snjallt við einu svari Þórdísar. Egill Helgason hefur komið Þórdísi til varnar og kveðst ekki viss um að fólk sem sé á sínum fyrsta degi í framboði og nýtt í stjórn málum eigi skilið slík-

ar „trakteringar“. Þór Saari, fyrrverandi formaður þingflokks Hreyfingarinnar, sagði aðfarir Sindra eiga fyllilega rétt á sér og Viðreisn ætti ekkert erindi í borgarmálin með „þessari konu.“

Viðtalið minnti nokkuð á það þegar Tara Margrét Vilhjálmssdóttir, formaður Samtaka um líkamsvirðingu, mætti Sindra í sjónvarpsal til að ræða fitufordóma. Þar lenti Töru og Sindra saman eftir að hún sagði Sindra vera í forréttindastöðu. Sindri brást við því með því að spyrja hvort Tara vissi hvað hann væri í mörgum minnihlutahópum. „Ég er hommi, ég á litad barn, það er ættleitt, ég er fyrsti samkynhneigði maðurinn til að ættleiða á Íslandi, ég er giftur útlendingi – eða hálfum útlendingi – þannig að við skulum ekki fara þangað,“ sagði Sindri og Tara svar-

aði á móti: „Það er miklu meira samfélagslegt samþykki fyrir fordómum gegn feitu fólki.“

Þórdís fékk svo á baukinn hjá Sindra í vikunni og þegar hún kvaðst vera ákveðin í að láta til sín taka sagði Sindri: „Þetta segir okkur samt ofboðslega lítið. Er ekkert svona eitt sem þú vilt segja áhorfendum; þetta hefur ekki verið nógu vel gert, við viljum ráðast í þetta? Komdu með eitt.“ Þórdís svaraði: „Besta borg í Evrópu, er það ekki flottur mælikvarði?“ Sindri svaraði: „Þórdís, þú segir ekki neitt. Þetta er rosalega lítið.“

Um þetta var rætt í heita pottinum og voru pottverjar á því að Þórdís og Tara væru báðar klárar og glæsilegar konur sem ættu það líka sameiginlegt að vera í yfirþyngd. Feitar er orðið sem Tara vill að sé notað. Þá er nokkur svipur



með Töru og Þórdísi. Enginn hefur fengið jafn mikið fyrir ferðina hjá Sindra og þær Tara og Þórdís.

Það er því engin furða að fólk í heita pottinum spyrji: Er Sindra í nöp við feitar konur?

Íslensk hönnun

23. mars 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



Fornar rúnir og íslenska ullin veita innblástur í fagra hönnun

Alrún er lítið hönnunarfyrirtæki í eigu hjónanna Jóns Bjarna Baldurssonar og Melanie Adams, en þau sinna öllum þáttum starfseminnar í sameiningu, hafa hagnýtt sjónarhorn á hönnun og njóta þess að deila saman hugmyndum sínum. Alrún hefur vakið athygli fyrir framsækna norræna hönnun sem birtist í úrvali skartgripa sem hannaðir eru í anda hinna fornu norrænu bandrúna.

Jón og Melanie hanna sín eigin bandrúnatákn og þróa þannig áfram hina fornu norrænu hefð sem er yfir þúsund ára gömul. Bandrúnirnar þeirra endurspeglu hughvetjandi íslensk orð og eru mjög merkingarþrungin.

Þessi skartgripalína frá Alrúnu sem byggir á bandrúnum hefur notið umtalsverðrar velgengni á erlendum markaði og þau hjón eru alltaf að leita nýrra leiða til að miðla merkingu rúnanna.

Einstök gæðateppi úr íslenskrri ull
Á þessu ári leitast Alrún við að þróa



hönnun sína í heimilistextil. Fyrstu vörurnar í þessum flokki eru teppi úr íslenskrri ull af einstökum gæðum og hafa þau verið lituð sérstaklega fyrir Alrúnu. Þessi teppi hafa verið framleidd í litlu upplagi og eru tilbúin til dreifingar.

Ullarteppin prýða táknin „Ást“ og „Styrkur“ – afstrakt form sem vekja



góð hughrif hjá fólki sem hefur þessi teppi fyrir augunum á heimilum sínum. Fleiri form eiga eftir að sjá dagsins ljós í frekari hönnun á þessum teppum.

Litasviðið í ullarteppunum Ást og Styrkur spannar frá hefðbundnum kremgulum og sauðargráum litum íslensku ullarinnar til málmkenndari, dekkri og kraftmeiri lita sem minna á sibreytilega litaráferð Atlantshafsins.

Alrún rekur vinnustofu og verslun í Sundaborg 1 Reykjavík. Opíð er virka daga frá kl. 13 til 16 og tilvalið er fyrir alla fagurkera að kíkja í heimsókn og kynna sér þessa djúphugsuðu og fallegu hönnun.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni alrun.is og símanúmer er 689-1312.



Nýtt matar- og kaffistell Sveinbjargar vakti mikla athygli á Hönnunarmars

Vorhús frumsýndi á Hönnunarmars nýtt fullbúið matar- og kaffistell sem hannað er af listamanninum Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur. Sveinbjörg hefur um árabíl starfað sem hönnuður undir eigin nafni og er nú að frumsýna nýtt matar- og kaffistell undir merkjum Vorhúss. Stellið vakti mikla athygli á Hönnunarmars og eru viðtökur að sögn forsvarsmanna Vorhúss framfarvönur. „Það er greinilega mikil eftirspurn eftir vandaðri íslenskri hönnun og við reynum að svara þeirri eftirspurn eins og við getum hverju sinni. Viðskiptavinir okkar hafa um árabíl óskað eftir að við kæmum með heilt stell á markað og það er loks orðið að veruleika,“ segir Fjóla Karls, framkvæmdastjóri Vorhúss.

Stellið er veglegt og samanstendur af matardiskum, djúpum diskum, kökudiskum, kaffi- og tebollum, tekatli, steikarfati, tertufati, sósukönnu, rjómakönnu og fylgiskálum í mismunandi stærðum. Það er því heildstætt og uppfyllir þarfir bæði stórra og lítilla heimila. Stellið er unnið úr hágæða



hvítu postulíni og því endingargott og notendavænt í daglegri notkun sem og á hátíðisdögum. Falllegt og stílhreint yfirbragð mynstursins gefur stölinu klassískan blæ sem er í senn norrænn og með

sterkum persónuleika hönnuðar.

Uppruna mynstursins er að finna í myndlistaverkum Sveinbjargar sem nefnast Garðveisla. Í listaverkunum spilar reyniviðurinn aðalhlutverkið í fæðuleit fuglanna í íslenskum gördum á haustin. Reyniviður óx villtur á Íslandi við landnám og hefur djúpar

rætur í norrænni menningu. Tréð var helgað Þór í norrænni goðafræði og var heilagt að mati kristinna manna. Á árum áður þótti til heilla að rækta reynivið og var hann og er enn afar vinsæll í íslenskum gördum. Nánari upplýsingar um stellið er hægt að nálgast á vorhus.is.

Skata-stóllinn er bæði klassískur og splunkunýr

Mikil gróska er í íslenskrri hönnun þessa dagana og hún farin að vekja æ meiri athygli erlendis. Þetta á ekki síst við um húsgagnahönnun sem nú virðist vera að vakna til lífsins á ný. Fáir vita hins vegar að íslensk húsgagnahönnun átti sér mikið blómaskeið á 6. og 7. áratugnum þar sem íslensk húsgögn vöktu jafnvel athygli á sýningum erlendis. Sum þessara húsgagna eru að fara í framleiðslu á ný og ættu að vera sjálfsagðir hlutir á íslenskum heimilum í bland við það nýjasta og besta.

Tvö þessara húsgagna eru stólarinn Skata og Þórshamar, sem voru hannaðir árið 1959 og 1961 og voru þá fyrstu íslensku stólarnir úr formbeygðum krossvið. Báðir státa þeir síðan af því að vera elstu íslensku stólarnir sem enn er í framleiðslu, en framleiðslan á þeim hófst að nýju árið 2007 eftir 35 ára hlé.

Hönnuður stólanna var Halldór Hjálmarsson, húsgagnahönnuður og innanhússarkitekt, en sonur Halldórs, arkitektinn Örn Þór Halldórsson, hóf framleiðsluna að nýju og hefur auk þess verið að þróa útfærslu á þessari klassísku hönnun föður síns í takt við samtímann. Örn segir að Skata sé tímalaus hönnun, þó að grunnformin séu klassísk sé stóllinn líka viðfangsefni nýjustu strauma í húsgagnahönnun:



„Ýmsir arkitekta og hönnuðir hafa auk þess komið að máli við mig og viljað aðlaga stólana að sínum verkefnum. Þetta hefur fætt ýmislegt skemmtilegt af sér og má meðal annars nefna að hönnunar- og arkitektastofurnar Tvíhorf og Gagarín hafa þróað sérstaka útfærslu fyrir sín verkefni, meðal annars fyrir sameiginlegu kaffistofuna sína. Sú útgáfa er afskaplega skemmtileg og talar beint inn í nútímann með sínum fjölbreytileika og ætti eiginlega að heita Gagarín- og Tvíhorf-stólarnir.“

Skata og Þórshamar eru því til í mörgum útgáfum og nýjustu útgáfunar er hægt að skoða og kaupa í nýrri verslun Geysis-heima að Skólavörðustíg 12. Allar útgáfunar af Skötu og Þórshamri, bæði nýjar og



gamlar, eiga þó enn sitt sameiginlega útlit, sem er í senn stílhreint og listrænt og segir Örn að þetta séu ljóð-

rænir stólar. „Þetta ljóðræna kemur ekki síst fram í því að festingarnar undir Skötustólnum minna á „egg“, en fiskurinn skata verpir einmitt eggjum.“

Fyrir áhugasama þá er best að hafa samband við Örn beint með því að senda skilaboð í gegnum heimasíðuna <http://skata.is/>, á netfangið info@skata.is. eða senda skilaboð á Facebook-síðunni Skata.


„Í kjölfarið kemur fólk í heimsókn á verkstæðið mitt hérna í Vesturbænum og kaupir stólana beint frá býli,“ segir Örn að lokum.

LÍN DESIGN – ÍSLENSK HÖNNUN:

Umhverfisvænar hágæðavörur á hagstæðu verði

Við hönnum allar okkar söluvörur sjálf og kappkostum að nota eingöngu hágæðaefni og gætum þess að framleiðslan sé umhverfisvæn. Mikil hugsun og vinna býr að baki öllum okkar vörum og við seljum eingöngu hágæðaframleiðslu. Vörurnar eru hannaðar hérna heima af hönnunarteymi okkar en framleiddar í Kína og við heim-sækjum verksmiðurnar þar reglulega til að fylgjast með framleiðsluferlum og gæta þess að okkar kröfur um gæði og umhverfisvæna framleiðslu séu uppfylltar,“ segir Ágústa Gísladóttir, annar eigenda fyrirtækisins Lín Design. Ágústa rekur fyrirtækið ásamt systur sinni, Guðrúnu Gísladóttur.

„Við leggjum mikla áherslu á íslenska menningu, arfleið og náttúru í okkar vörum og er markmið okkar að hanna vörur sem gleður og veitir vellíðan. Ný vörulína kemur að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum á ári. Flestar vörur Lín Design eru pakkaðar í bómullarumbúðir sem eru endurnýtanlegar. Nýjasta pakkningin okkar er þannig að rúmfötunum er pakkað inn í glæsilegt púðaver (40x40) sem eykur fegurð og notagildi. Eigandinn er því að fá þrjá hluti í rúmið í stað tveggja áður. Eitt af markmiðum okkar er að láta náttúruna njóta vafans og henda engu. Umbúðirnar utan um barnarúmfatadinn frá Lín Design eru hannaðar sem dúkkurúmföt. Í rúmfötunum notum 100% pimabómull sem er ein vandadasta



gerð bómullar á markaðnum. Við notum aldrei gerviefni og leggjum alltaf höfuðáherslu á gæði. Sængur og koddar eru úr 100% andadún, ekkert fiður, eingöngu vistvænar sængur.“

Kósiföt sem láta þér líða vel

Vellíðan, mykt og gæði einkenna fatalínuna frá Lín Design. „Þessi föt eru hönnuð með það að markmiði að fólki líði vel í þeim,“ segir Ágústa, en fötin í kósílinunni eru í senn afar þægileg og afskaplega smekkleg. Lín Design býður kósíföt fyrir börn, unglínga og fullorðna af báðum kynjum.

Heildverslun

Veigamikill þáttur í starfsemi Lín Design er heildverslunin. „Við seljum mikið til hótela og ferðapjónustuaðila. Í þeim geira eru sængurverin okkar mjög eftirsótt vegna þess að þau endast svo vel, enda mikil gæði í þeim,“ segir Ágústa. Sængurverin eru afskaplega falleg og mynstrin eru sótt í heim íslenskrar náttúru. Fyrirtækjapjónusta Lín Design þjónustar fyrirtæki með jólagjafir, tækifærisgjafir og sérmerktar



vörur fyrir viðskiptavinum og starfsfólk.

Netfang fyrir þá sem vilja panta úr heildversluninni eða senda fyrirspurn er sala@lindesign.is

Lín Design er með verslun á Smáratorgi í Kópavogi, í Kringlunni og á Akureyri. Öflug vefverslun

er síðan rekin á vefsíðunni lindesign.is og er sent frítt á næsta pósthús hjá viðtakanda.

Viðskiptavinir Lín Design eru ánægðir en Facebook-síða verslunarinnar hefur yfir 43.000 fylgjendur. Lín Design gerði skoðanakönnun meðal þeirra fyrir skömmu og kom í ljós að 95% eru ánægð eða frekar ánægð með vörur fyrirtækisins.



Heillandi skartgripa-heimur að Hverfisgötu 39

Erling og Helga Ósk eru gullsmíðir sem reka verslun og vinnustofu að Hverfisgötu 39 í Reykjavík. Þau eiga bæði að baki langan feril sem framsæknir hönnuðir og mörg verka þeirra eru á mörkum þess að vera skartgripir eða listaverk. Vinnustofa og verslun Erlings og Helgu við Hverfisgötu mynda heillandi og aðlaðandi umhverfi þar sem hönnun þeirra nýtur sín vel, og gaman er að koma þangað og skoða skartgripa.

Erling Jóhannesson útskrifaðist sem gullsmíður frá Tækniskólanum í Reykjavík 1983. Eftir framhaldsnám í gullsmíði í Flórens á Ítalíu starfaði hann á ýmsum verkstæðum í Reykjavík. Árið 1990 útskrifaðist hann sem leikari frá Leiklistarskóla Íslands og hefur hann unnið jöfnum höndum við skartgripagerð og leiklist, bæði hér heima og erlendis. Skartgripir Erlings eru af ýmsum toga og á löngum ferli hafa verkefnið verið fjölbreytt, en rauður þráður í vinnu hans er skýr formhugsun þar sem formin eru upp-diktuð og óræð en með einhverjum undarlegum hætti vísa í ekki alveg augljósan veruleika.

Helga Ósk lauk námi í gullsmíði frá Tækniskólanum árið 1995 og framhaldsnámi frá Institute for Edelmetall í Kaupmannahöfn 2010. Hún hefur unnið bæði hér heima og erlendis við skartgripasmíði og hönnun. Verk Helgu spanna fjölbreytt svið skartgripagerðar en það sem einkennir verk hennar flest er hvernig hún hefur tvinnað saman hefðbundið viravirki og samtímaskartgripagerð. Viravirkið sem á langa sögðu í íslenskri skartgripagerð er ákaflega finlegt



handverk sem Helga hefur öðrum gullsmíðum fremur náð að færa til samtímans með frumlegri og fagaðri útfærslu. Auk þess hefur Helga smíðað og hannað skartgripa sem margir hverjir ramba á mörkum skartgripa og sjálfstæðra listaverka.

Allt frá framúrstefnu til hefðbundinna skartgripa

„Við förum bæði oft út fyrir þessa hefðbundnu ramma, sprengjum hugmyndalandamærin, þá erum við oft að vinna með eitthvað sem er á mörkum þess að vera skartgripir. Vinnum til dæmis með óhefðbundin efni og hefðbundna notkun og form skartgripa. Við erum á því röli að leika okkur með svona óhefðbundna skartgripa yfir í eitthvað alveg hefðbundið og aðgengilegt, svo þrátt fyrir þessa frjálslegu nálgun geta flestir fundið eitthvað við sitt hæfi.“

Aðspurð hvert þau sæki innblástur í verk sín segir Erling að þau séu ekki sérstaklega upptekin af innblæstri og Helga tekur undir það: „Ég held að við vinnum á svipaðan hátt þó að útkoman geti verið ólík. Við leggjum lítið upp úr innblæstri, það er ekkert vandamál að fá hugmyndir ef maður kann sitt fag, þær einfaldlega koma.“



Ef þú kannt þitt fag þá þarftu ekki að leita að innblæstri, það sem við gerum hangir saman við það sem við kunnum og ef þú kannt eitthvað vel þá kemur þetta allt til þín,” segir Erling.

Hann segir jafnframt að þau leiti mikið hvort til annars með hugmyndir og úrvinnslu: „Við spyrjum kannski hvort annað: Hvernig myndir þú leysa þetta? Og við köstum hugmyndum á milli. Þessi faglegi félagsskapur er ómetanlegur, það er mikilvægt að geta verið í sambandi og eiga samtál við kollega sína.“

Skartgripir í þessum gæðaflokki hvergi ódýrari

Verðbilið er mjög vítt á skartgripunum hjá Erling og Helgu Ósk. Allt frá mjög viðráðanlegu verði upp í eitthvað mjög dýrt fyrir þá sem hafa áhuga á slíku. „Útlendingar sem koma hingað

segjast ekki fá sérsníðnaða skartgripa í þessum gæðaflokki nokkurs staðar á jafn lágu verði eins og á Íslandi,” segir Erling. Aðspurður segir hann að erlendir ferðamenn séu líklega um helmingur viðskiptavinanna.

Helga Ósk og Erling hafa skapað mjög skemmtilegt umhverfi að Hverfisgötu 39. „Við viljum hafa þetta lífandi stað þar sem gaman er fyrir áhugafólk um skartgripa og frumlega hönnun að kíkja inn á í göngutúr um miðbæinn,” segir Erling. Staðsetningin er líka heppileg við Hverfisgötuna sem er að taka miklum og skemmtilegum breytingum.

Verslunin að Hverfisgötu 39 er opin virka daga frá kl. 10 til 18 og laugardaga frá 11 til 16. Vefverslun og nánari upplýsingar eru á vefsíðunni erlingoghelgaosk.is.



LITLA HÖNNUNAR BÚÐIN ER ORÐIN STÓR:

„Sniðugir og öðruvísi hlutir“

Litla Hönnunar Búðin er staðsett í hjarta Hafnarfjarðar en gamli miðbærinn þar er óneitanlega með fallegri þéttbýlissvæðum á landinu. Litla Hönnunar Búðin, Strandgötu 17 í Hafnarfirði, var sett á stofn í byrjun september árið 2014. Verslunin fellur vel inn í þann skemmtilega miðbæjaranda sem

rekur í Strandgötunni og Sigríður Margrét Jónsdóttir, sem rekur verslunina ásamt eiginmanni sínum, Elvari Gunnarssyni, segist ekki geta hugsað sér skemmtilegra stað til að starfa á.

Í febrúar á þessu ári urðu tímamót í rekstrinum þegar verslunin var stækkuð úr 20 fermetrum upp í 100 fermetra og vöruúrvalið stóráukið í leiðinni. Verslunin hélt þó í fyrri gildi sín og stefnu sem er að bjóða mikið úrval af íslenskrri hönnun í bland við erlendar vörur og hafa á boðstólum



vörur sem eru rekjanlegar til uppruna síns.

„Þetta eru sniðugir og öðruvísi hlutir sem við bjóðum upp á, sem þú sérð ekki á hverju heimili,“ segir Sigríður. „Fjölbreytnin er mikil, en við erum ekki með ýkja mikið magn.“

Sigríður er hönnuður og hannar nokkuð af vörum verslunarinnar, auk þess sem fjölmargir íslenskir hönnuðir selja vörur sína í búðinni. Vöruúrvalið er afar fjölbreytt: snyrtivörur, garn, flothettur, barnavörur, skart, fatnaður og gjafavara. Kannski má segja



að Litla Hönnunar Búðin sé einhvers konar „Hönnunar Kaupfélag“ þar sem þú getur fengið alls konar.

Sigríður finnur fyrir miklum áhuga á Hafnarfirði og sífellt fleiri leggja leið sína í fjörðinn. Einnig hefur síaukinn fjöldi erlendra ferðamanna gert sér ferð í verslunina undanfarin ár þó að Hafnarfjörður sé ekki eins algengur viðkomustaður ferðamanna og til dæmis Reykjavík.

Það er skemmtileg upplifun að kíkja í Litla Hönnunar Búðina og góður hluti af vel heppnaðri ferð í miðbæ Hafnarfjarðar. Verslunin er opin virka daga frá kl. 12 til 18 og laugardaga frá 12 til 16.

Litla Hönnunar Búðin rekur einnig vefverslun á slóðinni litlahonnunarbudin.is og vert er að líta inn á Facebook-síðu og Instagram-síðuna.

Glæsileg íslensk hönnun frá Gilbert úrsmið

JS WATCH CO. REYKJAVIK

JS Watch co. Reykjavík-úrin eru íslensk frá grunni. Þau eru hönnuð á teikniborði JS hér heima á Íslandi. Allir íhlutir úrsins eru síðan sérframleiddir eftir þeirra hönnun í mörgum, sérhæfðum verksmiðjum í Þýskalandi og Sviss og settir saman hér á landi undir ströngu gæðaeftirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmiðameistara sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmiði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur.

Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd. Vönduð úr eru munaðarvara og fylgihlutir sem bæði karlmenn og konur njóta þess að velja, bera og eiga. En úr er ekki bara skartgripur. Það er nytjahlutur sem hjálpar okkur að gegna skyldum okkar, halda loforð og skapa góðar minningar.

Sérstaða úrana á íslenskum markaði ásamt persónulegri þjónustu og árangursríku markaðs- og kynningarstarfi hefur leitt til þess að úrin hafa orðið eftirsótt meðal heimsfrægri einstaklinga sem koma til landsins. Meðal þekktra einstaklinga má til gamans nefna Kit Harington, Ben Stiller, Tom Cruise, Quentin Tarantino, Jude Law, Viggo Mortensen, Mads Mikkelsen, Tobey Maguire, Dennis Quaid, Elvis Costello, Ian Anderson, Yoko Ono, Sean Lennon, Dalai Lama, Katie Couric, Vinnie Jones og Constantine Grikklánda konungur.

Fágæti úrana ásamt því að vera framleidd í hæsta gæðaflokki er það sem gerir þau eftirsóknarverð, en á skifu allra úrana stendur Reykjavík. Það, ásamt vönduðu verki, framleiðslu og sigildu útliti, gerir úrin fágæt og einstök.

Gilbert úrsmiður hefur lagt sitt af mörkum við að hvetja til bættrar verslunar og þjónustu við ferðamenn efst á Laugaveginum og hefur ásamt fleirum tekið ríkan þátt í að byggja upp verslun í Vitahverfinu. Persónuleg þjónusta og góð vörubekking er aðalmerki verslunarinnar og þjónustustig verslunarinnar er til fyrirmyndar. Viðskiptavinir eiga kost á að hitta framleiðendur, fá að sjá úrsmiði að störfum og koma með ábendingar varðandi samsetningu og útlit þeirra úra sem þeir hyggjast




kaupa. Ferðamenn geta óskað eftir einkaheimsókn komist þeir ekki í verslunina á hefðbundnum opnunartíma og eru þeir þá jafnan sóttir á hótél sitt og þeim ekið til baka að lokinni heimsókn. Heildstæð áferð og framúrstefnuleg ásýnd markaðs- og kynningarmála JS Watch co. Reykjavík hefur vakið athygli bæði innanlands og utan.

Úrvalið hefur aldrei verið meira en nánari upplýsingar um úrin og hönnunina má finna á vefsíðunni gilbert.is.

Gilbert úrsmiður,
Laugavegi 62, sími: 551-4100.





Mottulistaverk til stuðnings Krabbameinsfélagi Íslands

Hönnunarverslunin Lumex stendur fyrir stórmerku átaki til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands núna í Mottumars – átaki sem um leið er viðburður í hönnun og list. Í samstarfi við fyrirtækið Moooi Carpets í Hollandi hefur Lumex hannað tvær mottur sem eru jafnframt listaverk. Gripirnir verða aðeins gerðir í takmörkuðu upplagi hvor og seldir á uppboði sem stendur yfir á vef Lumex, lumex.is, út marsmánuð.

Hjörtur Matthías Skúlason er hugmyndasmiður að verkefninu: „Þetta er mitt hugarfóstur. Ég sé um verslunina fyrir Lumex-fjölskylduna en ég er lærdur vöru- og konsepthönnuður. Við fórum af stað með þetta verkefni fyrir nokkru og kynntum afurðina síðasta föstudag. Þau hjá Moooi Carpets voru svo ánægð með þetta að þau komu hingað og voru með okkur um helgina,” segir Hjörtur.

Tveir myndlistarmenn lögðu til myndverk sín í verkefnið. „Myndirnar þeirra eru prentaðar á mottur og útkoman er frábær,” segir Hjörtur. Listamennirnir eru Ingimar Einarsson og Kristinn Már Pálmason. Ingimar lærði myndlist í Chelsea College of Art and Design í London og China Academy of Art í Hangzhou í Kína. Undanfarin ár hefur hann lagt áherslu á ljósmyndun í mjög viðum skilningi og meðal verkefna hans er klippimyndasería sem unnin er upp úr ljósmyndum frá öllum höfuðborgum Evrópu.

Kristinn Már Pálmason er fæddur í Keflavík árið 1967. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands upp úr 1990 og The Slade School of Fine Art, University College



London á seinni hluta sama áratugar. Kristinn á að baki fjölda einkasýninga auk þátttöku í samsýningum og samvinnuverkefnum. Hann hefur komið að ýmiss konar menningarstarfsemi og skipulagningu listviðburða.

Tilvalið að kíkja í sýningarsalinn í Skipholti

Sem fyrr segir stendur uppboðið á mottunum út þennan mánuð og rennur ágóðinn af sölunni af mottum, þremur af hvorri, til Krabbameinsfélags Íslands. Þrír hæstbjóðendur í hvora mottu fyrir sig hreppa eintak. Hægt er að skrá sig í uppboðið á vefsíðunni lumex.is undir efnisliðnum Mottumars. Útbúinn hefur verið sýningarsalur með mottunum í verslun Lumex að Skipholti 37 þar sem þær njóta sín vel í allri sinni dýrð.



Lumex - Hjörtur

„Þetta fer aldrei í almenna sölu. Þetta eru bara listaverk sem eru gerð í takmörkuðu upplagi. En það er öllum frjálst að taka þátt í uppboðinu og

það eru líka allir velkomnir í sýningarsalinn okkar í Lumex í Skipholti til að skoða dýrgripina,” segir Hjörtur.

Sjá nánar á lumex.is og á Facebook-síðunni Lumex.



SYRUSSON:

Hágæða sérsmíðuð íslensk hönnunarhúsgögn

Okkar viðskiptavinir geta valið húsgögn alveg eftir sínu höfði, til dæmis lit, viðartegundir og áklæði, því við sérsmíðum allt og öll húsgögn til heimilisnota eru hönnuð og smíðuð hér á landi," segir Reynir Syrusson, eigandi Syrusson hönnunarhúss. Fyrirtækið hefur í 11 ár hannað og smíðað húsgögn fyrir íslensk heimili og vinnustaði.

„Við leggjum áherslu á fagmennsku, fágun og góðan efnivið við alla framleiðslu," segir Reynir en þrátt fyrir að um vandaða sérsmiði sé að ræða er verðið á húsgögnunum mjög hagstætt. Við bjóðum íslenska hönnuði velkomna með vörur sínar í sýningarrými okkar þar sem við viljum hafa Syrusson hönnunarhús sem hönnunarmiðstöð íslenskra gæða-húsgagna.

Syrusson býður upp á gífurlegt úrval af húsgögnum fyrir heimili en mikil áhersla er lögð á persónuleg samskipti, góða þjónustu og sveigjanleika í hönnun og efnisvali. Markmiðið er ávallt að uppfylla óskir viðskiptavinarins.

Bólstrun hefur alltaf verið stór hluti af hönnunar- og framleiðslustarfi Syrusson. Fyrirtækið býður bæði upp á bólstrun og endurbólstrun. „Smekkur manna er misjafn og þess vegna bjóðum við viðskiptavinum okkar að aðlaga vöru sína að þeirra stíl með breiðu efnisúrvali. Viðskiptavinurinn fær möguleika á að velja úr úrvali áklæða, leðurs eða leðurlikis, hann fær einnig að velja stífleika í svampi og lit á þræði sem saumaður er í húsgagnid. Með þessum sveigjanleika hefur viðskiptavinurinn möguleika á að aðlaga vöru sína og upplifa þá fjölbreyttu möguleika sem við bjóðum upp á. Með áratuga reynslu í faginu bjóðum við upp á gæðabólstrun og endurbólstrun."

Auk heimilishúsgagna selur Syrusson mikið af húsgögnum til fyrirtækja og stofnana. Í þeirri sölu koma vönduð innflutt húsgögn oft við sögu og má segja að hæfileg blanda af innfluttum og íslenskum húsgögnum þjóni viðskiptavinum best. Syrusson veitir fyrirtækjum oft heildarlausnir á þessu sviði og sérsmiðar húsgögn inn í rými.



Syrusson er með verslun að Síðumúla 33, Reykjavík. Þar er opið mánudaga til föstudaga frá 9 til 18

og laugardaga frá 12 til 16. Þangað er gaman að koma og skoða allt úrvalið en umfram allt veita starfsmenn fag-



lega ráðgjöf. Þeir koma líka gjarnan í heimsókn til viðskiptavina þegar þörf er á heildarlausn og þá er sest niður, málin rædd og bestu lausnir fundnar í sameiningu. Til að óska eftir fundi er gott að hringja í 588-4555 eða senda fyrirspurn á syrusson@syrusson.is.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni syrusson.is.

24ICELAND OG MASSAN:

Ný spennandi verslun með innanhúss- og heimilisvörum

Úrin frá 24Iceland hafa slegið í gegn og eru vinsæl í gjafir, hvort sem er fermingar-, útskriftar- eða jólagjafir. Eigandi 24Iceland er Valþór Örn Sverrisson, sem elskar úr og er að eigin sögn úraperri, enda fékk hann snemma áhuga á úrum þegar hann aðstoðaði úrsmiðinn afa sinn í verslun hans. Valli, eins og hann er jafnan kallaður, lítur á úr frekar sem skart. Valli er líka snappari með stóran fylgjendahóp og einstæður faðir þriggja ára dóttur, sem hann segir sína bestu klappstýru og hafa komið sér á þann stað sem hann er í dag.

Valli sótti hugmyndina að stofnun 24Iceland ekki langt, afi hans var úrsmiður auk móðurbræðra hans og sjálfur elskar hann úr. „Ég er svona úraperri. Ég elska úr, en í dag eru þau þannig að maður kíkir eiginlega bara á símann sinn til að vita hvað klukkan er, úr eru eiginlega frekar skart, eða það finnst mér allavega,” segir Valli.

„Afi minn sálugi, sem var líka góður vinur minn, var úrsmiður, Hermann Jónsson, og hann var með verslun í Veltusundi sem hann rak í 45 ár. Ég hjálpaði honum oft, og síðan þegar hann lést þá hjálpaði ég ömmu minni að loka búðinni. Það eru næstum allir í kringum mig úrsmiðir eins og til dæmis bræður mömmu minnar. Ég er samt ekki úrsmiður sjálfur, en hanna öll úrin mín og svo erum við að sjálfsgöðu með úrsmið í vinnu hjá okkur.”

24Iceland komið í útrás

Úrin hans Valla hafa slegið í gegn hér heima og því lá beinast við að koma þeim inn á önnur markaðssvæði og Valli er byrjaður á því. „Ég er búinn að stofna fyrirtæki sem heitir 24USA og við erum komin með þau úr í Bandaríkjunum, ég vissi að markaðshópurinn væri stór þar en hann er sko viðbjóðslega stór. En það er fyrirtæki þar úti sem ætlar að vinna með okkur og annað hér heima sem ætlar að hjálpa okkur aðeins, en þetta er svo stórt að maður ræður varla við það,” segir Valli.

„Úrin eru alveg eins og 24Iceland, nema bara með 24USA og við erum að tala við fjölda bloggara og snappara og annaðhvort gerist eitthvað eða ekki. Þetta er í hægri vinnslu og ég hef alltaf verið þannig í lífinu að ég læt reyna á allar hugmyndir sem ég fæ, stundum virka þær, stundum ekki. Ég hef stofnað fyrirtæki og unnið vinnu sem ég hef dauðséd eftir.”

Í fyrra keypti Valli síðan nýtt fyrirtæki, MaGa, sem hann rekur samhliða 24Iceland. „MaGa-úrin keypti ég af manni í Bretlandi, en þau eru framleidd í sömu verksmiðju og Daniel Wellington-úrin. Þetta er allt mjög stórt og umfangsmikið og núna í desember, þá kom ný lína af MaGa. Ég elska hauskúpudæmi og eins skartið frá þeim og get bara ekki beðið eftir að vinna meira með þetta merki,” segir Valli ánægður.

Í þessari viku færði Valli síðan enn út kviarnar því nú er fatnaður merkt-




Mynd: Óli Mogg



ur 24Iceland kominn í sölu, um er að ræða hettupeysur merktar 24Iceland og með mynd af Íslandi. Peysurnar koma í fjórum litum: svörtum, gráum, hvítum og bleikum.

Þann 5. apríl næstkomandi flytur 24Iceland á Laugaveg 51, og einnig opnar Massan, ný spennandi verslun með innanhúss- og heimilisvörum, þar á sama stað.

Valli ásamt dótturinni Sigurósu Nadiu.



Það er ljóst að framtíðin er björt hjá Valla sem segir móður sína, sem hefur verið kaupmaður í 40 ár, og dóttur sína helstu áhrifavalda í lífi sínu. „Allt sem ég geri hefur gengið betur eftir að Sigurrós Nadiu fæddist.”

Fylgjast má með 24Iceland á heimasíðunni 24Iceland.is, Facebook: 24-Iceland, Snapchat: Iceland24 og Instagram: 24Iceland. Fylgjast má með Valla sjálfum á Snapchat: vallisverris.

Verslun 24Iceland er að Krókhálsi 6 og er opin alla virka frá kl. 11–15, en 5. apríl næstkomandi lokar verslunin að Krókhálsi og ný verslun opnar að Laugavegi 51.



SCINTILLA HOSPITALITY, SKIPHOLTI 25:

Sérhannaðar gæðavörur fyrir hótél og gististaði



Scintilla Hospitality er íslenskt textilhönnunarfyrirtæki sem sérhannar og framleiðir vörur fyrir hótél, gistiheimili, líkamsræktarstöðvar og heilsulindir. Má þar nefna rúmfatnað, handklæði, sloppa, teppi og púða. Falleg hönnun, gæði, ending og framúrskarandi þjónusta eru helstu áherslur fyrirtækisins á þessu sviði ásamt því að bjóða upp á lífrænan textíl. Scintilla selur einnig hefðbundin rúmföt með satínróndum og kostar settið 2.390 kr. án vsk.

Sængurfatnaður á hótélum þarf að vera endingargóður og þarf að þola mikið álag. Scintilla Hospitality býður upp á úrval af sængurfatnaði með áherslu á fallega íslenska hönnun, gæði og endingu.

Scintilla Hospitality getur tekið að sér að framleiða sérstaklega fyrir viðskiptavini t.d. handklæði með vörumerki viðskiptavinar ofnu eða saumuðu í vöruna án þess að það verði kostnaðarsamt. Hönnuðir Scintilla Hospitality geta hannað og framleitt vörur

sem samræmast stíl viðskiptavinarins og undirstrika sérstöðu hans.

„Okkar sérstaða á þessum markaði er sú að við erum hönnunarfyrirtæki og við hönnum allar vörurnar okkar sjálf. Við erum ekki heilsalær að flytja inn fjöldaframlidda staðlaða vöru. Við leggjum áherslu á hönnun og fagurfræði auk þess sem við hugsum um gæði, endingu og siðferði við framleiðslu. Við bjóðum okkar viðskiptavinum upp á að sérhanna fyrir þá þeim að kostnaðarlausu gegn því að þeir kaupi vörurnar af okkur. Ís-



lenskur hóteliðnaður er kominn á þann stað núna að hver og einn aðili þarf að skerpa á sinni sérstöðu og hugsa um gæði. Það má hafa í huga að það er hægt að uppfæra herbergi fyrir lítinn pening með því einu að hafa falleg og vönduð rúmföt,” segir Linda Björg Árnadóttir hjá Scintilla Hospitality.

Í fyrirtækinu er 30 ára reynsla af hönnun og framleiðslu á textíl. Meðal

viðskiptavina eru ION Hotel á Þingvöllum, Bláa Lónið, Laugar og Hótél Keflavík.

„Við getum sérframleitt vörur fyrir minni aðila í litlu magni sem auðvelt er síðan að endurpanta. Við getum veitt ráðgjöf varðandi hönnun og stíl og framleitt vörur með sérhönnuðum munstrum, lit eða merki viðskiptavinarins.“

Scintilla Hospitality er til húsa að Skipholti 25 í Reykjavík en mun flytja innan skamms á Laugaveg 40. Þar eru skrifstofa, sýningarrými og litil

verslun sem er opin virka daga frá kl. 10 til 18. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 562-2659 auk þess sem senda má fyrirspurnir á netfangið s@scintillalimited.com.

Scintilla
HOSPITALITY



Hraundís: Ilmkjarnaoliur úr íslenskum jurtum



Ég var mikið að vinna með ilmkjarnaoliur sem nuddari en það höfðu aldrei verið búnar til íslenskar ilmkjarnaoliur og mig langaði til að gera það," segir Hraundís Guðmundsdóttir en hún rekur hið merka framleiðslufyrirtæki í ílmólum, Hraundísi, að Rauðsgili í Borgarfirði.

Hraundís gekk lengi með þann draum að framleiða íslenskar ilmkjarnaoliur á jörðinni Rauðsgili þar sem hún býr. Hraundís lærði fyrst ílmólifræði á Íslandi en hélt síðan til náms í Arizona í Bandaríkjunum, hjá fyrirtækinu Phebee Aromatic í Sedona. Þar lærði hún að eima og búa til ilmkjarnaoliur en olíurnar eru eimaðar úr mismunandi jurtum. Fyrstu íslensku ilmkjarnaoliurnar komu síðan á markað sumarið 2015.

„Ég er mikið í barrtrjámum, íslensku skógunum, en þá eima ég barrið. Stundum eru eimuð blóm, stundum fræ. Þetta er mjög mismunandi eftir því hvernig olíur er verið að búa til. Stundum er það rótin og stundum stöngullinn. Ef við síðan tökum æti-hvönnina sem dæmi, þá eimar maður fræin, laufblöðin og rótina allt sér og fær þá þrjár tegundir af ilmkjarnaolíu, hverja með sína lykt og sína virkni," segir Hraundís.

Ilmkjarnaoliur hafa mjög mismunandi virkni og vísindalega þekkingu þarf til að greina hana: „Ég sendi ilmkjarnaoliurnar mínar til Frakklands

til efnagreiningar og þannig fæ ég langan lista yfir hvað er í þeim og þannig get ég lesið í virkni hverrar og einnar," segir Hraundís.

„Ilmkjarnaoliur er hægt að nota til að hjálpa til við að taka á ýmsum kvillum eins og bólgum í vöðvum, húðsveppum, þeir geta verið vörn gegn skordýrum, þunglyndi og mörgu fleiru fleira. Þær eru líka frábærar til að þrifa heimilið á náttúrulegan hátt og setja í þvottavélina og ryksuguna.

Ilmkjarnaoliur eru mikið notaðar í snyrtivörur, sjampó, andlitskrem og þess háttar. Snyrtivörurnar sem ég bý til geri ég úr ilmkjarnaolíunum mínum. Til dæmis er sjampóid úr íslenskum skógarilmi," segir Hraundís enn fremur, en hún selur bæði ilmkjarnaoliur og snyrtivörur unnar úr olíunum. „Sjampóid er búið til úr náttúrulegum efnum og íslenska hreina vatninu okkar en sjampó er um 70% vatn. Síðan er það líka úr íslenskum skógarilmi."

Meðal margra vörutegunda er ilmkjarnaolían Sitkagreni sem er einstaklega verkjastillandi olía. Hún er einnig bólgueyðandi og kælandi, góð gegn kvefi og flensu. Stafafuruolían er bakteríu- og sveppadrepani. Góð gegn kvefi og öndunarsjúkdómum. Hún virkar vel á alla vöðvaverki og er góð fyrir húð. Þá er hún mjög góð til að bera á magann með burðarolíu við magapest.

Þá má nefna skeggoliur, verkja-



olíuna Eldhraun, baðsalt og margt fleira. Vöruúrvalið er mikið og fer sívaxandi. „Ég er alltaf að gera tilraunir og prófa mig áfram. Ég er ein í þessu enþá en er samt mikið að nýta fjölskyldumeðlimi," segir Hraundís.

Allt land á Rauðsgili er vottað lífrænt og fljótlega verða allar vörurnar sem þar eru framleiddar með lífræna vottun.

Þess má geta að Hraundís var valin handverksmaður ársins á Hand-

verkshátíðinni í Hrafnagili í fyrra-sumar fyrir brautryðjandastarf sitt við þróun ilmkjarnaolianna.

Vörurnar eru seldar í gegnum vefverslun á hraundis.is en eru einnig til sölu hjá Frú Laugu við Laugalæk í Reykjavík, í Landnámssetrinu og sveitamarkaðnum Ljómalind í Borgarfirði, í Húsi handanna á Egilsstöðum, hjá Hitt og þetta handverk á Blönduósi og hjá Sonju Vestmannaeyjum.



SÓLEY ORGANICS:

Lífrænt vottaðar húðsnyrtivörur úr hreinni íslenskri náttúru

Sóley Organics framleiðir náttúrulegar og lífrænar vörur, án allra skaðlegra efna," segir Vala Steinsdóttir, framkvæmdastjóri Sóley Organics, en eitt af stóru markmiðum fyrirtækisins er að vera nokkurs konar mótvægi við þá mengun sem neylusamfélag hefur í för með sér og vonandi veita fólki hugarró með fallegri hágæðavöru sem er aðeins búin til úr bestu mögulegu hráefnum.

„Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á áfyllingu á flestöllum vörum í búðinni okkar í Bæjarhrauni, einnig bjóða Heilsuhúsin upp á áfyllingu á sápum og sjampói. Það er að færast í aukana sem leið fyrir neytendur til að leggja sitt af mörkum til náttúrunnar og gerir okkur kleift að lækka verð vörunnar þar sem hún er seld án umbúða," segir Vala. Hótel víða um land nýta sér þann kost og er það liður í þeirra starfi að uppfylla staðla sem umhverfisvænt fyrirtæki auk þess sem það lætur gestum líða eins og þeir séu að sveipa um sig íslenskri náttúru.

Konan að baki Sóley Organics er Sóley Elíasdóttir, en hún starfaði áður sem farsæl leikkona til fjölda ára. Sóley á ekki langt að sækja áhugann og þekkinguna á íslenskum lækningajurtum, því að baki henni standa margir ættliðir grasalækna og nokkrir þeirra hafa orðið meðal þekktustu alþýðuhetja á Íslandi. Það kom því engum á óvart að Sóley skyldi taka upp þráðinn frá langalangömmu sinni, Grasabórunni (Þórunni Gísladóttur) og hefja framleiðslu húðsnyrtivara eftir aldagamalli uppskrift sem varðveist hafði í fjölskyldu Sóleyjar. Sú uppskrift er grunnurinn að vörulínunni sem inniheldur kraftmiklar íslenskar jurtir sem eru handtindar af fjölskyldu og vinum Sóleyjar á vottuðum reit við Laugavatn. Fyrirtækið hefur nú verið starfrækt frá 2007.



Lífræn vottun er mikilvægur gæðastimpill

Sóley Organics er með lífræna vottun og Vala útskýrir fyrir okkur mikilvægi hennar:

„Vottun tryggir hag neytenda. Sóley Organics er með náttúrulega og lífræna vottun frá Ecocert og Tún. Það undirstrikar að þú getir treyst vörumerkinu, en það eru alltaf einhverjir sem reyna að stytta sér leið. Vottunin styður það sem fyrirtækin



ast hefði verið að notast við Paraben sem er ódýrasta rotvarnarefnið og því afar algengt í snyrtivörum í dag, það sama má segja um Microbeads sem eru því miður enn mikið notaðar í snyrtivörur, en það eru plastefni sem skolast út í sjó og finnast í neyluvatni og lífverum. Þetta finnur þú ekki í okkar vörum en í staðinn notum við kvarnaða ólífusteina," segir Vala og bætir við: „Við sem samfélag erum orðin mun meðvitaðri um matvörur, en eigum lengra í land með húðvörur.“ En eins og Sóley segir sjálf að þá er það sem þú setur á húðina fæða fyrir hana.

„Sölustaðir eru allnokkrir og ber þar fyrstan að telja verslun Sóley Organics að Bæjarhrauni 10 í Hafnarfirði. Vörurnar eru einnig seldar í Heilsuhúsinu, Lyfju, Lyfjum og Heilsu, ÍslandsApóteki, Systrasamlaginu og víðar auk þess sem þær eru fánlegar víðs vegar um heiminn. Á vefsíðu okkar, www.soleyorganics.com, er bæði hægt að fá nánari upplýsingar um vörurnar og kaupa í vefverslun en við sendum fritt innanlands.“

segja um sig sjálf og við höfum lagt mikið upp úr því að vera með ósvikna vottun." Sóley Organics vann strax frá byrjun eftir regluverki lífrænnar vottunar en hún útheimtir mikinn tíma og pening.

Sóley þurfti að leita lengi og prófa sig áfram til að finna náttúruleg rotvarnarefni til að nota í vörurnar og lengja líftíma þeirra. Niðurstaðan varð vönduð blanda af jurtum, vítamínum og ilmkjörnum. „Auðveld-



INKLAW:

Flott íslensk hönnun fyrir karlmenn

Inklaw er framsækið hönnunar-fyrirtæki og fataverslun sem sérhæfir sig í þægilegum, vönduðum og flottum fötum fyrir karlmenn. Bómullarbuxur, hettupeysur, bolir og gallabuxur, jakkar og úlpur eru áberandi í fataúrvalinu og eitt sérkenni á fötunum er máluð tákn sem njóta sín frábærlega. Inklaw selur eingöngu eigin hönnun.

Þeir félagarnir Róbert Ómar Elmarsson og Guðjón Geir Geirsson stofnuðu fyrirtækið árið 2014 og hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt síðan. Guðjón Geir er fatahönnuður en Róbert Ómar sér um viðskipta-hliðina. Vinna þeir báðir í fullu starfi hjá fyrirtækinu og eru síðan með tilfallandi starfsfólk eftir verkefnum og álagspunktum.

Það er dálítið merkilegt að í fyrstu seldist meira af fötum Inklaw erlendis, en undanfarið hefur merkið verið að sækja í sig veðrið á Íslandi og fötin að verða vinsæl meðal íslenskra karlmanna.

„Fyrst og fremst eru þetta föt sem við sjálfir viljum vera í. Stærri hluti markhópsins er ungir karlmenn en það hafa líka eldri menn keypt sér föt hjá okkur og þetta höfðar til nokkuð

margra. Við erum líka með fjölbreytta vörulínu þar sem annars vegar er um að ræða dálítið krassandi föt og hins vegar fínlegri hönnun sem eldri kynslóðin tengir betur við,” segir Róbert.

„Einkennismerkið okkar er handmálunin, þar sem máluð eru verk eða tákn á fötin. Að öðru leyti leggjum við áherslu á að bjóða eingöngu upp á séríslenska hönnun frá Íslandi.“

Fötin frá Inklaw eru seld í gegnum vefverslun á heimasíðunni inklaw-clothing.com. Þar má skoða fjölbreytt úrvalið og fötin njóta sín vel á góðum ljósmyndum.

„Það er mikið ferli á bak við það að búa til eina flik og við eyðum miklum tíma í að finna réttu efnin og fullkomna sniðin,” segir Róbert og það er auðvelt að trúá því þegar maður skoðar fötin á vefnum, þau bera með sér þaulhugsaða hönnun og eru virkilega aðlaðandi og flott.

Róbert telur að verðið hjá Inklaw sé mög hagstætt miðað við gæðin, því í framleiðslunni liggja mjög vönduð efni og mikil hugsun og vinna varðandi hönnun.

Sjón er sögu ríkari og það er um að gera að skoða úrvalið á vefsíðunni inklawclothing.com.





NOX:

Sérsmíðaðir skartgripir sem þú færð ekki annars staðar

Eins og við vitum eru skartgripir til í öllum verðflokkum. Sumir sækjast eftir ódýru en snotru glingri en aðrir eru að leita að einhverju sérstöku og persónulegu, sem eðli málsins samkvæmt kostar sitt. Þeir sem leita til gullsmíðsins Jóhannesar Ottóssonar – Jóa – eru í síðarnefnda hópnun. Þar fá þeir sérsmíðaða skartgripir sem eru mjög persónulegir, eitthvað sem þú færð ekki annars staðar.

„Ég hef mikið fengist við að sérsmíða dýra skartgripir, til dæmis demantshringi, og hvað varðar giftingarhringapör hef ég farið nýjar leiðir, það eru til dæmis hringir með fingraförum þaranna. Raunar er það ekki mín hugmynd og fleiri eru að gera það en ég hef líka farið enn



nýástárlegri leið: Það segir eitthvað hvort við annað og ég gref hljóðbylgjurnar af tali þeirra utan á hringana. Maður þarf stundum að leggja höfuðið í bleyti til að gera ekki alveg eins og allir hinir,” segir Jói.

Örstutt saga segir mikið um hvað þessi hönnun er einstaklingsmiðuð og hvað þetta eru mikilvægir gripir fyrir þá sem eignast þá:

„Það hefur gerst margt að erlend pör sem hafa verið á Íslandi sem túristar hafa samband við mig eftir að þau eru komin heim og panta trúlofunarhringa. Síðasta sumar afgreiddi ég til dæmis Breta en hann hafði verið hér árið áður með unnustu sinni og ætlaði að biðja hennar. Við vorum að velta þessu á milli okkar í tvo mánuði og hann keypti á endanum stóran demant. Þetta var svo dýr hringur að ég flaug út með hann.“



Karlmannaskart endurvakið

„Ég hef verið að keyra mikið á karlmannaskarti. Áður fyrr áttu allir karlmenn útskriftarhringi, þeir voru ýmist með vélstjóramerkinu eða bláum eða rauðum steini. Margir minnst þess að hafa séð afa sinn með svona. Þetta datt út en er að koma mjög sterkt inn núna. Ég er bæði að gera hringi með plötum og steinum. Síðan er ég með mína línu sem byggð er á íslensku vættunum,” segir Jói en það hefur verið markmið hans að endur-

vekja skartgripanotkun karlmannanna allt frá því að hann byrjaði í faginu.

„Þegar karlar hafa gengið með skart á seinni tímum þá hafa það gjarnan verið hauskúpuhringir eða eitthvað slíkt en ég er að endurvekja gömlu hefðina í karlmannaskartgripum. Ég hanna bæði hringi í grófari kantinum og fingerða hringi með plötum og fangamarkið grafið í plötuna.“

Hver og einn maður fær skartgrip sem hæfir hans skapgerð og smekk enda er sérsmíði ær og kýr Jóa. „Fólk er að fá eitthvað fyrir sjálft sig, sem passar því og engum öðrum.“

Endursköpun jólaóróans

Jói var orðinn dálítið leiður á hefðbundnum jólaóróum sem hafa verið óbreyttir lengi svo hann endurskapaði íslenska jólaóróann fyrir nokkrum árum:

„Fyrir síðustu jóla kom ég í fjórða sinn með íslenskan jólaóróa á markaðinn. Ég hef verið að nota íslensk dýr í óróann, ég nota sömu umgjörðina en skipti um dýr árlega. Fyrsta árið var hreindýr, svo kom rjúpa, þar næst refurinn og í fyrra var það snæuglan. Spennandi verður síðan að sjá hvaða dýr verður í jólaóróanum 2018.“

Þeir sem hafa áhuga á að skoða nánar hönnun Jóa og ef til vill eignast einstæðan og sérsmíðaðan skartgrip úr hans smíðju ættu að kíkja á heimasíðuna nox.is, Facebook-síðuna Nox og Nox á Instagram. Það er líka hægt að komast í samband við Jóa með því að senda skilaboð í gegnum vefsíðuna eða Facebook-síðuna eða hringja í síma 822-8208.





BÍLASALA REYKJAVÍKUR



LAND ROVER DISCOVERY 4 HSE SDV6
black packet. Árgæð 2014, ekinn 49 þ.KM,
dísel, sjálfskiptur. Verð 8.790.000. Rnr.433220.



LAND ROVER DISCOVERY 5 HSE.
Árgæð 2017, ekinn 9 þ.KM, dísel, sjálfskiptur
8 gírar. Verð 11.890.000. Rnr.435509.



TOYOTA Land cruiser 150VX . Árgæð 2018,
Nýr bíll , dísel, sjálfskiptur. Verð 10.900.000.
Rnr.435569.



AUDI Q5 QUATTRO. Árgæð 2013, ekinn
108 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000.
Rnr.435440.



VW PASSAT TDI 4MOTION. Árgæð 2013,
ekinn 130 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
Verð 2.820.000. Rnr.435241.



LAND ROVER DISCOVERY SPORT
PANORAMA, 7SÆTA Árgæð 2018, NÝR BÍLL
dísel, sjálfskiptur 9 gírar. Verð 6.590.000.
Rnr.435456.



PORSCHE 911 CARRERA 4 GT3 OPTIK
Árgæð 2001, ekinn 79 þ.KM, bensín, 6 gírar.
Verð 5.690.000. Rnr.434739.



TESLA MODEL S 85. Árgæð 2014, ekinn 48
þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 8.900.000.
Rnr.432153.



VW Golf HIGHLINE. Árgæð 2014, ekinn
49 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð
2.390.000. Rnr.435520.



MAZDA 6 optimum. Árgæð 2017, ekinn
17 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð
4.990.000. Rnr.435466.



LAND ROVER DISCOVERY SPORT
PANORAMA Árgæð 2017, Nýr bíll , dísel,
sjálfskiptur 9 gírar. Verð 5.890.000. Rnr.434940.



BMW 640 d xdrive. Árgæð 2013, ekinn 109
þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.000.
Rnr.435083.



Flamant
tímalaus hönnun



HEIMILI & HUGMYNDIR



Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími 578 4400 | heimilioghugmyndir.is





ERU RAFSÍGARETTUR HÆTTULEGAR?

A nokkrum árum hafa hinar svokölluðu rafrettur orðið gríðarlega áberandi í samfélaginu. Saga gufureykninga er aldagömul en rafrettur komu fyrst á markaðinn árið 2003 og voru þróaðar af kínverska lyfjafræðingnum Hon Lik. Þetta gerði hann til að hjálpa sjálfum sér að hætta að reykja.

Með rafrettum losnar maður við krabbameinsvaldandi tjöru og eiturefni úr sígarettureyknum. En rafrettur hafa einnig náð útbreiðslu út fyrir raðir reykingafólks, sérstaklega til ungs fólks og unglinga enda fást þær með alls

kyns girnilegum bragðefnum og í flottum umbúðum. Er ástæða til að hafa áhyggjur af þessari sprengingu í notkun rafrettna?

Margar rannsóknir benda til þess að rafrettunotkun sé ekki nær eins skaðleg heilsu manna eins og sígarettureykingar. Enn vantar þó langtímarannsóknir til að sýna fram á langtímaáhrif þeirra.

Valda rafsigarettur krabbameini?

Nikótín sem slíkt er ekki beint krabbameinsvaldandi en það getur örvað vöxt krabbameinsfruma sem eru til staðar auk þess sem

það hefur áhrif á hjarta, heila, taugakerfið og öndunarferi.

Nikótín er einnig mjög ávana-bindandi og það efni sem gerir reykingafólki svo erfitt að hætta reykingum. Þó nikótíninnihald rafrettna sé mun lægra en í sígarettum þá geta rafrettureykingar leitt ungt fólk út í sígarettureykingar með áunninni nikótínþörf. Nikótínvökvi getur verið banvænn, sé hans neytt á annan hátt en leiðbeiningar segja til um, og er því hættulegur, sérstaklega börnum ef þau komast í hann.

Rafrettur, hvort sem þær innihalda nikótín eða ekki, innihalda

allar gufureyk og nú liggja fyrir vísbendingar um að í þeim séu efni sem séu slæm fyrir heilsu okkar.

Rafrettugufur innihalda ýmis efni, bæði málmefni og nikótín, þó að sá styrkleiki sé umtalsvert lægri en í sígarettureyk. Þessi efni geta haft áhrif á heilsu og líðan þeirra sem eru í kringum rafrettureyk og geta verið krabbameinsvaldandi. Díasetyl er efni sem finnst bæði í rafrettuvökva og sígarettureyk og er talið geta valdið óafturkræfum bráðum lungnasjúkdómi, bronchiolitis obliterans. Gufan er einnig ertandi fyrir lungun sem er vont fyrir fólk með viðkvæm lungu

og ungt fólk sem er enn að taka út sinn líkamsproska.

Rafrettur virðast vera góður kostur fyrir þá sem vilja hætta að reykja en ef þú reykir ekki fyrir er ekki skynsamlegt að byrja rafrettureykingar þar sem rannsóknir benda til skaðsemi þeirra fyrir heilsu okkar og auknar líkur eru á því að þau sem nota rafrettur fari síðar að reykja sígarettur. ■

Grein þessi birtist upprunalega á vefnum Doktor.is og er höfundur hennar Guðrún Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur.



MYND: SÍSTRYGGLARI

Finnst ótrúlegt hve mikið jafnrétti ríkir hér á landi

■ Brasilísk fréttakona verður á Íslandi í fjóra mánuði ■ Einbeitir sér að íþróttum

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



Heimsbyggðin hefur mikinn áhuga á Íslandi þessa dagana og sérstaklega íslenski knattspyrnu. Fjölmíðlar um allan heim skilja ekki hvernig þjóð sem telur rúmlega 300 þúsund íbúa eigi nú lið á stærsta íþróttamóti í heimi, sjálfu heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Knattspyrnusamband Íslands hefur ekki undan að

svara fyrirspurnum frá fréttafólki úti um allan heim. Áhuginn er líklega hvergi meiri en í Brasilíu en Globo/SporTV, sem sérhæfir sig í íþróttumfjöllun, ákvað að senda hingað fréttakonu í byrjun mars og dvelur hún á Íslandi fram í miðjan júlí. Carina Ávila er 25 ára gömul og hún leigði hús í miðbænum sem hún býr í þá mánuði sem hún er hér á landi. Við höfðum mælt okkur mót í höfuðstöðvum Frjálsrar fjölmiðlunar til að fara yfir af hverju hún væri hér

Hvernig getur þjóð sem heitir Ísland, land elds og ís náð svona árangri? Þetta eru spurningar sem fólk í Brasilíu vill fá svör við.

á landi. Við áttum stefnumótið klukkan 15.00 í miðri viku og var klukkan nokkrar mínútur yfir

þegar sími minn hringdi, leigubílstjórinn var í símanum og spurði hvar skrifstofan væri. Carina átti

í vandræðum með að bera fram nafnið á götunni. „Fyrirgefðu hvað ég er sein,“ sagði Carina þegar hún renndi í hlað á leigubílnum.

„Það sem dregur mig hingað til lands er í raun sá mikli áhugi sem fólk í Brasilíu hefur á frábæru gengi Íslands í fótbolta, hér búa ekki fleiri en í ágætlega stóru hverfi í Brasilíu. Fólk skilur því ekki hvers vegna svona lítill þjóð nær þessum árangri í vinsælu íþróttagein í heimi. Þið eruð á

leið á stærsta íþróttaviðburðinn af þeim öllum, sjálft heimsmeistaramótið," sagði Carina þegar við höfðum fengið okkur sopa af kaffi og byrjað að ræða málin.

„Hvernig getur þjóð sem heitir Ísland, land elds og íss, náð svona árangri? Þetta eru spurningar sem fólk í Brasilíu vill fá svör við. Hér er svo kalt, Ísland nær frábrærum árangri í öllum íþróttum. Ég var því send hingað til að kynna landið fyrir fólk í Brasilíu, ég á að fanga stemminguna í kringum heimsmeistaramótið. Ég verð hér á meðan Ísland er að spila úti í Rússlandi og kem með öll viðbrögð frá landinu beint heim til Brasilíu. Við elskum víkingaklappið, það er hreint magnað fyrirbæri. Ég verð hér fjóra mánuði. Ég var send hingað til að tala eingöngu um íþróttir en ef það kemur eldgos eða eitthvað slíkt þá hleyp ég inn í það líka. Ég á að einbeita mér að íþróttum og þá helst fótbolta.“

Hrósar ríkinu

Carina er hrifin af því hvernig íslensk sveitarfélög og ríki hafa stutt við bakið á íþróttastarfi í landinu. „Þegar maður fer að kynna sér málin alveg ofan í kjölinn þá sér maður allan þann vöxt sem hefur verið í íþróttastarfi ykkar. Hvernig bæði sveitarfélög og ríkið hafa komið að því að byggja upp aðstöðu til að hægt sé að æfa við bestu aðstæður allan ársins hring. Unglingastarf ykkar í íþróttum er líka ótrúlegt, hér eru ungir krakkar að æfa undir handleiðslu þjálfara sem hafa mikla menntun. Þetta þekkest ekki alls staðar, krakkarnir byrja snemma og geta æft innanhúss. Eftir að hafa rætt

við marga held ég að hún hafi hjálpað ykkur mikið, þessi bættu aðstaða, en þið virðist halda í ykkar gildi sem skilar sér í einstökum liðsanda. Hér eru allir samstíga á þeirri leið að ná árangri. Í karlalandsliðinu er til dæmis ekki nein stjarna í raun og veru, liðið heldur áfram að virka þótt einhver detti út. Þetta er liðsheild sem hefur skilað Íslandi þessum magnaða árangri í karlafótboltanum, það er mín skoðun.“

Elskar landið

Carina kom til landsins í byrjun mars og er ástfanginn af því sem land og þjóð hefur upp á að bjóða. „Þetta er alveg magnað, það er svo fallegt allt hérna. Þetta er svo ólíkt því sem ég er vön, fólk hér er svo þolinmótt. Allir búa við mikið jafnrétti, þetta er annar raunveruleiki en ég á að venjast. Á mínum fyrsta degi hérna sá ég norðurljósin, ég á eftir að ferðast betur um landið. Það sem ég hef séð er magnað, ég verð að fara í kringum landið og skoða staði sem eiga sér ríka sögu í íþróttum. Ég fer á Akranes og mun skoða þann magnaða árangur sem ÍA hefur náð í fótbolta, ég fer til Vestmannaeyja á næstunni og mun þar skoða eyjuna þar sem Heimir Hallgrímsson ólst upp. Fyrirtækið vill að ég sýni allt frá Vestmannaeyjum, ég ætla að reyna hitta fólk frá ÍBV og sjá þær aðstæður sem landsliðsþjálfari ykkar ólst upp við.“

Stuðningsmenn hreyfa við henni

Íslenska landsliðið í fótbolta, sama hvort það er karla eða kvenna, á bestu stuðningsmenn

Í Brasilíu eru miklar hefðir, miklir fordómar og fólk er mjög kassalaga. Fólk er hrætt við nýjungar og er ekki opið fyrir neinu nýju.

í heimi að hennar mati. „Ég hef séð mörg myndbönd af stuðningsmönnum ykkar, og hvernig þeir koma fram er alveg magnað. Það var eitt myndband frá Evrópumótinu í knattspyrnu sem þar sem fólk sem var í miðbæ Reykjavíkur var að horfa á leikinn og taka víkingaklappið og gleðin skein úr hverju andliti. Þetta hreyfði við mér, ég vildi bara vera á staðnum þegar ég sá þessi myndbönd öll. Ég hef íhugað að halda bara með Íslandi á HM en ekki Brasilíu, en ætli ég verði ekki að styðja mína þjóð. Ég mun líka halda með Íslandi og vona að þið náíð frábrærum árangri í Rússlandi. Ísland getur haldið áfram að bæta sig.“

Allir í Brasilíu styðja Ísland

Carina segir að hver einasti Brasilíumaður muni styðja Ísland í fyrsta leik okkar á heimsmeistaramótinu þegar við mætum Argentínu, erki fjendum Brasilíu.

„Ég veit nú ekki hvernig ykkur mun ganga á HM, það er svo erfitt að spá fyrir um slíkt. Þetta er svo sterkt mót og óvæntir hlutir geta gerst, það sem ég get þó sagt er að hver einasti Brasilíumaður mun styðja ykkur í fyrsta leik. Það væri magnað ef þið mynduð vinna Argentínu og það myndi gleðja okkur mikið. Þið getið treyst á okkur, við munum styðja ykkur. Ég vona bara að Ísland komist upp úr riðli sínum, það væri frábrætt. Ef þú kemst upp úr riðlinum þá getur allt gerst. Fólk í Brasilíu byrjaði að hafa áhuga á Íslandi eftir jafntefli ykkar við Portúgal á EM í Frakklandi, þar gerðuð þið frábrætt jafntefli og svo kom sigurinn á Englandi og fólk bara skilur ekki hvernig svona lítill þjóð getur náð þessum árangri. Ég er að reyna að útskýra það fyrir fólk heima með því að vera hérna og kynna mér landið og hefðir ykkar betur.“

Samfélagið stöðvast

Brasilía hefur unnið heimsmeistaramótið í knattspyrnu, fimm sinnum og krafan í heimalandi Carinu er að liðið vinni í sjötta sinn í Rússlandi. „Krafan á liðið er frekar einföld, það er ætlast til að liðið vinni HM. Það tala allir í Brasilíu um þann sjötta, fólk elskar liðið og okkar nýja þjálfara. Liðið hefur náð fyrri vinsældum eftir að Dunga var rekinn sem þjálfari, hann var alveg hræðilegur. Núna hefur Tite tekið við liðinu og liðið vinnur nánast alla leiki. Fólk elskar hann og hvernig liðið er að spila. Þegar það er leikur á HM þá stoppar allt í Brasilíu, fólk þarf ekki að mæta til vinnu, skólum er lokað og það eiga allir að horfa á leik

inn. Fólk sem hefur lítinn áhuga á fótbolta horfir á leikina því það er ekkert annað að gera. Mamma mín sem dæmi, hún hefur ekki neinn áhuga á fótbolta en hún horfir á leikina á svona móti. Það er ekkert annað að gera, allt er lokað nema staðir sem eru að sýna leikina. Fólk hefur miklar væntingar til liðsins í sumar. Það verður erfitt að vinna og ég held að Þýskaland sé líklegast til árangurs.“

Elskar jafnréttið á Íslandi

Carina segist hrífast af því hvernig jafnrétti er hér á landi en það er langt frá því að vera raunin í Brasilíu. „Í Brasilíu eru miklar hefðir, miklir fordómar og fólk er mjög kassalaga. Fólk er hrætt við nýjungar og er ekki opið fyrir neinu nýju, það er allt öðruvísi hér. Hér eru ekki neindir fordómar og jafnréttið hér á landi er alveg magnað. Ég hef verið að fjalla um jafnrétti ykkar, konur og karlar fá öll sömu réttindi. Ég heyrði til dæmis af því að nú fá karla- og kvennalandsliðið sama bónus fyrir árangur í undankeppni. Það er magnað miðað við það sem við þekkjum, þetta er ekki svona í Brasilíu. Í íþróttum í Brasilíu hefur enginn áhuga á kvennaknattspyrnu, það veit enginn hvað leikmenn heita eða að það séu leikir að fara fram. Þegar HM hjá körlunum fer fram þá stoppar allt, en þegar konurnar taka þátt á HM þá veit enginn af því, fólk er bara alveg sama. Þetta er ekkert sýnt í sjónvarpi, hér les ég blöð og fjölmiðla og hér er fjallað um kvennafótbolta á hverjum degi. Þannig er það ekki í Brasilíu, við erum vonandi að taka skref í þessa átt en það gerist hægt. Kynjajafnrétti er ekki til staðar.“



Verkfæri ehf.
 Hlíðasmári 3, 201 Kópavogur
 Sími: 544 4210
 info@verkfaeriehf.is verkfaeriehf.is



Eigum fyrirliggjandi á lager planlasera og móttakara í miklu úrvali. Verð frá 139.000 kr. + vsk. 5. ára ábyrgð á laserum. Tilboð í mars: Þrífótur og stika fylgja með öllum planlaseraum.



Topcon X-22 2D vélastjórn fyrir belta-gröfur:

- Útilokar óþarfan gröft
- Fljótlegt í uppsetningu
- Einfalt í notkun
- Bjartur og skýr snertiskjár
- Þráðlausir halla-skynjarar


Verð aðeins 590.000 kr. + vsk.



Topcon TP-L5G röralaserar. Grænn geisli. Verð aðeins 359.000 kr. + vsk. 5 ára ábyrgð á laserum.



Hiper V Rover & FC-5000. Verð aðeins 1.950.000 kr. + vsk.



Topcon X-73i 3D vélastjórn fyrir belta-gröfur:

- Þrívíddar gröfu-stjórnun
- Skerið halla fljótt og vel
- Jafnið lárétta eða þrívíða fleti
- Uppfæranlegur að öllu leiti
- Eykur öryggi á vinnustað
- Réttur halli kemur fram á ljósaröð auk viðvörunar-hljóðmerkis

Verð frá 3.700.000 kr. + vsk. miðað við 4. skynjara.

SAKAMÁL



18 ára var yngsta fórnarlamb ástralska raðmordingjans Roberts J. Wagner. Um var að ræða Thomas Trevilyan og var hann á meðal þeirra tíu sem Robert, í félagi við fleiri ódáma, myrti á árunum 1992–1999 í Snowtown í Suður-Ástralíu. Upp komst um morðin þegar líkamsleifar átta fórnarlambanna fundust í tunnum fullum af sýru í mannauðu, fyrirverandi bankahúsnæði í bænum Snowtown. Ekkert fórnarlambanna var frá bænum.

VÍGVEITINGA

■ Janelle flutti til Norfolkkeyju ■ Ekki vel liðin af öllum ■ Var myrt á páskadag 2002

Kyrrahafseyjarnar hafa í hugum fólks löngum tengst friðsæld og fallegu sólsetri. Svo sannarlega var sú raunin hjá um 1.800 íbúum Norfolkkeyju sem liggur 1.600 kílómetra frá ströndum Ástralíu.

Árið 2002 töldu flestir íbúanna að þeir væru óhultir gagnvart því ofbeldi sem tíðkaðist víða um lönd. Afkomendur uppreisnarmanna af HMS Bounty höfðu sest þar að en eyjan hafði fyrir meir verið fanganýlenda breska heimsveldisins.

Hvað sem því öllu líður þá varð breyting þar á páskasunnudag, 31. mars 2002.

Stungin og skorin

Janelle Patton, 29 ára framkvæmdastjóri veitingahúss, hvarf daginn þann þegar hún skrapp í göngutúr sér til ánægju. Síðar þennan sama dag fannst líkið af henni, vafið inn í svart plast á Cockpit Waterfall-friðlandinu á öndverðum enda eyjarinnar miðað við þann sem hún hafði síðast sést.

Heilmiklir varnaráverkar á höndum gáfu til kynna að Janelle hafði veitt árasarmanni sínum harða mótspyrnu.

Hún hafði verið stungin og skorin 64 sinnum, önnur mjöðmin var brotin sem og annar ökklinn. Einnig var höfuðkúpan brákuð.

Ekki vel liðin af öllum

Ástralskir rannsóknarlögreglumenn komu frá Canberra í Ástralíu og tóku að sér rannsókn málsins. Þeir voru ekkert að drölla og byrjuðu á að taka fingraför allra eyjar-

skeggja á aldrinum 15 til sjötugs.

Rannsóknarlögreglan komst einnig á snoðir um að Janelle, sem hafði komið til eyjarinnar tveimur árum fyrir, var ekki allra hugljúfi og nöfn nokkurra íbúa Norfolkkeyju skutu upp kollinum og þóttu þess virði að verða könnuð nánar.

Sýndist lögreglu sem í þeim hópi grunaðra kynni morðinginn að leynast, en fátt frétnæmt gerðist þó í málinu næstu tvö árin.

Sá fyrsti í yfir 100 ár

Einhverjum árum síðar fékk lögreglan áhuga á Glenn McNeill, 28 ára kokki. Hann hafði haldið til á Norfolkkeyju en farið á sínar heimaslóðir, í Nelson í Auckland, í maí 2002. Árið 2004 skipaði Glenn efsta sætið á lista lögreglunnar yfir grunaða. Honum var gert að snúa aftur til Norfolk sem hann og gerði.

Það var síðan þann 1. febrúar, 2007, að Glenn var ákærður fyrir morð, fyrstur manna á Norfolkkeyju allar götur frá árinu 1893.

Heilmiklum vandkvæðum var bundið að skipa hlutlausan kviðdóm, enda ekki margir á lausu sem ekki höfðu þekkt annaðhvort þann ákærða eða fórnarlambið. Einnig hafði fjöldi manns þá þegar myndað sér ákveðna skoðun í málinu.

Næg sönnunargögn

Þegar loks hafði tekist að finna 12 manns í kviðdóminn var þeim sagt að Glenn hefði þá þegar viðurkennt að hafa fyrir slysní keyrt á Janelle. Síðar dró hann þá frásögn til baka.

Sagðist Glenn hafa farið í kerfi og skellt Janelle í farangursrými



Janelle Patton
Lík hennar fannst á friðlandi á Norfolkkeyju.

bifreiðarinnar. Síðar, þegar hún komst til meðvitundar, banaði hann henni með hníf.

Fingraför Glenns fundust á

svarta plastinu sem vafið hafði verið utan um líkið og fleiri sönnunargögn í bifreið Glenns og þeirri íbúð sem hann hafði búið í fyrrum.

Árangurslaus áfrýjun

Kviðdómur komst að niðurstöðu 9. mars, 2007. Glenn McNeill var fundinn sekur og fékk þegar upp

Barnfóstra myrt og brennd

Réttarhöld hafin í London yfir frönsku sambýlisfólki

Um þessar mundir standa yfir í Old Bailey í London réttarhöld yfir frönsku sambýlisfólki búsettu þar í borg. Forsaga málsins er sú að brunnar líkamsleifar franskra barnfóstru, Sophie Lionnet, 21 árs, fundust í garði við hús í Southfields í suðurhluta borgarinnar 20. september í fyrra. Lífskóðun leiddi í ljós að Sophie hafði sætt barsmíðum fyrir dauða sinn.

Haft var eftir sækjanda í málinu, Richard Horwell, að Sophie hefði verið „föst í gildru heimilismartraðar.“

Brákað bringubein og fleira

Vinnuveitendur Sophie voru Sabrina

Kouider, 34 ára, og Ouissem Medouni, 40 ára. Þau hafa viðurkennt að hafa reynt að losa sig við líkið af Sophie, en þræta fyrir að hafa orðið henni að fjörtjóni.

Horwell upplýsti kviðdómara um að lík Sophie bæri ummerki „verulegs ofbeldis“ þar á meðal mætti nefna „brákað bringubein, fjögur brákuð rif og brákaðan kjálka.“

Enn fremur gerði Horwell heyrinkunnugt að tilvera Sophie á heimili vinnuveitenda sinna hefði einkennst af „undarlegheitum og kúgun.“

Stjórnað með svartagaldri

Að sögn Horwells var Sabrina Kouider með



Sophie Lionnet Átti ekki sjö dagana sæla hjá vinnuveitendum sínum.

Mark Walton á heilanum, en þau ku hafa verið kærustupar um skeið og eignuðust son saman. Umræddur Mark var einn af

stofnendum strákabandsins Boyzone, sem naut vinsælda um skeið.

Sabrina sakaði Sophie, sem hóf störf hjá henni og Quissem rétt orðin tvítug, um að vera „í liði“ með Mark og sagði hún að Mark Walton stjórnaði henni með „svartagaldri.“

„Sophie var ekki aðeins ung, hún var einnig, teljum við, bernsk og einstaklega berskjölduð og fyrir vikið auðvelt skotmark svívirðinga og misnotkunar,“ sagði Horwell.

Grunuð um græsku

Í ljósi þess sem sagt hefur verið það sem af er réttarhöldum þá grunaði Sabrina barn-



7 ára drengur og níu ára stúlka féllu fyrir hendi japanskrar konu, Suzuku Hatakeyama, í apríl og maí 2006. Drengurinn hét Goken Yoneyama og var nágranni Suzuku í Fujisato í Akita. Suzuka kyrkti hann á heimili hennar 17. maí 2006. Tæpum mánuði áður, 19. apríl, hafði hún hrínt níu ára dóttur sinni, Ayaka Hatakeyama, af brú og ofan í á. Í upphaflegri játningu, eftir að Suzuka var handtekinn, bar hún því við að dóttir sín hefði verið bölvuð plága.

JAWAZ

SAKONUNNAR



Glenn McNeill
Var að sögn lausgirtur.

„Aliesha, er í lagi með þig? Aliesha þér blæðir.“

Blóð eða málning

Sagði Tracy að 31. mars, 2002, hefði hún séð Alieshu rífast heiftarlega við einhvern. Tracy sagði að henni hefði verið gengið út um bakdyr Hillcrest-hótelsins þar sem hún og Aliesha unnu þá og séð Alieshu öskra á einhvern á bak við runna.

Tracy sá annan handlegg Alieshu sveiflast „í boga“, en sá ekki á hverju hún hélt. Hún hrópaði á Alieshu sem kom til hennar en viðmælendi hennar, sem Tracy ályktaði að væri Glenn, var í hvarfi við runnann.

Tracy sagðist hafa séð það sem hún taldi vera blóðbletti á treyju Alieshu, og spurt: Aliesha, er í lagi með þig? Aliesha þér blæðir.“ Aliesha hefði svarað að bragði: „Nei, þetta er málning.“

Sennilega Janelle

Tracy sagði að Aliesha hefði verið afar rauð í framan og hún hefði dregið þá ályktun að Aliesha skammaðist sín fyrir að hafa verið gripin glöðvolg í hávaðarifrildi við eiginmann sinn.

Um korteri síðar sá Tracy hjónakornin standa við hvíta fólksbifreið sem hafði verið bakkað inn í verkfæra- og viðhaldsskúr

hótelsins. Hún hafði séð Glenn koma þaðan út um opnar dyrnar.

Hún velti því ekkert frekar fyrir sér á þeirri stundu, hélt enda að aðeins þau tvö hefðu staðið í rífrildi.

Það var ekki fyrr en þó nokkru seinna sem það rann upp fyrir henni að óþekktar manneskjan á bak við runnann gat ekki hafa verið Glenn. Sennilega hefði verið um Janelle að ræða.

Janelle forvitnaðist um Glenn

Í öðrum framburði sínum, hjá lögreglunni í febrúar 2006, sagði Tracy að tveimur vikum áður en Janelle var myrt hefði hún komið inn á veitingastað Hillcrest með hópi fólks. Þegar Janelle fékk tækifæri til að vera ein með Tracy hefði hún spurt hvort Aliesha ynni á hótelinu.

Tracy sagði Janelle sem var, að Aliesha ynni í gestamóttökunni og aðspurð sagði hún einnig að Aliesha væri verulega indæll.

Enn fremur sagði Tracy: „Maður Alieshu, Glenn, barst í tal. Ég man að ég sagði að Glenn væri svolítill asni og að ég hefði heyrt orðróm þess efnis að hann væri lausgirtur. Ég spurði Janelle af hverju hún væri að forvitnast um hann, en þá breytti hún um umræðuefni.“

Óvenjumikill áhugi

Í samtali sem Tracy og Aliesha áttu síðar spurði sú síðarnefnda Tracy hvort mögulegt væri að ekið hefði verið af ásettu ráði á Janelle, eða eitthvað í þeim dúr. „Ég sagði að það væri mögulegt því Janelle hefði reitt sumt fólk á eygni til reiði,“ sagði Tracy við lögregluna.



Á Norfolkkeyju
Enginn hafði verið ákærður fyrir morð á eyjunni í yfir 100 ár.

Má, í ljósi frásagnar Tracy, ætla að Aliesha og Glenn hafi verið óvenju áhugasöm um morðið.

„Innan við viku eftir þetta var ég í vinnunni, í starfsmannaherberginu, og Aliesha kom út af skrifstofunni og sagði mér að Glenn hefði heyrt orðróm þess efnis að ég hefði séð þegar Janelle var myrt, og að ég væri dauðskelfd. Ég sagði henni að þetta væri ósatt,“ sagði Tracy enn fremur.

Aliesha í uppnámi

Að sögn Tracy var hún um kvöldið við vinnu sína á bar hótelsins og Glenn og Aliesha gáfu sig á tal við hana enn og aftur. Aftur höfðu skötujuin á orði að umtalað væri að hún hefði verið vitni að morðinu á Janelle. Síðan sagði Glenn eitthvað á þessa leið: „Hafðu engar áhyggjur Tracy, ég heyrði því líka fleygt að þú hefðir gert það [myrt Janelle].“

Að endingu sagði Tracy lögreglunni, þennan dag í maí 2002, að þegar eyjaskeggjar hefðu verið

beðnir að upplýsa um ferðir sínar daginn þegar Janelle var myrt hefði hún orðið við þeirri ósk. Tracy hefði þá tekið eftir því að Aliesha Taylor varð óvenjulega tugaóstyrk þegar hún sá Tracy mætta í þeim erindagjörðum.

Á öndverðum meiddi

Svo mörg voru þau orð og hvað sem frásögn Tracy líður þá ákvað saksóknarinn, Graham Rhead, að beina sjónum sínum að Glenn McNeill. Hafði hann á orði að fyrir lægju næg sönnunargögn til að sannfæra kviðdóm um sekt Glenns.

Verjandi Glenns, Peter Garling, var ómyrkur í máli og sagði mála-tilbúnaðinn á hendur skjól-stæðingi sínum morandi í glöppum og að ekki ætti að rétta yfir honum.

Verjandanum varð ekki að ósk sinni og sem fyrr segir var Glenn McNeill sakfelldur fyrir morðið á Janelle Patton og fékk, þegar upp var staðið, lífstíðardóm. ■



Mark Walton Kann eitthvað fyrir sér í svartagaldri að mati barnsmóður sinnar.

fóstru sína um takmarkalaus græsku. Sabrina hafði, að sögn, sakað Sophie um að „beita alla fjölskylduna kynferðislegu ofbeldi.“

Sophie mun hafa kvartað yfir því að hún

fengi ekki að snúa heim til Frakklands og að „hún sætti barsmíðum.“

Bálköstur í bakgarði Sabrinu og Quissem vakti athygli nágranna sem höfðu samband við lögreglu.

Skinhoruð og skelfd

Richard Horwell sagði að skötujuin hefðu vonast til að eyða líkamsleifum Sophie gjörsamlega og síðan útskýra fjarveru hennar á þann veg að Sophie hefði farið til Frakklands vegna gruns um einhvers konar handvömm af hennar hálfu.

Þegar upp komst um morðið og áform Sabrinu og sambýlismanns hennar fundust „skelfileg“ myndskildir í sínum þeirra. Um var að ræða yfir átta klukkustunda upptökur þar sem heyra mátti Sophiu yfirheyrða af parinu.

Upptökurnar sýndu, að sögn Horwells, „unga, skinhóraða, skelfda og hjálparvana konu.“ ■




Sabine Kouider Sögd hafa grunað barnfóstru sína um samsæri.

Vinsælast í vikunni á Bleikt

Hóf að hreyfa sig almennilega fyrir 4 vikum

Bylgja Guðjónsdóttir hafði ekki hreyft sig að ráði í tæp þrjú ár vegna taugaáfalls sem hún fékk. Í kjölfar taugaáfallsins varð hún

mikið andlega veik og tók að þyngjast verulega. Það sem bætti ekki úr skák fyrir Bylgju



var að vegna greiningar hennar á kvíða og þunglyndi á hún það til að fá svokallað vægt „body dysmorphia“ sem er brengluð sýn manneskju á líkama sinn eða hluta af honum.

„Ég hafði enga stjórn á lífi mínu á þessum tíma og vegna hreyfingarleysis hrönnuðust á mig kílóin. Ég hef aldrei nokkurn tímann verið jafn þung og ég var á þessum tíma eða allt þar til ég tók þessa U-beygju.“


Í dag stundar Bylgja crossfit þrisvar sinnum í viku, fer í ræktina þrisvar sinnum í viku og hjólar 10–20 kílómetra þrisvar í viku.

„Það ótrúlega við þetta allt saman er að ég byrjaði allt í einu að funkera, andleg heilsa mín hefur ekki verið jafn stöðug í að verða tvö ár og ég trúir varla muninum á mér. Ekki misskilja mig, ég á mína slæmu daga en ég er allt í einu byrjuð að höndla þá mun betur.“

Katrín deilir reynslu sinni af fegurðarsamkeppnum

Katrínu dreymdi um að taka þátt í fegurðarsamkeppni allt frá því að hún var ung stúlka. Árið 2015 fékk Katrín loksins tækifæri

til þess að taka þátt en þá var búið að afnema hæðartakmörkun í keppnum.



„Þar sem ég er aðeins 155 sentimetrar á hæð var ég alltaf langt undir meðalhæð og hélt ég fengi aldrei tækifæri til þess að taka þátt. Ég hafði ekki hugmynd um hvað ég var að fara út í og voru sumar stelpurnar alltaf svo finar á meðan ég var bara í gallabuxum og bol með ógreitt hárið.“

Katrín segir að það sem hafi komið henni hvað mest á óvart var hversu mikið af niðrandi athugasemdum var skrifað um keppendurna á netinu.

„Persónulega myndi ég aldrei tala illa um aðra manneskju þrátt fyrir að ég sé kannski ekki sammála því sem hún er að gera, en svona erum við misjöfn.“

Meira um málið á Bleikt.is

Elma Sól var fórnarlamb ofbeldis:

„Hann rændi mig æskunni“

Kjúklingapasta með sólþurrkuðum tómötum

Hildur Hilmarsdóttir, bloggari á síðunni Mamiita, deilir uppskrift að hollari útgáfu af pasta í rjómasósu. Fyrir þá sem ekki borða kjöt eða kjötvörur er einfalt mál að sleppa kjúklingi og kjúklingasoði og nota í staðinn sojakjöt eða jafnvel láta pastað duga.

Hráefni

- 2–3 kjúklingabringur
- 3 hvítlauksrif, söxuð
- Hálf krukka sólþurrkaðir tómatar
- Hálfur pakki sveppir, skornir í bita
- Hálfur laukur, grófsneiddur
- 1 dós kókosmjólk
- 1 bolli pasta, ég notaði penne-pasta
- 1 dl kjúklingasoð (hálfur teningur af kjúklingakrafti og 1 dl soðið vatn)
- ca. 15 blöð af ferskri basilíku, skorin smátt
- Sletta af kókosolíu
- Salt og pipar eftir smekk



Aníta Estíva Harðardóttir
anita@pressan.is



Elma Sól Long er tveggja barna móðir sem stundar leikskólaliðanám ásamt því að starfa sem slíkur. Elma lifir í dag hamingjusömu lífi með sambýlismanni sínum og barnsföður ásamt strákunum þeirra tveimur.

En saga Elmu hefur ekki alltaf verið jafn björt og hún er nú. Náinn aðstandandi Elmu beitti hana ítrekað hrottalegu ofbeldi í æsku og æ síðan hefur Elma þurft að glíma við skugga fortíðarinnar. Hún settist niður með blaðamanni Bleikt og rifjaði upp erfiða atburði úr æsku sinni.

„Það héldu margir að ég væri almennt mjög glaður krakki, ég var fljót að læra hluti og leit út fyrir að vera hamingjusöm. En það var ekki satt, ég var fórnarlamb mjög náins ættingja sem rændi mig æskunni. Hann hótaði mér ítrekað, sló mig, hrinti og niðurlægði. Hann braut mig gjörsamlega niður,“ segir Elma.

Elma greinir frá því að enginn í kringum hana hafi grunað hvað væri í gangi enda hafði ofbeldismaður hennar náð að snúa sökinni yfir á hana.

Fannst hún eiga ofbeldið skilið

„Ég hélt alltaf að ég hefði gert eitthvað af mér og fannst ég eiga þetta skilið. Ég man fyrst eftir ofbeldinu þegar ég var í kringum sex ára aldur. Það gerðist heima hjá mér. Móðir mín var nýfarin í vinnu og þessi einstaklingur kom þá heim. Það fyrsta sem hann gerði var að rífa mig upp, blóta mér í kaf, hrista mig og síðan bar hann mig upp í herbergi þar sem hann opnaði glugga og hélt mér hálfri út um hann. Hann hótadaði að kasta mér út ef ég segði móður minni frá.“

Elma segist hafa reynt að forðast eins og hún gat að vera heima hjá sér þegar ofbeldismaður hennar var þar, en þar sem hann var tíður gestur á heimili hennar þá var það mjög erfitt.

„Ef ég vissi að hann væri að koma heim og mamma yrði ekki þar þá fór ég út með vinum mínum. Þegar útivistartíma lauk þá fóru þau heim en ég hékk ein úti, jafnvel í opnum stiga-göngum þar sem ég lét tímamann líða, því ég vildi ekki fara heim ef hann skyldi enn þá vera þar og taka á móti mér. Ég var oftari en ekki líka búin að pissa á mig og ég vissi að ef ég kæmi heim



hlandblaut þá myndi hann setja mig í bleyju til þess að niðurlægja mig.“

Tók upp myndbönd af henni grátandi

Þegar Elma var orðin aðeins eldri komst hún að því að ofbeldismaður hennar hafði tekið upp og geymt myndbönd af henni grátandi.

„Ofbeldið minnkaði eftir því sem ég var eldri þar sem ég fór að geta svarað fyrir mig. Hann fór að vera minna inni á heimilinu en þó sótti ég einhverra hluta vegna í að halda sambandi við hann. Það var að öllum líkindum vegna þess að hann spilaði sig alltaf sem svo mikið fórnarlamb og ég fann svo til með honum. Það mætti segja að ég sé allt of aumingjagóð.“

Þegar Elma komst á unglingsaldur fór hún að eyða meiri tíma inni á heimili ofbeldismannsins vegna þess að hann leyfði henni að drekka áfengi þar, eitthvað sem hún fékk ekki heima hjá móður sinni.

„Hann var fullorðinn einstaklingur sem hafði í raun engan aga. Hann leyfði mér að drekka heima hjá sér og mér fannst það æðislegt. Mamma reyndi að sjálf-sögðu að skipta sér af en hún bara vissi ekki hvað gekk á. Hún elskaði mig út af lífinu og ef ég hefði bara getað sagt henni frá,

Það var að öllum líkindum vegna þess að hann spilaði sig alltaf sem svo mikið fórnarlamb og ég fann svo til með honum.

þá hefði þetta mögulega aldrei gengið svona langt.“

Partý öll kvöld

Elma kynntist núverandi maka sínum þegar hún var einungis fjórtán ára gömul en þau hófu ekki samband fyrr en hún var orðin sextán ára.

„Það mætti segja að hann hafi bjargað mér, hann fór að vera mikið með mér, heima hjá þessum ættingja mínum, en hann var fljótur að sjá hvers konar maður hann var. Fyllibytta, fíkill og almennt ógeðslegur. Það voru partí öll kvöld heima hjá honum og hann vildi ekki umgangast þennan mann. Hann leigði íbúð og ég flutti inn til hans.“

Elma gat einhverra hluta vegna ekki slitið sambandi við ofbeldismann sinn enda hafði hann verið náinn henni í mörg ár.

„Ég sleit svo alveg sambandi við hann í lok árs 2012 þegar hann réðst á aðra manneskju mjög nákomna mér á meðan ég var þar í heimsókn. Fram að því trúði ég að ég ein hefði lent í honum. Þetta ofbeldi var mjög slæmt og hann kýldi manneskjuna ítrekað í andlitið á meðan ég sat á grúfu yfir henni og reyndi að vernda hana.“

Hræðsla Elmu var svo mikil á þessum tímamarki að hún sá enga aðra lausn en að flýja aðstæður.

„Ég var orðin svo hrædd að ég hljóp út á sokkunum í snjóinn og hringdi í lögregluna. Ég varð því miður að skilja manneskjuna eftir inni hjá honum þar sem ég var orðin of hrædd. Ég bað lögregluna um að sækja hana inn til hans.“

Ofbeldismaður Elmu fékk á sig kærur fyrir líkamsárás eftir þetta atvik og var dæmdur sekur.

„Ég var svo Guðs lifandi fegin þegar hann var dæmdur. Ég hef aldrei kært hann sjálf enda voru aldrei neinar sannanir nema orð á móti orði, svo lögræðingur minn talaði mig af því. Mér bauðst hins vegar að fá á hann nálgunarbann á sínum tíma. Ég hef heldur aldrei leitað mér aðstoðar vegna hræðslu við hann, en nú er komin tími til þess að tala upphátt.“ ■

tum og basilíku


AÐFERÐ

- Kjúklingabringurnar skornar í bita og steiktar upp úr kókosolíu og hvítlauk á pönnu og kryddaðar eftir smekk
- Pastað soðið eftir leiðbeiningum á pakkanum
- Sveppum, sólburrkuðum tómötum, lauk og basilíku bætt við kjúklinginn þegar hann er orðinn brúnaður. Leyft að malla saman í smá stund
- Vatninu hellt af pastanu og því blandað við kjúklinginn
- Kókosmjólkinni bætt við ásamt kjúklingasoðinu og leyft að malla þar til kókosmjólkinn fer að sjóða
- Ferski basilíku stráð yfir



Hægt er að fylgjast með Hildi og fá fleiri girnilegar uppskriftir frá henni á Instagram: hildurhilmars


Tímarvélín



Blár ketlingur hefir tapast. Peir sem kynnu að finna hann eru vinsamlega beðnir að gera aðvart í Lækjargötu 12 A uppi. Ógöð fundarlaun.


Gamla auglýsingin

Höfuðstaðurinn 19. október 1916



Fyrstu gervihnatta-diskarnir

Í upphafi ársins 1986 hófst innreið gervihnattadiska á Íslandi og gátu landsmenn þá fengið að sjá erlendar sjónvarpsstöðvar. Ari Þór Jóhannesson rafeindavirki var sá fyrsti sem setti upp slíkan disk og hóf jafnframt sölu á búnaðinum fyrir um 160 þúsund krónur. Reglugerðir stjórnvalda hömluðu þó starfsemi að einhverju leyti, bæði hvað varðar lágmarksfjölda íbúa sem mátti tengjast hverjum disk og hvað varðaði leyfi. Til að byrja með veitti einungis kristilega sjónvarpsstöðin New World slíkt leyfi en flestir vildu tengjast Sky Channel frá Bretlandi. Vegna reglugerðar þurfti Ari að geyma diskana í bílskúr sínum í Breiðholti fyrst um sinn.



Anderson skip-herra brenndur í Eyjum

Föstudaginn 7. ágúst árið 1959 var teiknuð mynd af Barry Anderson, skipherra breska flotans, sett á bálköst í Vestmannaeyjum. Í fyrsta þorskastríðinu, sem hófst haustið 1958, varð Anderson fljótt einn helsti óvinur Íslendinga. Í upphafi deilunnar fóru menn af varðskipinu Þór um borð í breskan togar sem var við veiðar sex mílur frá landi. Freigátan Eastborne, undir stjórn Anderson, kom þá og handtók varðskipsmennina en skiladi þeim skömmu síðar aftur í land. Eyjamenn ortu um Anderson er mynd hans brann: „Er þú rýmir Íslandsmið, ekki er kveðjan þvegin. Þér mun hollt að venjast við, varmann hinum megin. Eyjaskeggjar eru vanir að fást við sjóræningja frá fyrri tíð og auðheyrir er að þeir vita hvert þeir lenda.“

„Hlutir í meðallagi“

- Árbækur Espólins, 1643

Íslenski togarinn sem varð vettvangur vinsællar útvarpsstöðvar

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Þann 24. ágúst 1960 bættist nýr glæsilegur síðutogari í flota Íslendinga. Báturinn hlaut nafnið Freyr RE 1 en hann var smíðaður í Þýskalandi. Verkkaupi var Ísbjörninn hf. sem var að stærstum hluta í eigu útgerðarmannsins Ingvars Vilhjálmssonar. Ingvar, sem var fæddur árið 1899, var frumkvöðull í vélbátaútgerð frá Reykjavík og stofnaði áður nefnt fyrirtæki árið 1944 í félagi við bræðurna Þórð og Tryggva Ólafssyni. Ingvar var framkvæmdastjóri félagsins frá upphafi.

Freyr átti þrjú systurskip hér á landi, þau Maí GK 346, Sigurð ÍS 33 og Víking AK 100. Tveir síðastnefndu bátarnir komu til landsins um svipað leyti og Freyr.

Þetta voru erfiðir tímar í togaraútgerð á Íslandi. Síldarævintýrið var hafid og því gekk illa að manna bátana. Svo fór að togaranum Sigurði var lagt eftir aðeins tvo túra og togarinn Freyr varð ekki langlífur á íslenskum fiskimiðum, hann var seldur til Englands árið 1963.

Kaupandinn var útgerðarfyrirtækið Ross Trawlers í Grimsby og fékk Freyr heitið Ross Revenge. Þar sannaði togarinn getu sína sem úrvals fiskiskip í um sextán ár. Árið 1981 var skipinu lagt og var ráðgert að rífa það niður í brotajárn. Eigendur Radio Caroline komu þá auga á skipið og keyptu það. Í kjölfarið var því breytt þannig að það hentaði undir útvarpsrekstur og síðan var skipið skráð í Panama enda var þá ólöglegt fyrir breska aðila að stunda slíkan rekstur.

Útvarpsstöðin Radio Caroline var stofnuð árið 1964 af írsku athafnamanninum Ronan O'Rahilly sem þá hafði skapað sér nafn í næturklúbbaekstri og útgáfustarfsemi, aðeins 24 ára gam-

Ross Revenge, áður Freyr RE-1, var vettvangur sjóræningjaútvarpsstöðvarinnar Radio Caroline á sjó ára tímabili 1983–1990.



Freyr RE-1 Skipið var í íslenskrí eigu í rúm þrjú ár en lauk viðburðaríkum ferli sínum sem vettvangur sjóræningjaútvarpsstöðvar

all. Hugmyndin kom í kjölfar þess að hann hafði gefið út plötu tónlistarmannsins Georgie Fame og reynt árangurslaust að fá plötuna spilaða hjá BBC. O'Rahilly rakst þá á þann vegg að stóru tónlistarframleiðendurnir réðu öllu sem þeir vildu innan BBC og því ákvað hinn ungi írski viðskiptamaður að taka málið í sínar hendur.

Hann fékk fjárfesta í lið með sér og keyptu þeir gamla ferju frá Danmörku, MS Fredericia, sem síðan var breytt til þess að henta undir útvarpsreksturinn. Skipinu var síðan siglt út fyrir breska lög-sögu og síðan hófust útsendingar

um páskana 1964. Dag-skráin var einföld – látlaus vinsæl tónlist og því voru breskir hlustendur ekki vanir. Rétt er að geta þess að hugmynd O'Rahilly var ekki ný af nálinni, slíkur útvarpsrekstur hafði tíðkast í nokkur ár í öðrum löndum þar sem útvarpsstöðvum var sniðinn þröngur stakkur.

Radio Caroline varð þegar feikivinsæl en reksturinn var sviptingasamur í meira lagi og efni í langa söguúttekt. Í mars 1980 kom þáverandi útvarpsskip Radio Caroline, að landi í síðasta sinn og leitinn hófst að nýju skipi.

Þá vikur sögunni að síðutogaranum Freyr, sem nú hét Ross Revenge eins og áður segir. Skipið lá við akkeri í Skotlandi og leit út fyrir að dagar þess væru taldir. Kaldhæðni örlaganna var sú að sigur Íslendinga í þorskastríðnum var ástæða þess að skipið lá

nú verkefnaust við bryggju. Það breyttist þegar fulltrúar Radio Caroline komu auga á skipið og sáu að það smellpassaði fyrir rekstur útvarpsstöðvar á hafi úti. Það var ekki síst vegna stöðugleika skipsins.

Það tók hins vegar nokkur ár að fjármagna framkvæmdirnar á skipinu en loks í ágúst 1983 gekk Freyr enn á ný í gegnum endurnýjun lífdaga og nú sem útvarpskip með 91 metra hátt útvarpsmastur. Togarinn var vettvangur útvarpsendinga í rúm sjö ár en skipinu var lagt í nóvember 1990.

Skipið liggur nú við akkeri við ána Blackwater í Essex-sýslu í suðausturhluta Englands. Sérstakur hópur áhugamanna hefur haldið skipinu við og vill veg þess sem mestan. Þann 31. maí 2017 var skipið skráð á lista yfir söguleg skip Bretlands enda eina útvarpskipið sem enn er til.

Þess má geta að Radio Caroline er enn í fullu fjöri þó að starfsmenn hennar séu í dag allir landkrabbar. ■

Damon Albarn fagnar stórafmæli í dag

Damon Albarn, söngvari, laga-höfundur og forspraki hljómsveitanna Blur og Gorillaz, á stórafmæli í dag, en hann fagnar fimmtugsafmæli sínu.

Þann 24. ágúst 1996 var Albarn í einkaviðtali við DV þar sem hann sagðist ná sambandi við raunveruleikann á Íslandi sem honum tækist alls ekki í London. „Ég saknadi Íslands eftir að ég var farinn til Bretlands og hlakka auðvitað mikið til þess að koma aftur, annars væri ég ekki að koma,“ sagði Albarn, en viðtalið var tekið á heimili hans í London.

Svo vel líkaði Albarn við Ísland og íbúa landsins að hann keypti hlut í Kaffibarnum og einbýlishús að Bakkastöðum 109 í Reykja-



vík. Hugðist hann fullgera húsið fyrir ákveðna fjárhæð, en í fjarveru hans hækkaði reikningurinn um tugi milljóna. Stefndi Albarn verkfræðistofnunni Hönnun og taldi hana hafa brugðist eftirlits-skyldu sinni. Sátt náðist í málinu, en er málið var til meðferðar fyrir dómi lögðu forsvarsmenn verkfræðistofunnar fram tillögu sem Albarn og lögmaður hans, Heimir Örn Herbertsson, sættust á. Efni hennar var trúnaðarmál. ■



Oddur sterki á Skaganum: RITSTJÓRI, FORNMAÐUR OG ATHLÆGI

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Einn kynlegasti kvistur Reykjavíkur á fyrri hluta 20. aldar var maður sem nefndur var Oddur sterki af Skaganum. Heyrnardauður og málhaltur maður sem reri til sjós en gerðist síðar ritstjóri tveggja dagblaða. Seinna komst hann í fréttirnar fyrir að hitta sjálfan Danakonung á Þingvöllum, þá klæddur í víkingaklæði. Ekki var þó allt sem sýndist, hvorki varðandi útgáfuna né konungsfundinn. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur hittir Oddur sem barn og ræddi við DV um þennan merka utangarðsmann.

„Ég sá hann þegar ég var smástrákur, sex eða sjö ára gamall, þar sem ég og pabbi vorum að ganga niðri við höfn. Pabbi benti mér á þennan þjóðþekta mann sem var mjög sérkennilegur í útliti, með mikið skegg og fornmannlegur.“

Heyrnardauður og misprosa eftir slysi

Oddur Sigurgeirsson var fæddur árið 1879 utan hjónabands. Móðir hans, Jórunn Böðvarsdóttir, var vinnukona í Reykjavík en faðirinn, Sigurgeir Guðmundsson, var kvæntur sjómaður frá Akranesi. Fyrstu þrjú árin ólst Oddur upp hjá móður sinni en þegar hún lést fór hann í fóstur hjá föðurbróður sínum á Skaganum og þar fékk hann viðurnefni sitt Oddur sterki af Skaganum.

Skömmu eftir að Oddur fluttist til frænda síns fékk hann slæmt höfuðhögg, lá rúmfastur í marga mánuði og missti tímabundið heyrn. Þetta orsakaði mikla höfuðverki, vanlíðan og heyrnin varð aldrei söm. Oddur varð á eftir jafnöldrum sínum í þroska og máli og bitnaði það verulega á honum félagslega. Allar götur síðan talaði hann með mjög sérstökum hætti og hátt vegna heyrnardeyfðarinnar. Á 19. öld var hugtakið einelti ekki komið til sögunnar og skilningur á fötlun og heilsubresti lítill sem enginn. Oddur gekk um með horn til að heyra hvað aðrir sögðu og var hlegið að honum vegna þess.

Óvinnufær eftir aðgerð

Fimmtán ára gamall fór Oddur til sjós, enda var hann duglegur og hraustur. Var hann yfirleitt á skútum sem sigldu frá Reykjavík og fékk snemma viðurnefnið sterki. En þrátt fyrir að vera hraustur þá eltu félagslegu vandamálín hann á sjóinn og leitaði hann því í flöskuna. Oddur var oftar en ekki illa drukkinn í landi.

„Hann átti enga konu og engin



„Ég held að menn hafi verið að gera grín að henni með því að láta Odd birtast þarna.“

börn en hann var mjög barngóður og gaf börnum oft smápeninga og klappaði þeim á kollinn. Börnin þekktu Odd og sungu um hann: Oddur sterki af Skaganum, með rauða kúlu á maganum.“

Á fertugsaldri þurfti Oddur að hætta sjómennsku af heilsufarsástæðum en þó ekki vegna heyrnarinnar. Hann veiktist illa og þurfti að undirgangast stóra skurðaðgerð á kviðarholi. Þegar hann missti vinnuna varð hann að hálfgerðum flækingsi í miðbæ Reykjavíkur.

Notaður af Alþýðuflokknum

Um miðjan þriðja áratug síðustu aldar bjó hann í kjallaraholu við Spítalastíg og þá flæktist hann óvænt inn í pólitískar deilur. Oddur sterki var allt í einu orðinn ritstjóri tveggja dagblaða, Harðjaxlsins og aukablaðsins Endajaxlsins, sem höfðu sterka vinstri slagsíðu.

„Oddur seldi þessi dagblöð í miðbæ Reykjavíkur og gekk mjög vel. En það voru einhverjir aðrir sem skrifuðu blöðin fyrir hann, annaðhvort nafnlaust eða undir hans nafni. Það voru ýmsir nafntogaðir menn grunaðir um skrifin, þar á meðal Þórbergur Þórðarson og Halldór Laxness, sem og menn úr Alþýðuflokknum. Þessi skrif voru oft rætin og í eitt skipti var skrifaður leiðari í Morgunblaðið þar sem þessi aðferð var gagnrýnd, að nota þennan aumingja mann sem skálkaskjól fyrir illkvittin skrif.“

Í leiðaranum frá árinu 1924 segir: „Hið alvarlega við þetta er að nokkrir menn skuli velja gamlan, fátækan og einstæðan mann, sem ekki mun heldur vera talinn með réttu ráði, til þess að skrifa á bak

við hann og kasta þaðan út til ýmsra manna óhróðri og klámi.“

Í þessu húsinu við Spítalaveg bjó einnig Hallbjörn Halldórsson, einn af leiðtogum Alþýðuflokksins, prentari og ritstjóri Alþýðublaðsins. Í húsinu var margt um manninn af röttækum vinstri-mönnum og kraftur í útgáfu Harðjaxls næstu árin. Oddur var skráður fyrir öllum stöðum í Harðjaxli til ársins 1926 en þá bitnaði útgáfan á honum persónulega. Í Alþýðublaðið skrifaði Oddur:

„Ég er örþreyttur maður eftir sölu síðasta blaðs ... Sem stendur er ég bæði ritstjóri, prófarkalesari,



Ritstjóri dagblaðsins Harðjaxls

afgreiðslumaður, sölustjóri, og hraðboði, þ.e. express eða fréttaritari. En ábyrgðarmaður má ég ekki vera samkvæmt auglýsingu í auglýsingablaði stjórnarráðsins þar sem ég var sviptur skaðræði (innsk. fjárræði) eftir beiðni morðhausanna og danska Mogga.“

Með alvæpni á konungsfundi

Blöðin hættu að koma út árið 1927 og var þá útgáfuferli hans lokið. Þótt Oddur hafi verið stoltur af blöðum sínum og sinnt þeim hlutverkum sem honum voru falin vel er augljóst að hann var notaður af „vinum“ sínum úr Alþýðuflokknum. Alla tíð var hann plataður og hæddur. Guðjón segir:

„Það var plagsíður í Reykjavík og sjálfsagt víða um land að leggja fólk í einelti sem var öðruvísi en aðrir. Oddur hefur örugglega ekki farið varhluta af því. Til dæmis var hann klæddur upp í fornmannabúning fyrir Alþingishátíðina árið

1930. Þar var haldin sögusýning og ég held að menn hafi verið að gera grín að henni með því að láta Odd birtast þarna.“

Á hátíðinni hittir Oddur Kristján X Danakonung og ljósmynd var tekin af þeim saman og var sá fyrirnefndi þá með alvæpni. Eftir hátíðina fékk Oddur að eiga búninginn og gekk þá oft um götur Reykjavíkur í fullum skrudna.

Á fjórða og fimmta áratugnum bjó Oddur við Skúlagötuna og í húsi við Klepp. Þar bjó hann með hundinum sínum og hesti. Í viðtali í Alþýðublaðinu árið 1935 sagði hann: „Ég, hundurinn og hesturinn erum alltaf saman og mér þykir mest gaman að því að vera með þeim í góðu veðri uppi í sveit.“ Árið 1947 kom hann á fót sjóði til styrktar öldruðum sjómönnum, 40 þúsund krónum sem hann hafði safnað yfir margra ára skeið. Oddur lést á elliheimilinu Grund árið 1953, þá 73 ára gamall. ■

Reynir Bakari
BAKARÍ
KAFFIHÚS
HAMRABORG 14 DALVEGI 4

Keypti gamla ljósmynd fyrir slíkk á netinu: Gæti fengið hundruð milljóna fyrir hana

Antíksafnarar eiga það til að detta í lukkupottinn þegar heppnin er með þeim. Því fékk Justin Whiting, 45 ára safnari í Kaliforníu, að kynna þegar hann rak augun í gamla ljósmynd sem var til sölu á uppboðsvefnum eBay ekki alls fyrir löngu.

Myndin sem um ræddi kostaði sjö pund, tæpar þúsund krónur, og í sölulýsingu var svo sem ekki merkilegar upplýsingar að finna. Í lýsingu kom fram að líklega hefði hún verið tekin einhvern tímann á árunum 1870 til 1879 og sýndi ungan mann standa við stól.


Ósvikin mynd

Whiting keypti myndina og um leið og hann fékk hana í hendurnar hafði hann samband við Will Dunningway, bandarískan sérfræðing í gömlum ljósmyndum.

Will skoðaði myndina og hann var ekki lengi að komast að því að þarna væri komin fram ósvikin ljósmynd af einum frægasta útlaga 19. aldarinnar, Jesse James. Jesse var banka- og lestaræningi í villta vestrinu en áður en hann fetaði braut glæpa tók hann þátt í þrælastríðinu þar sem hann var skæruliði í her Suðurríkjanna.

Um líf hans og dauða var gerð myndin *The Assassination of Jesse James by the Coward Robert Ford* sem kom út árið 2007.

Þar sem um þekktan einstak-



ling úr sögunni er að ræða margfaldaðist verðgildi myndarinnar svo um munar og telja sérfróðir að Justin geti fengið um 200 milljónir króna fyrir hana.

Allt mögulegt á eBay

„Þetta sýnir bara að allt er mögulegt á eBay,“ segir Justin í samtali við breska blaðið *Telegraph*. Hann segir að hann finni gamla


hluti á eBay fyrir lítinn pening, rétt eins og fólk kaupir sér lottómiða, og svo voni hann það besta.

Aðspurður hvort hann hafi áttað sig á því að þarna gæti verið um mikil verðmæti að ræða, segir Justin að hann hafi vissulega vonað það. Hann hefði þó ekki getað áttað sig á því fyrir en hann fékk myndina í hendurnar.

„Ég hef verið heillaður af bandarískum útlögum um margra ára skeið og stúderað þá mikið,“ segir hann. Hann kveðst hafa séð þessa sömu mynd af Jesse í bók sem hann á en þó átt erfitt með að trúa því að um sömu mynd, í upprunalegri útgáfu, væri að ræða.

Dunningway staðfesti síðan að myndin er af bankaræningjanum alræmda og var hún tekin þegar Jesse var fjórtán ára. Endanleg staðfesting mun fást á næstunni, eða eftir að sérfræðingur bandarísku alríkislögreglunnar, Kent Gibson, hefur tekið myndina til skoðunar. Gibson kveðst sjálfur ekki í nokkrum vafa um uppruna myndarinnar.

Þess má geta að árið 2015 seld-



Þetta sýnir bara að allt er mögulegt á eBay

ist mynd af öðrum þekktum útlaga, Billy the Kid, fyrir fimm milljónir dala, eða um fimm hundruð milljónir króna. ■

einardv.is

Nýtt öflugt
bókhaldskerfi í skýinu
frá mannum sem færði
okkur Dynamics Ax

Prófaðu
frítt í
30 daga

Erik Damgaard
Stofnandi Uniconta

Lagast að þínum þörfum

UNICONTA
www.uniconta.is

Eignasala.is



S: 420 6070 • LEIGUMIDLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA

Hafnargata 90, 230 Reykjaneshæ. www.eignasala.is

Júlíus M Steinþórsson Lögg, fasteigna, fyrirtækja og skipasali

Leirdalur, Reykjaneshæ



Glæsilegar sérhæðir í nýjum tvíbýlum.
4 herbergja eignir með og án bílskúrs.
Verð frá kr.39.900.000.-

Lerkidalur, Reykjaneshæ



Sölusýning laugardag frá kl.13-16
Raðhús án bílskúrs í nýbyggingum.
Framtíðarheimili á frábæru verði.
3 herb. íbúð 104m² verð kr.37.900.000.-
4 herb. íbúð 117m² verð kr.42.900.000.-

Trönudalur, Reykjaneshæ



Nýjar glæsilegar íbúðir í fjölbýli fullbúnar að innan sem utan 4 herbergja íbúðir á jarðhæð.
112,5m² Verð kr.42.000.000.-

Gerplustræti, Mosfellsbæ



4 og 5 herbergja íbúðir í nýbyggingu með staði í kjallara.
4 herb. 116,9m² verð kr.49.900.000.-
5. herb. 134,0m² verð kr.54.900.000.-

Bjarkardalur 33, Reykjaneshæ



Falleg 3 herb. íbúð í nýlegu fjölbýli, með sérinngangi.
98,3m²
Verð kr.29.900.000.-



Tjarnabakki 8, Reykjaneshæ



Rúmgóð 4 herb. íbúð í fjölbýli með sérinngangi.
123,8m²
Verð kr.36.800.000.-



Vallartún 6, Keflavík



Opið hús þriðjudag frá kl.17:15-17:45.
4 herb. rishæð á vinsælum stað í Keflavík.
60,2m².
Verð kr.24.900.000.-



eignasalan

Júlíus M. Steinþórsson
Löggiltur fasteigna- og skipasali
S:899-0555

Jóhannes Ellertsson
Löggiltur fasteigna- og skipasali
S:864-9677

Menning



„Hér sitja þrjár manneskjur og á ca þrem mínútum reyna þær að setja norðurlandamet í að ryðja út úr sér einhverri „greiningu“ eða skoðun á listaverki sem tók þrjú ár að fjármagna og búa til.“

Leikstjórnir Vignir Rafn Valþórsson kvartaði á Facebook yfir því sem honum fannst vera snubbótt umfjöllun Menningarinnar í Kastljósinu á RÚV um verkid Hans Blær eftir Eirík Örn Norðdahl, sem sett er upp í Tjarnarbíói af leikhópnum Óskabörn Ógæfunnar.

Á spássíu heim

■ Guðfræðingurinn Magnús Eiríksson tókst á við samnemanda sinn, Søren Kierkegaard

Kristján Guðjónsson
kristjan@dv.is



I gegnum aldirnar er varla hægt að segja að nokkur Íslendingur hafi haft sérstök áhrif á, eða eigi hlutdeild í, sögu vestrænnar heimspeki. Heimspekihefðin hefur að langmestu leyti þróast og dafnað á meginlandinu úr seilingarfjarlægð frá íslenskum áhrifum, og tengsl Íslendinga við helstu hugsuði heimspekinnar verið lítil sem engin. Guðfræðingurinn Magnús Eiríksson er líklega einn af örfáum menntamönnum frá eyjunni sem getur talist hafa átt í fræðilegum skoðanaskiptum við einhvern af risum vestrænnar heimspeki, en hann var samtíma- maður, samnemandi og gagnrýnandi danska guðfræðingsins og tilvistarpekingins Søren Kierkegaard.

Vegna óvenjulegra og frumlegra trúarskoðana sinna var Magnús jaðarsettur og hunsaður í lifanda lífi og lengi vel minnst sem nokkuð harmrænnar figúru. Á undanförunum árum hefur áhugi á framsæknum kenningum Magnúsar og tengslum hans við Kierkegaard hins vegar aukist á ný. Nýlega kom út safn ritgerða um guðfræði Magnúsar á ensku og á föstudag verður haldið málþing í Háskóla Íslands um þennan gleymda samtíðarmann Søren Kierkegaard.

Blaðamaður DV kynnti sér Magnús Eiríksson og ræddi í þeim tilgangi við Guðmund Björn Þorbjörnsson, doktorsnema í heimspeki og einn fyrirlesara á málþinginu.

Gegn meginstraumnum

Magnús Eiríksson fæddist árið 1806, bóndasonur frá Skinnalóni á Melrakkaslétu, elstur fimm systkina. Hann stundaði nám við Latínuskólann á Bessastöðum og starfaði um nokkurra ára skeið sem skrifari stiftamtamanns áður en hann hélt til Kaupmannahafnar árið 1831 til að nema guðfræði, með stuðningi fyrrverandi vinnuveitanda síns. Hann stóð sig vel í skóla og eftir að hann útskrifaðist árið 1837 varð hann vinsæll einkakennari, annálaður fyrir mikla þekkingu á bæði Nýja og Gamla testamentinu og færni í ritskýringum.

Magnús var í hringiðunni á því sem hefur verið kallað „danska gullöldin“, en svo hefur fyrri hluti 19. aldarinnar oft verið nefndur vegna hinnar miklu grósku sem var í menningar- og menntasamfélagi Danmerkur á tímabilinu. Eins og annar nýútskrifaður guðfræðingur frá Háskólanum í Kaupmannahöfn, Søren Kierkegaard, var hann reyndar gagnrýninn á þá hugmyndastrauma sem voru ríkjandi í danskri menningarumræðu

Gullöld mennta og menningar í Danmörku
Herbergi lærdómsmanns í Kaupmannahöfn á svipuðum tíma og Magnús Eiríksson stundaði guðfræðinám í borginni. Málverk frá 1829 eftir Wilhelm Bendz.



„Peir eiga það sameiginlegt Magnús og Kierkegaard að þeir voru mjög jaðarsettir af dönsku menningar-elítunni.

undir lok fjórða áratugarins, en þá voru áhrif þýska heimspekingins G.W.F. Hegel orðin alltumlykjandi.

„Guðfræðin í Kaupmannahöfn á þessum tíma var undir miklum áhrifum frá Hegel og var kölluð spekulatíf guðfræði. Þetta var mjög kerfisbundin hugsun og fólst í því að reyna að setja allan veruleikann – og þar með talinn Guð – í ákveðið kenningakerfi,“ segir Guðmundur Björn um hugmyndalega landslagið í Kaupmannahöfn á þessum tíma.

„Ráðandi figúru í dönsku menntalífi aðhylltust þessa hugsun, í guðfræðinni voru það Hans Lassen Martensen, og Mynster biskup og í bókmenntaranninum

voru menn eins Johan Ludvig Heiberg undir miklum áhrifum frá Hegel.“

Bæði Magnúsi og Kierkegaard fannst ómögulegt að troða Guði og trúnni í díalektískt kerfi Hegel, en þó af ólíkum ástæðum. Trúarheimspeki Magnúsar gekk út að trúna væri hægt að nálgast með skynsemi og hún þyrfti aldrei að stangast á við reynsluheim okkar, en í huga Kierkegaard var spurningin um Guð og sannleikann ekki einhver heilaleikfimi heldur fór hún að hans mati fram á sviði tilvistarinnar sjálfrar.

Yfirgefinn, fátækur, kærður

Magnús Eiríksson var frjálslýndur og aðhylltist frelsi í trúarlegri hugsun. Í deilum sem hófust á fimmta áratugnum um barnaskírni í Danmörku tók hann til að mynda afstöðu á móti harkalegum refsiaðgerðum gegn þeim sem ekki vildu láta skíra börn sín. Ekki nóg með að honum fannst ómögulegt að kirkjan neyddi fólk til að stunda trúna á tiltekinn hátt heldur komst hann að því að



Guðmundur Björn Þorbjörnsson
Doktorsnemi í heimspeki.

þessi tiltekni háttur átti við engin biblíuleg rök að styðjast – postularnir höfðu hvorki stundað barnaskírni eða boðað hana.

Í þessum deilum fór hann fljótt að beina ritum sínum að Hans Lassen Martensen, sem var þá orðinn vinsæll og áhrifamikill prófessor við guðfræðideildina

og hafði tekið þátt í að réttlæta aðgerðir yfirvalda gegn baptistunum svokölluðu. Næstu árin gerði Magnús lítið annað en að gagnrýna guðfræði (og persónu) Martensen, með æ heiftúðlegri skrifum, en viðfangið hunsaði skrif hans nær algjörlega – Magnúsi til mikillar gremju.

Þessi skrif bökuðu Magnúsi miklar óvinsældir og urðu meðal annars til þess að nemendur hættu að sækja í kennslu hjá honum. Þar með missti hann stóran hluta tekna sinna og sökk smám saman í skuldafen okurlánara. Gagnrýnin fór einnig að beinast að biskupi og kóngi og var Magnús loks kærður fyrir orð sín. Málið var reyndar látið niður falla eftir að Kristján 8. konungur lést og sonur hans, hinn frjálslýndi Friðrik 7., tók við.

„Peir eiga það sameiginlegt Magnús og Kierkegaard að þeir voru mjög jaðarsettir af dönsku menningarelítunni á þessum tíma – enda ráðast þeir báðir gegn ríkjandi öflum, bæði gegn hinni hegelísku nálgun á guðfræði og



Metsölulisti Eymundsson

Víkuna 11. til 17. mars

- 1 Mið-Austurlönd - Magnús Porkell
- 2 Þorsti - Jo Nesbø
- 3 Vegurinn heim lengist - Fredrik Backman
- 4 Kítarmaðurinn - C. J. Tudor
- 5 Flúraða konan - Mads Peder Nordbo
- 6 Konan sem át fíl og grenntist (samt)
- 7 Það sem að baki býr - Merete Pryds Helle
- 8 Uppruni - Dan Brown
- 9 Áttunda dauðsýndin - Rebeck Edgren Aldén
- 10 Köld slóð - Emelie Schepp



Vinsælast á Spotify

Mest spilað 21. mars 2018

- 1 God's plan - Drake
- 2 SADI - XXXTentacion
- 3 Aldrei heim - Aron Can
- 4 Önnur tilfinning - Rari boys
- 5 Psycho - Post Malone og Ty Dolla \$ign
- 6 Dúfan mín - Logi Pedro og Birnir
- 7 Look alive - Blackboy JB og Drake
- 8 Út í gelm - Birnir
- 9 Ungir strákar (deep mix) - Floni
- 10 Moonlight - XXXTentacion



Vinsælast í bíó

Helgina 16. til 18. mars

- 1 Tomb Raider
- 2 Black Panther
- 3 Lói - þú flýgur aldrei einn
- 4 Andíð edlílega
- 5 Game Night
- 6 Death Wish
- 7 Early Man - Steinaldarmaðurinn
- 8 The Shape of Water
- 9 Fullir vasar
- 10 Red Sparrow



Spekisöggunnar

Framsækinn hugsuður sem var hunsaður og jaðarsettur

svo krítísera þeir líka kirkjuna sem stofnun. Þeim finnst báðum að hún hafi farið verulega af leið. Magnús gengur raunar svo langt að hann vill uppræta kirkjuna sem stofnun en vill að fagnaðarindið lifi bara áfram í mjög einfaldri mynd," segir Guðmundur.

Þrátt fyrir að vera illa staddur fjárhagslega leyfði samvíska og sannfæring Magnúsar honum ekki að taka að sér virðuleg og vel launuð prestsembætti sem honum buðust á Íslandi, enda fannst honum það vera í andstöðu við trúarskoðanir sínar.

Kierkegaard ósáttur við hólíð

Magnús og Kierkegaard vissu vel af hvor öðrum, en þrátt fyrir að hafa átt sameiginlega andstæðinga og báðir goldið fyrir gagnrýni sína, lítur ekki út fyrir að þeir hafi verið nánir vinir - eða að minnsta kosti tók Kierkegaard ekki vel í vinnahót Magnúsar.

„Magnús innritaðist í guðfræðideildina einu ári á eftir Kierkegaard og þetta var ekki stór deild á þeim tíma. Ég held þó að það séu ekki til neinar heimildir um að þeir hafi hangið mikið saman. Við vitum þó að þegar halla fór undan fæti hjá Magnúsi í kringum 1840 og hann fór að leita til vana og vandanna um fjárhagsaðstoð, þá leitaði hann meðal annars til Kierkegaard. Í bréfi til hans segir hann að nú sé kominn tími til að Kierkegaard sýni í verki hvernig kærleikurinn virki - sem manni finnst nú frekar passíf-agressíf bón um peninga. Kierkegaard neitar honum á frekar snubbóttan hátt, en hann var sjálfur svolítill pabbastrákur sem fékk arf og þurfti ekki að hafa miklar áhyggjur af peningum, að minnsta kosti fyrst um sinn," segir Guðmundur.

Í fyrstu sá Magnús bandamann í Kierkegaard og vísaði meðal annars í verk hans Óvinsindalegur eftirmáli (d. Afsluttende uvidenskabelig efterskrift) í gagnrýni sinni gegn Martensen, en Kierkegaard vildi hins vegar ekkert kannast við túlkun Magnúsar á verkinu. Hann var ósáttur við að vera dreginn inn það sem hann sá sem krossferð Magnúsar til að fá Martensen rekinn og undirbjó svar sem hann titlaði „Sjálfsvörn gegn óumbeðnu hólí.“ Textinn kom þó aldrei út og er hann að-



Magnús Eiríksson

Fæddur: 1806 á Skinnalóni á Melrakkasléttu.

Látinn: 1881 í Kaupmannahöfn.

Menntun: Guðfræðingur frá Háskólanum í Kaupmannahöfn árið 1837.

Nokkur helstu verk: Om Baptister og Barnedaab (1844), Tro, Overtro og Vantrø (1846), Er Troen et Paradox? (1850), Om Johannes-Evangeliet (1863), Jøder og Christne (1873).

eins að finna í dagbókum hans.

„Kierkegaard vildi alls ekki samsama sig Magnúsi. Í þessu bréfi sem birtist aldrei opinberlega tekur hann fram að Magnús hafi misskilið sig alveg stórkostlega. Þetta er þó ekki endilega alveg rétt hjá honum. Vissulega tók Magnús sér svolítið skáldaleyfi þegar hann las Kierkegaard, en viðbragð Kierkegaard byggir kannski líka á því að hann var sjálfur frekar hegómlegur og vildi ekki láta tengja sig við einhvern óvinsælan jaðar-Íslending," útskýrir Guðmundur.

Einn fyrsti gagnrýnandi Kierkegaard

Síðar átti Magnús eftir að snúa sér að því að gagnrýna trúarheimspeki Kierkegaard í bókinni Er trúin þverstæða? (d. Er troen paradox?) en þar gagnrýnir hann þann skilning sem er settur fram í

bókinni Uggur og ótti á trúnni sem þverstæðu - þvert á móti leggur hann áherslu á að skynsemin eigi að ná utan um það sem kallast trú:

„Johannes de Silentio, sem er dulnefnið sem Kierkegaard gefur út bókina Uggur og ótti undir, segir að það að komast til trúarinnar sé að mæta þverstæðunni sem felst í friðþægingunni og krossfestingunni, þverstæðunni sem felst í því að Guð deyr. Í hans huga er eina leiðin til að komast yfir þessa þverstæðu einfaldlega að trú. Magnús segir hins vegar að það sé ekkert absurd við trúna, heldur þurfi maður bara að gera þetta einfalt, einbeita sér að réttu hlutunum. Hugmyndirnar um hvað felst í þessari einföldu trú er hann svo að þróa allan höfundarferil sinn," segir Guðmundur.

Einnig er áhugavert að Magnús gagnrýndi þær hugmyndir sem Kierkegaard setur fram um kærleikann í riti sínu Ástargjörningar (d. Kærlighedens gærning) „Hann gagnrýnir harðorða sýn Kierkegaard á kærleikann, en það er eiginlega sú sýn að þú eigir að elska af því að Guð segir þér það gera það. Gagnrýni Magnúsar minnir um margt á gagnrýni Theodors Adorno og Knuds Løgstrup sem benda á það löngu seinna hversu ómanneskjuleg sýn á kærleikann þetta er. Þarna er hann því langt, langt á undan sinni samtíð.“

Framsækinn og róttækur

Viðbrögð þeirra sem Magnús gagnrýndi lýsa ekki mikilli virðingu fyrir hugsun hans, og má af þeim skilja að þeim finnst hann hálfgerður vitleysingur og klikkhaus, en Guðmundur Björn segir þetta þó alls ekki hafa verið raunina - þvert á móti hafi hann verið á undan sinni samtíð.

„Magnús Eiríksson var verulega framsækinn guðfræðingur. Hann vildi fyrst og fremst einblína á boðskapinn í trúnni og neitaði að taka gildar þær kennisettingar kirkjunnar sem stangast á við

Hann vildi fyrst og fremst einblína á boðskapinn í trúnni og neitaði að taka gildar þær kennisettingar kirkjunnar sem stangast á við reynsluheim okkar í dag.

reynsluheim okkar í dag. Að þessu leyti er hann líkur 20. aldar guðfræðingum á borð við þýska existentialistann Rudolf Bultmann, sem talaði um að við þyrftum að „af-mýtólógisera“ Nýja testamentið, taka það úr þeim kraftaverkaveruleika sem hafði verið daglegt brauð á þeim tíma sem það var skrifað - en á ekki endilega erindi við okkur í dag - og einblína á kjarnann. Magnús var að segja þetta hundrað árum áður.

En auðvitað má líka benda á að Magnús var á sama tíma í hálfgerðri mótsögn við sjálfan sig. Hann lagði svo mikla áherslu á þessa skynsemistrú, en hafði hins vegar komist að þeirri niðurstöðu í gegnum einhverjar vitranir sem hann fékk í draumi," segir Guðmundur.

Á móti guddómi Krists

„Magnús ræðst líka gegn þrenningarkenningunni. Hann neitar guddómi Jesú, segir að hann sé ekki Guð, heldur bara spámaður og kennari. Faðirinn er bara Guð. Þetta var algjört guðfræðilegt sjálfsmorð á þessum tíma - það var ekki hægt að halda þessu fram í þessu landslagi þar sem áhrif dönsku þjóðkirkjunnar voru svo mikil. Þetta var svo framsækin hugmynd að enginn hlustaði á þetta," segir Guðmundur, en nokkrum áratugum síðar urðu svipaðar hugmyndir að grunnstefi únitarismans, sem átti eftir að verða áhrifamikil trúarhreyfing í Bandaríkjunum og víðar.

Til þess að færa rök fyrir þeirri sannfæringu sinni að Jesús hafi verið maður en ekki Guð taldi Magnús sig þurfa að afneita Jóhannesarguðspjallinu sem hann sagði falsaða síðari tíma viðbót, og þurfti svo smám saman að draga sannleiksgildi æ stærri hluta Nýja testamentisins í efa. En hann hélt þó alltaf í ákveðinn grunnboðskap kristninnar.

„Hann lagði áherslu á þetta sem hann kallar einfalda trú, trú á einn ósýnilegan Guð sem varð aldrei maður. Boðskapurinn er í raun bara kærleiksboðorðið: elskaðu náungann og elskaðu Guð, og það er bara það. Guð sem er mis-kunnsamur og fyrirgefur syndina. Og hann áleit að Íslendingar hafi



Søren Kierkegaard

að vissu leyti ennþá trúað á þennan einfalda hátt. Ég held að þetta sé ein ástæðan fyrir því að hann ákvað að þýða nokkur verka sinna - meðal annars um Jóhannesarguðspjallið - á íslensku og gefa út sjálfur. Hann var orðinn nokkuð svartsýnn á að geta talað um fyrir Dönnum, en var vongóður um að Íslendingar myndu hlusta á sig og viðhalda þessari trú," segir Guðmundur.

Það var þó einnig bjartsýni að halda að Íslendingar myndu hampa róttækum kenningum Magnúsar, og voru viðbrögðin við ritum hans raunar miklu neikvæðari á Íslandi en nokkurs staðar annars staðar. Hann naut nokkurra vinsælda í Svíþjóð, í Danmörku var hann þagaður í hel, en á Íslandi var honum svarað harkalega.

Enn eitt dæmið um frjálslýnda og nútímalega hugsun Magnúsar er að í upphafi sjötta áratugar 19. aldar talaði hann opinberlega fyrir jafnrétti kynjanna í ritdeilu sem kennd er við bókina Bréf Clöru Raphael eftir Mathilde Fiebiger. Röksemd hans í þeim efnunum þykir minna um margt á rök breska heimspekingsins John Stuart Mill sem skrifaði áhrifamikil rit sitt, Kúgun kvenna, nokkrum áratugum síðar. Þetta er eitt af þessum efnunum sem verður fjallað um á málþinginu á föstudag.

Guðmundur játar því að á vissan hátt sé Magnús Eiríksson að fá uppreist æru um þessar mundir, með endurskoðun á verku hans í riti og ræðu: „Með þessari bók og málþingum eins og þessu á föstudag er að minnsta kosti verið að gangast við því að hann hafi verið hörkufraeðimaður og haft ýmislegt að leggja til málanna. Mér finnst reyndar ólíklegt að guðfræði hans komi til með að hafa nein sérstök áhrif úr þessu. Mikið af því sem hann sagði hefur síðar komið fram frá öðrum og frægari fræðimönnum. En það er ljóst að hann var var mjög frumlegur og framúrstefnulegur hugsuður.“ ■

ARI ELDJÁRN GERÐI ALLT VITLAUST Í LONDON

► Gestir hylltu Ara ► Frægir í salnum ► Á leið til Ástralíu

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Ótrúleg upplifun, þetta var klikkað. Um sex hundruð manns komu á sýninguna í vikunni," segir Ari Eldjárn sem sýndi fyrir fullu húsi á hverjum degi í vikutíma í Soho Theatre í London. Ara þarf vart að kynna en hann er einn allra vinsælasti uppstandari þjóðarinnar. Það þykir mikil upphefð að fá að stíga á svið í Soho-leikhúsinu. Ari fékk boð frá leikhúsinu eftir að hafa slegið í gegn á The Fringe Festival í Edinborg í fyrrahaust sem er ein umfangsmesta listahátíð í heimi. Þar sýndi Ari uppstand sitt, Pardon my Icelandic, um þrjátíu sinnum. Nú hefur Ara verið boðið til Ástralíu og tekur þátt í einni stærstu uppstandshátíð sem haldin er ár hvert í heiminum í Melbourne.

„Viðbrögðin í London voru góð. Einnig var gaman að sjá hversu margir Íslendingar lögðu leið sína í leikhúsið. Tveir blaðamenn DV voru á síðustu sýningu Ara á laugardaginn og í salnum mátti sjá uppstandarann Jóhann Alfred úr Mið-Íslandi, Hilmar Pétursson, sem oft er kenndur við CCP, og söngkonuna Gretu Salome. Óhætt er að fullyrða að Ari er uppstandari á heimsmælikvarða og hróður hans hefur borist víða á skömmum tíma. Mikil eftirvænting ríkti í salnum og Ari gætti sín á að tala til allra í salnum. Þannig gætti Ari sín á að horfa í augun á öllum gestum, hvort sem þeir sátu beint uppi við sviðið eða höfðu fengið sæti til hliðar í salnum eða úti í horni. Þegar sýningu lauk stóðu sumir gestir á fætur til að hylla Ara.

Aðspurður hvort Bretar séu erfðir áhorfendur svarar Ari neitandi.

„Þeir Bretar sem hafa leitað mig uppi eru flestir með Íslandsblæti og hafa margir komið til Íslands," segir Ari. Efnið sem Ari flutti á ensku hefur hann þróað smám saman. Þá hefur hann nýtt efni sem hann samdi fyrir erlenda hópa á Íslandi. „Sýningin í London er framhald af ævintýrinu sem hófst í Edinborg. Á þá hátíð mætti maður sem sér um að bóka grínista í Soho Theatre. Ég geri ráð fyrir að framhald verði á þessu samstarfi.

VERÐUR Í MÁNUÐ Í ÁSTRALÍU

Ari er nú með sömu umboðs-skrifstofu og heldur utan um hinn heimsfræga grínista Eddie Izzard. Lagði umboðsmaður Ara hart að honum að fara til Ástralíu og hefst ferðalag Ara á laugardaginn.

„Ég verð í mánuð í Ástralíu. Það eru spennandi tímar framundan en hin heilaga þrenning í grínheiminum fer fram í Edinborg, Melbourne og Montreal. Ég á Montreal eftir. Ég fékk boð núna þegar ég var úti í London og kom það boð ekki síst vegna þessa frábæra umboðsmanns sem er mér innan handar," segir Ari.

Stefnir í að þú starfir jafnvel meira erlendis en hér heima á næstu árum?

„Það kemur mér á óvart hvað ég veit í raun lítið um Ástralíu.

„Það er erfitt að segja. Ég er ánægður og þakklátur fyrir að það litla sem ég hef reynt fyrir mér á erlendri grundu hefur



gengið afar vel og það án þess að ég hafi þurft að gera meiriháttar breytingar á lífi mínu.“

Kviðir þú því að stíga á svið hinum megin á hnettinum og þessari risahátíð?

„Ég er ótrúlega spenntur að kynnast nýjum heimi. Þetta er ekki eins og England. Þeir hafa lítinn áhuga á fótbolta og kalla hann „soccer“. Einnig er þeim skítsama um Evrópumótið í knattspyrnu. Ég geri ráð fyrir að þeir viti lítið um búbluna sem ég bý í.“

Ari kveðst ætla að gera grín að Áströllum. Hann er þó ekki byrjaður að semja efni um þá.

„Ég mun uppfæra efnið eitthvað en ég get sjálfsagt ekki byrjað á því fyrr en ég er mættur til landsins. Það kem-

ur mér á óvart hvað ég veit í raun lítið um Ástralíu," svarar Ari.


FJÖLSKYLDAN KEMUR

Ari fer einn af landi brott en kona hans, Linda Guðrún Karlsdóttir, og dóttir þeirra slást fljótlega í hópinn. Þá ætla tengdaforeldrar Ara að heimsækja parið og dvelja í þrjár vikur í Ástralíu.

Næsta verkefni hér á landi verður með Mið-Íslandi sem kemur fram á stóra sviðinu í Háskólabíói laugardagskvöldið 28. apríl. Enn eru nokkrir miðar eftir á þá sýningu. Mið-Ísland hefur í vetur sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum og ætla piltarnir að ljúka vetrinum með risasýningu í Háskólabíói.

„Ég er búinn að sína Pardon my Icelandic í tugi skipta og hlakka til að hitta vini mína og skemmta gestum á móðurmálinu í Háskólabíói. Það verður sprengja.“

Fjöldi manns var í salnum og uppselt á nær allar sýningar Ara í London.





ADALBÓN

Bryngljáa-
vörn
á bílinn
12 mánaða
vörn

hreinlega betri

Lyngháls 10 , 110 Reykjavík • S: 571 6005 / 776 7500 • adalbon@adalbon.is

Karlmennska: Geta

Út á hvað gengur tilvistarkreppa nútímakarla og skiptir karlmennska máli?

Margrét H. Gústavsdóttir
margret@dv.is



Fjölmargir íslenskir karlmenn hafa á síðustu dögum sagt frá því hvernig þeir hafa haldið í sér tárur af ótta við að virðast ekki nógu karlmannlegir, hvernig þeir fela áhugamál sín og ánægjuefni af ótta við að þykja ekki nógu karlmannlegir og bæla niður hlýjar tilfinningar. Játningarnar hafa aðallega farið fram á Twitter undir myllumerkinu „karlmennskan“ og sitt sýnist hverjum.

Hér áður fyrir vafðist hugtakið „karlmennska“ ekki eins mikið fyrir fólk og það gerir í dag. Lífsbaráttan var hörð og öll merki um veikleika illa séð bæði hjá körlum og konum. Til að komast af þurfti fólk að harka af sér og bíta á jaxlinn. Hlutverkaskipan kynjanna var jafnframt nokkuð fyrirfram ákveðin. Drengir námu af feðrum sínum og gerðust sjómenn, bændur, læknar eða skósmiðir meðan konur gengu í fótspor mæðra sinna og sinntu börnum og heimili enda lítið um valkosti.

Við upphaf tuttugustu aldar tók þetta hins vegar smátt og smátt að breytast en eftir síðari heimsstyrjöld, og svo aftur eftir tilkomu getnaðarvarna, fóru hlutirnir að gerast mjög hratt, svo hratt að nú virðast margir karlar komnir í töluverða tilvistarkreppu meðan flestar konur fagna þessum breytingum.

FJARVERANDI FEÐUR KOMA DRENGJUM Í TILVISTARKREPPU

Árið 1990 kom út bókin Iron John: A book about men eftir John Bly og varð fljótt að metsölubók. Í henni fjallar höfundurinn um kreppu nútímakarlmanna og rekur hana til hinnar veiku stöðu föðurhlutverksins í samfélaginu. Á öldum áður, allt frá fornum menningarheimum til bændasamfélagsins, hafi drengir numið af feðrum sínum en í dag séu þeir fyrst og fremst aldir upp af konum enda eldri karlmenn, bæði feður og kennarar, yfirleitt víðs fjarri. Þessi fjarvera eldri karla í uppveiti drengja hafi haft eyðileggjandi áhrif á nútímamennninguna og útkoman sé meðal annars þunglyndi, léleg sjálfstjórn og óskýr ábyrgðartilfinning gagnvart fjölskyldu og samfélagi.

Boðskapur Bly sló rækilega í gegn. Í kjölfarið spruttu upp karlahreyfingar sem meðal annars buðu upp á bókleg og verkleg námskeið svo menn gætu tengst eigin karlmennsku. Til dæmis í gegnum einsemd og hvers konar þolraunir en slíkt er karlmönnum nauðsynlegt svo að þeir öðlist dýpt og þroska að mati höfundar.

„GELDUR“ KARLMENN SEM RÁFA UM Í LEIT AÐ KARLMENNSKU

Sumir vilja meina að tilvistarkreppu nútímakarla megi einnig rekja til kapítalíska neytlusamfélagsins sem byrjaði að dafna um



Ein eftirminnilegasta senan úr Fight Club sýnir söguhetjuna gráta í barminn á Bob sem Meat Loaf lék af mikilli snilld.

miðja síðustu öld. Það henti karlmönnum almennt illa að skilgreina sjálfsmýnd sína út frá borðstofuborði í IKEA-bæklingi líkt og karakterinn sem Edward Norton lék í hinni frábæru mynd Fight Club (1999). Nútíma kapitalismi og neytluhygga láti hvítum gagnkynhneigðum körlum líða eins og þeir hafi lítinn samfélagslegan tilgang öfugt við til dæmis konur, hinsegin fólk og svertingja sem undanfarna áratugi hafa átt það sameiginlegt að berjast fyrir virðingu og jafnrétti.

Höfundur sögunnar Fight Club, Chuck Palaniuk, sagði frá því í viðtali að hann hafi sjálfur verið að drepa úr leiðindum sem vélvirki í Portland þar til dag einn er hann lenti í slagsmálum, sem leiddu til þess að hann breytti lífi sínu.


„Karlmenntu eru ringlaðir gagnvart karlmennsku sinni,“ segir hann, „eða hvað þurfa þeir að gera til að verða karlmenn? Að fara í stríð eða bera sigurof af ögnandi dýrum? Það eru engin stríð, engin

rándýr á veginum, engin víglína. Hvað stendur eftir? Peningar, íþróttir, orðstír?“

Chuck Palaniuk segir kjarna sögunnar fjalla um tilraun „geldra“ karlmanna til að verða karlmenn á nýjan leik en söguhetjan er vægast sagt ringluð í upphafi myndarinnar. Hann ráfar á milli tólf spora hópa þar sem hann grætur í barminn á öðrum ringluðum körlum

og þótt hann bæði eigi fín húsgögn og flott fót upplifir hann gríðarlegt tilgangssleysi í tilveru sinni. Dag

einn verður svo sápusalinn Tyler Durden (Brad Pitt) á vegi hans og lífið tekur níutíu gráðu snúning. Saman stofna þeir slagsmálaklúbb fyrir karla og í gegnum það undarlega samfélag komast þeir



í tengingu við karlmennsku sína. Tyler tekur að sér hlutverk foringjans og predikar að karlarnir séu hvorki bíllinn sem þeir eiga, bankainnistæðan, Boss-jakkafötin né sérsaumaða skyrtan.

pabbar ekki grátið?

Stefán Eiríksson:

Óþarfi að láta gamaldags hugmyndir hefta komandi kynslóðir

Stefán Eiríksson, borgaritari og fyrrverandi lögreglustjóri, á fimm ára son sem er hrifinn af kjólum og bað um að fá að mála herbergið sitt bleikt en Stefán er einn þeirra sem tjáðu sig á Twitter.

„Sonur minn hefur fjölbreytt og skemmtileg áhugamál eins og fleiri börn. Ég held að það sé mikilvægt að sýna ekki vanþóknun á áhugamálum barna, hvort sem um er að ræða stráka eða stelpur enda er það ein leið til að viðhalda þessum steriótýpum. Mér fannst ágætt að blanda mér í þessa umræðu á Twitter enda á þetta að vera fullkomlega eðlilegt og í lagi. Við eigum ekki að láta gamaldags hugmyndir um hlutverk kynjanna hefta börnin okkar,“ segir Stefán. „Við erum nógu heft sjálf og eigum ekki að færa það yfir á næstu kynslóð,“ segir hann og hlær.

LÝÐHEILSUMÁL AÐ HUGSA ÚT Í NEIKVÆÐ ÁHRIF KARLMENNSKUNNAR

Lögreglan er ein þeirra starfsstétta þar sem karlmenn hafa lengi verið í miklum meirihluta en Stefán telur það vera að breytast smátt og smátt.

„Árið 1997 var settur sérstakur fókus á að bæta stöðu kvenna og



auka á jafnrétti innan lögreglunnar. Það hefur reyndar gengið hægar en menn vonuðust eftir og enn er langt í land þar innan dyra þótt margt hafi gengið vel. Það sama gildir fyrir marga aðra geira sem eru hressilega kynbundnir í báðar áttir. Konur eru enn í miklum meirihluta meðal hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og kennara svo fátt eitt sé nefnt og svo eru aðrar stéttir þar sem karlmenn eru í meirihluta. Það er hagsmunamál að auka áhuga karlmanna innan þeirra starfsgeira sem hingað til hafa verið svo gott sem einokaðir af konum, – og öfugt.“

Hvað finnst þér um þá skilgreiningu á karlmennsku að það skipti máli að vera nagli og harka af sér? Og að það sé beinlínis niðrandi fyrir karlmenn að vera líkt við konur samanber „hleypur eins og stelpa,“ „vælir eins og kerling,“ og svo framvegis?

„Ég held að það sé mikilvægt lýðheilsuáttal að fólk velti aðeins fyrir sér neikvæðum áhrifum karlmennskunnar. Við höfum þurft að horfast í augu við það að ansi hátt hlutfall karlmanna sviptir sig lífi enda hefur það hingað til ekki ver-



ið viðurkennt í heimi karlmanna að tjá tilfinningar sínar; segja frá því ef þeim líður illa eða séu að glíma við andlega erfiðleika. Það að opna umræðuna og reyna að brjóta niður þessa ósýnilegu vegg, er ekki aðeins til hagsbóta fyrir konur heldur fyrir samfélagið allt. Þessi harða karlmennsku-mynd heftir karla með margvíslegum hætti.“

Ingólfur Gíslason:

Erfiðleikar og angist

„Það að karlmenn skuli nú játa á Twitter að þeim þyki gott a fá sér Baileys, eða kvarti undan því að þeim hafi verið illa tekið þegar þeir ákváðu að taka leiklist fram yfir fótbolta, þykja mér góðar fréttir, – enda bendir það til að eitthvað sé að draga úr hugsanlegum kreppueinkennum karlmennskunnar,“ segir Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands, en hann hefur stúderað karlmennskuhlutverkið frá því um miðjan tíunda áratuginn.

Nú þurftu forfeður okkar að hafa talsvert meira fyrir lífinu en tíðkast í dag. Heldur þú að þessi krafa um að sýna engin merki um veikleika sé kannski gamall arfur? Menn fóru til dæmis í hákarlaróðra í alls konar veðrum og væntanlega ekki vel séð að þeir væru að kveinka sér?

„Fyrst þú nefnir hákarlaróðra ... Það náttúrulega blasti við að menn voru látnir ganga undir ákveðið manndómspróf áður en þeir gátu farið á sjóinn enda lá lífið við að þeir gætu treyst hver á annan. Á sama hátt lá lífið við að menn hlýddu formanninum. Ef hann kallaði að nú væri lag og allir ættu að róa þá þýddi ekkert að fara að ræða það því þá enduðu þeir dauðir. Það má alveg ímynda sér, að það sem virðist vera heldur meiri sókn karla en kvenna í svona „hírkarkísk“

sambönd, sé einhvers konar arfleifð eða afleiðing af þessu. Karlar hafa í gegnum aldirnar verið bæði í störfum og/eða her þar sem menn verða að hlýða sínum foringja. Nú eru konur komnar inn á öll þessi svið karlanna, bæði í her, á vinnumarkaði og víðar. Að mörgu leyti hefur þróunin síðustu áratugi verið í þá átt að lífsmynstur og lífsferill karla og kvenna hefur nálgast verulega. Fyrst og fremst þannig að konur hafa nálgast hefðbundin lífsferil karla en í æ ríkari mæli eru karlar að koma inn á hefðbundin svið kvenna. Þátttaka þeirra í heimilisstörfum hefur til dæmis aukist mjög verulega, þeir eru virkari í barnaumhyggju en áður og svo framvegis,“ segir Ingólfur og bætir við að honum þyki þetta fagnaðar efni á báða bóga.

„Það er hins vegar enginn vafi á því að þessar breytingar geta valdið bæði erfiðleikum og angist. Þegar breytingar eiga sér stað með svona skjóttum hætti þá verður svo mikill munur á reynslu kynslóðanna.“

ÍSLENSKIR FEÐUR ÞEIR BESTU Í HEIMI

„Ef maður skoðar þróunina á skólakerfinu í heild þá hefur hlutfall þeirra barna, sem eru einvörðungu í umsjón kvenna, trúlega aldrei verið hærra. Börn eru á leikskóla frá

tveggja ára aldri og þar eru kennarar 97 eða 98 prósent konur. Í grunnskólakerfinu eru þær ríflega 80 prósent og hlutfallið fer vaxandi. Það sama er að gerast í framhaldsskólum. Þetta gerir að verkum, að fyrir utan feður sína, þá umgangast börn nánast enga fullorðna karla sem koma að mótun þeirra,“ útskýrir Ingólfur og nefnir að hins vegar hafi breytingar á lögum um fæðingarorlof, sem gengu í gildi um síðustu aldamót, haft jákvæð áhrif á aðkomu feðra að uppeldi barna sinna. Svo góð að íslenskir feður teljast nú þeir allra bestu í heimi.

„WHO (World Health Organisation) hefur á nokkurra ára fresti gert könnun meðal barna þar sem spurt er út í samband þeirra við foreldra sína. Í niðurstöðum sem komu frá fyrstu árgöngunum sem nutu góðs af nýju fæðingarorlofslögunum kom á daginn að íslenskir feður eru í fyrsta sæti með tilliti til þess hversu auðvelt börnin (ellefu, þrettán og fimmtán ára) eiga með að koma til þeirra og tala um eitthvað sem þeim þykir erfitt. Íslenskar mæður hafa reyndar lengi verið í fyrsta sæti en það er ánægjulegt að íslenskir feður hafi nú tekið sér sæti við hlið þeirra.“

FJÖLSKYLDAN VAR SAMAN ALLAN DAGINN

Ingólfur segir að þótt allt virðist



Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsvísindum við Háskóla Íslands.

stefna í rétta átt megi þó enn gera betur. Þótt feður séu í fæðingarorlofi í þrjá mánuði og eitthvað áfram eftir það sé þetta tiltölulega stuttur tími og sérstaklega í framhaldinu þegar krakkar koma inn í skólakerfið.

„Þau hitta stundum enga karlmenn allan daginn þar sem þau eru umkringd konum í skólakerfinu og samvera með feðrum tiltölulega stuttur hluti af vöktímanum. Maður þarf hins vegar ekki að líta lengra en aftur til íslenska bændasamfélagsins þar sem fjölskyldan var saman allan daginn. Það var ekki fyrr en með iðnbyltingunni að þessi mikli aðskil-

aður milli feðra og barna átti sér stað, þegar feður þurftu að mæta til vinnu fyrir allar aldir og komu heim seint á kvöldin en það fyrirkomulag hefur verið tiltölulega stuttur kafli í mannkynssögunni. Mér finnst mikilvægt að börn sjái að hver sem er getur unnið við hvað sem er án tillits til kyns en það þýðir ekkert að segja strákum að auðvitað geti þeir orðið leikskólakennarar þegar þeir sjá einungis konur í þeim hlutverkum. Almennt séð vil ég meina að tilveran verði betri eftir því sem hún verður fjölbreyttari og hún verður það ef bæði karlar og konur sinna börnum í samfélaginu.“



Gunnlaugur Jónsson:

Skiljanleg gremja ungra karlmanna

Þann 4. júní næstkomandi er fyrirhugaður fyrirlestur með kanadíska sálfræðiprófessornum Jordan Peterson í Hörpu en hann er höfundur bókarinnar *12 rules for life: An antidote to chaos*, sem hefur setið á topplista Amazon undanfarnar vikur. Kenningar Peterson hafa höfðað sérstaklega til ungra karlmanna en Gunnlaugur Jónsson, sem átti frumkvæði að því að fá Peterson til landsins, telur að ríflega 85 prósent miðanna hafi verið keypt af körlum.

„Ég held að boðskapur Peterson um að axla ábyrgð og sýna hugrekki höfði sérstaklega til karlmanna í dag. Mantra Vesturlandabúa síðustu áratuginna hefur verið „all you need is love“ og vissulega þurfa allir á kærleika að halda. Hann er hins vegar ekki það eina sem menn þurfa,“ segir Gunnlaugur. „Við þurfum líka ábyrgð og hæfni vegna þess að án hennar gerist lítið. Það sem unga menn hefur kannski vantað eru skilaboð um að taka sig saman í andlitinu og reka sig áfram,“ segir hann og bætir við að Jordan Peterson hafi meðal annars verið þakkad fyrir að hjálpa ungum mönnum að draga úr innibýrgðri reiði og gremju, sem til dæmis hafi mögulega orsakast af því að þeir hafi upplifað sig jafnarsetta vegna ýmissa birtingarmynda femínismans, meðal annars kynjakvóta.

„Merkimiðapólitík sumra

femínista hefur gert það að verkum að þessir menn hafa upplifað það sem svo, að þeir þurfi að borga fyrir einhvers konar forréttindi annarra karlmanna, þótt þeir hafi sjálfir aldrei átt hlutdeild í þessum forréttindum,“ útskýrir Gunnlaugur.

„Gremja þeirra er sumpartinn skiljanleg, en hún er ekki gagnleg, og það er því fagnaðarefni fyrir samfélagið í heild að þeir láti reiðina ekki hlaupa með sig í gönur og beini kröftum sínum heldur í uppbyggilegan farveg. Mig langar að taka fram að boðskapur Jordans Peterson höfðar líka sterkt til margra kvenna og hlutföllin hafa jafnast eftir að bókin kom út. Kannski vegna þess að konur lesa meira en karlar og kannski vegna þess að hlutfall karlmanna er mjög hátt meðal áhorfenda á Youtube-fyrirlestura, sem er upprunalegur markhópur Peterson utan háskólans.“

HÆNDUST AÐ KARLKYNNS LEIKSKÓLAKENNARA

Nú snýst þessi karlmennsku umræða á Twitter kannski um innkomu karlmanna á það sem hingað til hafa talist kvenlegir eiginleikar og svið. Þeir eru til dæmis að játa viðkvæmni, addáun á bleika litnum, ást sína á hannyrðum og þess háttar. Heldur þú að samfélagið hefði kannski gott af því að karlar kæmu meira að þessum hefð-

bundnu kvennastörfum?

„Jú, eflaust væri það æskilegra að karlmenn kæmu meira inn í skólakerfið svo dæmi séu tekin. Ég man eftir því að þegar ég var á Laufásborg, fyrir tæpum 40 árum, þá urðum við drengirnir mjög hændir að leikskólakennara sem var karlmaður. Svo urðum við ægilega svektir og lýstum því yfir að við ætluðum að hætta á leikskólunum þegar hann var að hætta. Stundum er hægt að réttlæta það að annað kynið sé ráðið fremur en hitt, það er í störf þar sem kyn skiptir beinlínis máli, en almennt séð tel ég það ekki æskilegt.“

KARLAR AF GAMLA SKÓLANUM BLINDIR Á FÆRNI KVENNA

Sjálfur hef ég setið í kynjakvótastjórn hjá fyrirtæki og að mínu mati varð það algjört „disaster“. Ef fólk er valið í stjórnir og forystuhlutverk, ekki út á hæfni heldur kyn, þá grefur það undan hinum sem hafa eitthvað til brunns að bera einfaldlega vegna þess að hinir líta svo á að manneskjan hafi bara verið valin út af kyninu. Menn af báðum kynjum ganga jafnvel út frá því að konur hafi verið valdar út af kyni fremur en færni,“ segir Gunnlaugur og bætir við að vissulega hafi hann samt oft orðið vitni að því að karlar horfi framhjá hæfileikum og færni kvenna, einfaldlega vegna þess að þær séu konur.



Hlaupið ekki í hnút þótt ég líti svona út / bókin er oft betri en spjöldin / mín karlmennska dvín meðan dagsljósið skín / en ég er þrælgóður elskhugi á kvöldin. – Þýð. Veturlíði Guðnason.

„Karlar, og þá sérstaklega af gamla skólanum, eru stundum blindir á hæfileika kvenna. Ég hef séð dæmi um það sjálfur. Hins vegar verð ég að segja að konur eru líka oft alltof fljótar að kenna glerpakinu um. Við rekumst öll á alls konar ósýnilega veggi sem hægt er að kalla glerþök. Fólk getur verið á móti okkur út af ýmsum fordómum sem við getum kannski aldrei skilið til fulls. Þetta er erfitt fyrir alla enda er pláss fyrir mjög fáa á toppnum. Það er fjöldinn allur af körlum sem er að ströglá á vinnumarkaðnum og þetta er langt frá því að vera einfalt. Það sem við getum hins vegar gert er að auka á meðvitund okkar um eigin fordóma og hætta að nota þessa kvóta.“

ÞAÐ GRÁTA ALLIR

Að lokum. Hvað finnst þér um játningarnar á Twitter?

„Það gráta allir einhvern tímann en að kveikna sér og setja sig í fórnarlambshlutverk er almennt ekki til þess fallið að skapa sér virðingu hjá karlmönnum. Auðvitað er eðlilegt að gráta við jarðarfari og stundum gráta menn gleðitárum en almennt held ég að konur laðist frekar að karlmannlegum mönnum sem eru hugrakkir og kunna að bíta á jaxlinn. Annars getur það verið karlmannlegt í mínum augum að dansa ballett eða gera fleira sem almennt hefur ekki talist karlmannlegt. Hugrekki finnst mér vera karlmennska.“



Verkfæri ehf.
Hlíðasmári 3, 201 Kópavogur
Sími: 544 4210
info@verkfaeriehf.is verkfaeriehf.is



TEREX

TEREX bygginga-kranar á lager og til afgreiðslu strax.

TEREX CBR 40, árgerð 2018. Verð: 14.500.000 kr. + vsk.

TEREX CBR 40, árgerð 2015. Verð: 12.500.000 kr. + vsk.

TEREX CBR 24, árgerð 2015. Verð: 8.500.000 kr. + vsk.





Flamant
tímalaus hönnun




HEIMILI & HUGMYNDIR



Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími 578 4400 | heimilioghugmyndir.is



VEISTU SVARIÐ?



essó

Lárétt

- 1 Tilnefnd til Óskarsverðlauna í 21 skipti (5,6)
- 7 Listamannsnafn Guðmundar Guðmundssonar (4)
- 8 Tíminn sem það tók Jack Bauer að bjarga máluum (12)
- 10 Stærsta fjöldahreyfing launafólks á Íslandi (3)
- 13 Dýrasta gatan í Matador (12)
- 14 Der bor en bager pågade (5)
- 16 Annað bindi þríleiksins um Jón Hreggviðsson (3,5,3)
- 17 Líkneski og eitthvað sem þarf að gera við of langa hluti (6)
- 19 Austurlenskt slagverkshljóðfæri sem nú er í tísku að nota í hugleiðslu og slökun (4)
- 21 Morgunpáttur Loga, Rikku og Rúnars á K100 (6,6)
- 23 Átta hliða bygging í Reykjavík (12)
- 25 Dagvinna Jesú Krists (6)
- 27 Rakarinn frá Sevilla (6)
- 29 Fylki í BNA og söngleikur um ástir Curly og Laurey (8)
- 30 Tegund af Ford og takki á lykklaborði (6)
- 31 Yfirhafnir og Evrópuþjóð (7)

Lóðrétt

- 1 Miðlungs lyf (5)
- 2 Purruð vínber (7)
- 3 Planta af engifersætt sem ku vera allra meina bót (8)
- 4 Staða Joseph Goebbels í ríkisstjórn nasista í Þýskalandi (19)
- 5 Fyrirbæri sem bendir til að við höfum í raun einhvern tíma gengið með skottið á milli lappanna (8)
- 6 Fyrsta Afríkuþjóðin til að taka þátt í HM í fótbolta (10)
- 9 veiðarfæri til að veiða flugfisk? (7)
- 11 Hann spurði Hemma Gunn reglulega hvort hann væri alltaf í boltanum (6)
- 12 Salt Lake City er stærsta borg þessa fylkis (4)
- 15 Skófatnaður sem Ítalía þykir líkjast (7)
- 18 Söngvari sem var skotinn til bana af föður sínum árið 1984 (6,4)
- 20 Skoppandi gæludýr Svals og Vals (6)
- 21 Fornaldarborgin Babýlon er í dag í þessu ríki (4)
- 22 Frægasti froskurinn (6)
- 24 Kattardýr og bílategund (6)
- 26 Hann var nakinn í kassa árið 2015 (5)
- 28 Ingvar Kamprad dó í janúar 2018, um 75 árum eftir að hafa stofnað þetta fyrirtæki (4)

Lausnarorð:

1	4	3	12	14	26	5	22	9	30	27	28
---	---	---	----	----	----	---	----	---	----	----	----

Myndagáta

Spurt er um íslenska kvikmynd



RÉTT SVAR: TÁR LÁRSTEINI

VINNINGAR

➔ Í vinning fyrir gátuna að ofan er páskaegg númer 11 frá Góu.

➔ Í vinning fyrir myndagátu er bíómiði.



Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is

Sjálflímandi hnífaparaskorður

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

Gullkistan

Frakkastíg 10 | Sími 551 3160 | gullkistan@vortex.is | www.thjodbuningasilfur.is

SENDUM
Í PÓST-
KRÖFU





Traust og góð þjónusta í 15 ár



Hafnarstræti 600 – Akureyri

Tvær tveggja herb íbúðir í sama húsi á 2.hæð á besta stað í miðbæ Akureyrar. Íbúðirnar samanstanda af stofu, eldhúsi, svefnherbergi og geymslu í kjallara. eru fullbúnar húsgöngnum, húsbúnaði og raftækjum sem getur einnig selst með. V- 22,5 og 22,9 millj. Uppl. veitir Kristín í 820-8101 eða kristin@101.is



Móasíða 7d 603 - Akureyri

Fallegt radhús með bílskúr á góðum stað á Akureyri. Eldhús með ljóstri innréttingu, stofa björt og með útgengi út í garð. Þrjú herb., baðherb. og þvottahús. Sjálfvirkur opnari er á bílskúr, steyptar tröppur og bílaplan, hellulögð verönd að bakatíl ásamt garði. V- 52,9 millj. Uppl. veitir Kristín í 820-8101 eða kristin@101.is



Skúlagata 101 – Rvk

Gullfallega 128,9fm 4ra herbergja íbúð á 4. hæð í góðu lyftuhúsi í miðborginni. Íbúðin er vel skipulögð, opin og björt með mjög góðri lofthæð. V- 74,9 millj. Uppl. veitir Ólafía í 898 8242 eða ola@101.is



Leifsgata 101 – Rvk

Tveggja herbergja íbúð á Leifsgötu 101 Reykjavík, eldhús, stofa bað og eitt herbergi. sérgeymsla í risi. Snýrtilæg og björt íbúð á besta stað, stutt í alla þjónustu og skóla. Stutt í miðbæinn og alla helstu afþreyingu. Uppl. veitir Sif Eir Magnúsdóttir hdl. og lgf., í síma 896 0669, eða sif@101.is.



Stuðlasei 109 – Rvk

Einstaka íbúðareign í Reykjavík. Íbúðin er 2ja herb. mjög falleg, nýuppgerð. Eigninni fylgir stór og fallegur sameiginlegur garður. Skiptist í forstofu, þvotta- og geymslurými, herb., baðherb. og alrými sem samanstendur af stofu, borðstofu og eldhús. Sér inngangur Útgengt er út úr stofu út í garð og hellulagða verönd. V- 37,9 millj. Uppl. veitir Kristín í 820-8101 eða kristin@101.is



Ofanleiti 103 – Rvk

Vel staðsetta fjögurra herb. endaíbúð á fjórðu og efstu hæð með góðu útsýni. Íbúðin skiptist í stofu, eldhús, þvottarými, 3 herb, baðherb., geymslu og bílskúr V- 53,9 millj. Uppl. Veitir Ólafía í 898 8242 eða ola@101.is



Skipholt 45 105 – Rvk

5 herb íbúð á fjórðu og efstu hæð í fjöl- býli. Skráð geymsla í kjallara er nýtt sem íbúðarherbergi og heimilt er að leigja það út. Íbúðin skiptist í: forstofuhol, stofu, eldhús, 4 herbergi, baðherbergi, geymslu (íbúðarherbergi) í kjallara og litla geymslu í kjallara. V-42,9 millj. Uppl. um eignina veitir Hrafnhildur í 862-1110 eða hrafnhildur@101.is



Ferjubakki 12 109 – Rvk

Glæsileg, endurnýjuð 2ja herbergja íbúð, sem er laus til afhendingar. Uppl. veitir Hrafnhildur lgfs. í gsm: 862-1110 eða hrafnhildur@101.is



Efstaland 5 270 – Mos

Glæsilegt einbýli í Helgafellslandi. Afhendist fokhelt. Möguleiki á tveimur íbúðum. V – 83,9 millj. Uppl. veitir Sigurlaug lgfs. í gsm: 891 8309 eða sigurlaug@101.is



Gimbratún 14 – 861 Hvolsvelli

Fallegt sumarhús við Hellishóla í Fljótshlíð. Fjögur svefnherbergi. Húsið skilast með timburverönd. V- 35,7 millj. Uppl. veitir Sigurlaug lgfs. í gsm: 891 8309 eða sigurlaug@101.is

Ef þið eruð í Spánarhugleiðingum þá höfum við gott úrval af eignum á Orihuela svæðinu, bæði nýbygginginar og endursölu eignir. Góðir golfvelli og fallegar strendur.



Punta Prima – Los Dolses – Spánn


Frábærar hæðir í Punta Prima, Los Dolses. 3 svefnherbergi og 2 baðherbergi með gólfhita. Stofa með opnu eldhúsi. Stórar svalir. Verð € 199.900 + 10% VSK og aukakostnaður. Uppl. Veitir Kristín lgfs. í gsm: 820 8101 eða kristin@101.is



Villamartin – Orihuela Costa – Spánn

Suður íbúðir, 2 svefnherbergi og 2 baðherbergi með gólfhita. Stofa með opnu nútíma eldhúsi. Jaðhæðir með garði en efstu hæðir með þaksvölum. Einkabílastæði Verð Euro frá 134.000. + 10% VSK og aukakostnaður. Uppl. Veitir Kristín lgfs. í gsm: 820 8101 eða kristin@101.is

Ef krabbameinið hefur náð að dreifa sér geta einkenni frá öðrum líffærakerfum komið fram.



Sáðlát

JÁ TAKK!

Reglulegt sáðlát mikilvæg vörn gegn vandamálum í blöðruhálskirtli

Ragnheiður Eiríksdóttir
skrifar



Mars á hverju ári stendur Krabbameinsfélagið fyrir átaki sem ætlað er að auka árvekni karlmanna varðandi krabbamein, auk þess að safna peningum til rannsókna. Mottumars er jákvætt og skemmtilegt átak, í ár eru það röndóttu sokkarnir sem eru farnir að prýða fætur um allan bæ og auðvitað yfirvaraskeggin sem margir leggja mikinn metnað í. Krabbamein í blöðruhálskirtli er á dagskránni þetta árið, enda er það algengasta krabbamein hjá körlum á Íslandi. Árlega greinast rúmlega 200 karlar með slík krabbamein og tölfraeðin segir okkur að einn af hverjum átta íslenskum karlmonnum geti búist við þeirri greiningu á lífsleiðinni.

Mikill árangur hefur náðst í greiningu og meðferð við blöðruhálskrabbameini en í dag eru 90% þeirra sem greinast á lífi fimm árum síðar - það hlutfall var aðeins 30% fyrir hálfri öld. Lykilatriði er að karlmenn þekki einkennin sem kunna að koma í ljós á fyrri stigum sjúkdómsins. Þau eru til dæmis:

- Þvagtrögða - bunan kemur seint og það vantar kraft í hana, dropar í lok bununnar og erfitt að tæma þvagblöðruna
- Að pissa oft - til dæmis að vakna að næturlagi til að pissa
- Blöðrubólga - verkur eða óþægindi við að pissa
- Blóð í þvagi eða sæði - þó er það einkenni algengara ef meinið er góðkynja

Ef krabbameinið hefur náð að dreifa sér geta einkenni frá öðrum líffærakerfum komið fram. Til dæmis:

- Beinverkir í mjöðmum, mjaðmagrind, hryggsúlu eða lærleggjum
- Þreyta
- Slappleiki
- Þyngdartap

Þessar upplýsingar ásamt ýmsum öðrum fróðleik um krabbamein í blöðruhálskirtli er að finna á heimasíðu átaksins, mottumars.is.

Einn hluti vefsíðunnar fjallar um það sem hægt er að gera til að draga úr líkunum á að krabbamein myndist, en talið er að hægt sé að koma í veg fyrir 40% krabbameina með heilbrigðum lífsstíl. Við vitum

öll að það er slæm hugmynd að reykja, við ættum að passa okkur á áfengisneyslu og ljósabekkjum, og að sjálfsögðu er heilbriggt mataræði, líkamsþyngd og hreyfing eitt-hvað sem hjálpar til. En, og haldið ykkur nú fast, það er ekki minnst einu orði á tiltekið fyrirbæri sem rannsóknir hafa sýnt að getur haft heilmikil áhrif á líkurnar á því að greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli - nefnilega SÁÐLÁT!

Sáðlát - já takk!

Já herrar mínir - það má nefnilega viðhalda góðri heilsu blöðruhálskirtilsins með því að hafa sáðlát reglulega og gildir einu hvort sáðlátið er framkallað með samförum, öðru kynlífi, sjálfsfróun eða það eigi sér stað í svefni. Í stórrí bandarískri rannsókn á tæplega 30.000 karlmonnum kom í ljós að þeir sem höfðu sáðlát 21 sinni í mánuði eða oftar voru 33% ólíklegri til að greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli (Leitzmann 2004). Áströlsk rannsókn á 2.338 karlmonnum sýndi mjög svipaðar niðurstöður. Þar kom í ljós að þeir sem höfðu sáðlát 4,6-7 sinnum í viku voru 36% ólíklegri til að greinast með meinið fyrir sjö-tugt (Giles 2003).

Nokkrir punktar um nudd á blöðruhálskirtli

Besta aðgengið að kirtlinum er gegnum endaparm

- Notið smokk eða hanska á fingur ef þið viljið viðhafa ítrasta hreinlæti
- Ef fingri eða fingrum er rennt inn í endaparm finnst kirtillinn á framveggnum um 5 sentimetrum ofar en innri hringvöðvinn
- Notið sleipiefni og byrjið með einum fingri eða einhverju álíka mjóu
- Leyfið viðtakanda að slaka á og minnið hann á að anda (það þarf oft)
- Notið hæggar og djúpar strokur, prófið ykkur áfram, finnið út hvað virkar
- Notið hina höndina til að örva blöðruhálskirtlinn utan frá gegnum spöngina (svæðið milli pungs og endaparms)

Reglulegt sáðlát er líka mikilvæg vörn gegn öðrum vandamálum í blöðruhálskirtli eins og góðkynja stækkun og sýkingum. Kirtillinn sjálfur myndar vökva sem er partur af sæðisvökvanum sem kemur út við sáðlát. Vökvinn er sérhannaður til að flytja sáðfrumur og næra þær. Ef sæðisvökvinn lendir í leggjöngum á vökvinn úr blöðruhálskirtlinum líka þátt í að hlutleysa súrt umhverfi legganganna og auka með því líkur á getnaði. Þegar vökvinn tæmist úr blöðruhálskirtlinum við sáðlát skolest skaðleg efni út úr líkamanum.

Gott ráð

Fyrir utan að fá það 21 sinni í mánuði AÐ LÁGMARKI er hægt að gera enn þá betur með því að

stunda reglulegt nudd á blöðruhálskirtlinum. Hann er nefnilega einstaklega kynnæmur og getur aukið á nautnina og framkallað djúpa og slakandi fullnægingu. Það er ekkert sérstaklega auðvelt að nudda eigin blöðruhálskirtil, en til eru titrarar og leikföng sérstaklega ætluð til þess. Skemmtilegast er þó líklega að fá einhvern til hjálpar - kynlífsfélaga sem kann til verka og hefur kynnt sér tæknina. ■

Góða skemmtun strákar!
Ragnheiður Eiríksdóttir
er hjúkrunarfræðingur og
kynlífsráðgjafi hjá Áfalla- og
sálfræðimiðstöðinni Hamraborg 11
www.raggaeiriks.com
raggaeiriks@asm.is

ALÞJÓÐLEGAR SUMARBÚÐIR 2018



„ÁN EFA EITT ÞAÐ
SKEMMTILEGASTA
SEM ÉG HEF GERT“

UMMÆLI ÍSLENSKRA
ÞÁTTAKENDA

Langar þig í ævintýri?

Dvöl á vegum AFS er spennandi og dýrmæt lífsreynsla og nú býður AFS upp á ævintýralegar sumarþúðir í Surrey á Bretlandi

Sumar 2018

Bretaland - 2 vikur

16. - 28. júlí (13-15 ára)
- 4 pláss

30. júlí - 11. ágúst (15-18 ára)
- pláss

Umsóknarfrestur til 5. apríl 2018

Verð:

380.000 kr.

20% greiðist fyrir 10. apríl 2018

100% greiðist fyrir 1. júní 2018

Innifalið

- flugkostnaður
- fararstjórn
- fullt verð
- gisting í heimavistarskóla
- borgarferðir
- alþjóðleg samskipti
- tungumálanám 4 klst. á dag
- íþróttir, leikir, glens og gaman
- fjölbreytt afþreying og fræðsla

Áhersla er lögð á

- sjálfsvitund og gagnrýna hugsun
- leiðtogaþæfni
- hópavinnu
- aukna menningarvitund
- menningarlæsi
- sjálfstyrkingu
- góðan stuðning frá sjálfboðaliðum AFS





Bragi Páll Sigurðsson



Sigurður Páll Jónsson

Lítt þekkt ættartengsl

Alþingismaðurinn og eiturpenninn

Maður vikunnar er að öðrum ólöstuðum pistlahöfundurinn og fyrrverandi blaðamaðurinn Bragi Páll Sigurðsson. Bragi Páll heimsótti landsfund Sjálfstæðisflokksins um síðustu helgi og skrifaði tvo eitruða pistla um upplifun sína. Var honum fagnað sem hetju hjá andstæðingum flokksins en Sjálfstæðismenn urðu brjálaðir og kölluðu Braga Pál öllum illum nöfnum. Meðal annars kallaði Páll Magnússon alþingismaður Braga Pál og Stundina, sem birti pistlana, „endaþarm íslenskrar blaðamennsku“.

Svo skemmtilega vill til að Páll deilir vinnustað með föður Braga Páls. Það er Sigurður Páll Jónsson, alþingismaður fyrir hönd Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi. Sigurður Páll var áður varapeningamaður Framsóknarflokksins, síðan 2013. Bragi Páll er róttækur vinstri maður og því er óhætt að fullyrða að feðgarnir séu á öndverðum meiddi í pólitík.

Inga tekur þátt í söngkeppni í Bandaríkjunum

Lorde og Tom Waits á meðal dómara

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Tónlistarkonan Inga María Hjartardóttir er búsett í Los Angeles í Bandaríkjunum. Lag hennar Good in Goodbye keppir í úrslitum söngkeppinnar International Songwriter of the Year og þegar viðtalið var tekið var lag hennar efst í keppninni. Vinningslagið er valið með þátttöku dómnefndar, sem í eru meðal annarra Tom Waits og Lorde. Einnig eru sérstök verðlaun sem almenningur kys áfram með vefkosningu, sem allir geta tekið þátt í.

Inga María er 24 ára, fædd og uppalin á Akranesi, kemur úr tónelskri fjölskyldu, afi hennar spilaði á kontrabassa og píanó og margir voru í kirkjukór. „Það var aldrei neitt annað en tónlist sem kom til greina.“

Árið 2013 flutti hún til Bandaríkjanna og hóf nám í Berklee College of Music í Boston. Námið kláraði hún á þremur og hálfu ári og flutti síðan til Los Angeles í janúar 2017. „Mér líkar mjög vel hérna. Það er yfirleitt alltaf mjög gott veður, nema núna er grenjandi rigning,“ segir Inga.

„Boston er lítill borg miðað við bandaríska borg, um 600 þúsund íbúar, það var gott að byrja þar. Los Angeles er töluvert stærri.“

Keppnin er árleg keppni sem stefnir að því að hitta listamann sem hefur ekki verið uppgötvaður ennþá, ég skræði mig í desember í fyrra og fékk tölvupóst um að ég væri komin í úrslit. Það er dómnefnd sem velur í úrslit, en um 16 þúsund framlög bárust. Keppnin er tvískipt: dómnefnd, sem er skipuð fólki sem hefur náð frama í bransanum, og svo netkosning, sem allir geta tekið þátt í.

Ég tel að það sé því að þakka að ég er íslensk að ég er efst í kosningunni, fólk vill halda með „the underdog“, en þetta er líka staðfesting á því að maður er að gera rétt, þetta minnir mig á af hverju ég er að þessu.

Bara að vera í keppninni þýðir að dómnefndin er að hlusta á lagið mitt. Ég er ekki búin að kynna mér hver fyrstu verðlaunin eru, þetta gerðist allt svo hratt.“

Í dag, föstudag, verða topp 25 löginn kynnt, en 250 framlög voru í keppninni þegar viðtalið var tekið fyrir í vikunni. „Það væri frábært að vera í toppbaráttunni, en maður á enn tækifæri, þar sem vefkosningin heldur áfram. Úrslit verða síðan tilkynnt 6. apríl næstkomandi.“

Á meðal fyrri vinningshafa má nefna Gotye, Bastille, The Band Perry og Passenger og í dómnefnd í ár eru meðal annarra Lorde, Tom Waits, Bastille, Don Omar, Hardwell og Kaskade. „Þetta er stærra en ég átti von á.“

Keppir í flokki listamanna sem gefa út á eigin vegum

Inga María keppir í flokki sem heitir Unpublished, sem inniheldur listamenn sem eru ekki á vegum útgáfufyrirtækis heldur gefa tónlist út á eigin vegum. Inga María var búin að gefa út tvö lög áður, en þetta er fyrsta popplagið sem hún gefur út og er lagið í stíl við það sem hún hyggst gera í framtíðinni.

„Framundan er að gefa út EP-plötu, með fimm lögum og markmiðið er að hún komi út á þessu ári. Það ræðst af fjármagni en ég vil ekki gefa neitt út nema ég sé mjög ánægð með það,“ segir Inga María sem var að sækja um vegabréfsáritun fyrir listamenn sem heimilar henni að vinna í tónlistariðnaðinum í Bandaríkjunum næstu þrjú árin.

Inga María bjó í tvö ár í Svíþjóð og lærði þar að spila á hljóðfæri, en hún spilar á píanó, gítar, bassa og smávægis á trommur. „Það eru líka allir í tónlistarskóla þegar þeir eru litlir, læra á blokkflautu og ég spilaði á þverflautu alla mína barnæsku. Það var planið að fara aftur til Svíþjóðar, en eftir að ég komst inn í Berklee kom aldrei neitt annað til greina.“



Inga María semur bæði lag og texta, ég er að reyna að koma mér í að semja meira með öðrum en ég er svo frek að mér finnst bara best að semja ein. Ég hef samið eitt lag á íslensku, en allt annað er á ensku, kannski vegna þess að ég hlustaði svo mikið á Spice Girls sem stelpa, enskukunnáttan kom þaðan.“

Gallharður Eurovision-ádrandi og stefnir á þátttöku

Hefur þú sent inn eða velt fyrir þér að taka þátt í Eurovision?

„Ég væri klárlega til í það í framtíðinni, ég var beðin um að taka þátt í Voice í fyrra, ég er klárlega með augað á Eurovision í náinni framtíð, ég er gallharður ádrandi.“

Hún sér fyrir sér að verða áfram í Bandaríkjunum, enda óljóst hvaða tækifæri eru handan við hornið. „Ég er búin að koma mér vel fyrir hér, er með stórt tengslanet úr skólanum, við fluttumst mörg saman til Los Angeles eftir útskrift og það eru það mörg tækifæri hér úti að ég vil ekki sleppa tækifærinu strax, þó að ég sé alltaf með heimþrá, þá safna ég bara frekar og flýg oftar heim. Ég er líka nýbúin að kynnast fjölda Íslendinga hérna.“

Það var örlítil líttir að finna þennan hóp. Þau skilja kaldhæðnina og brandara og það er gaman að hitta þau.

Ég er að vinna fyrir tónlistarmyndahöfund, Mark Isham, sem samdi meðal annars tónlistina fyrir Crash, svo er ég að semja og spila tónlist á kvöldin og um helgar. Ég tók Music Business Management sem aðalfag í skólanum, starfsheiti mitt hjá Isham er Music Production Coordinator, ég sé um samfélagsmiðlana hans, útgáfur á plötum, markaðssetningu og allt þar á milli,“ segir Inga María, en tilviljun olli því að hún sótti um starfið.

„Ég sótti um í einhverju gríni, þetta var á erfiðum tíma, ég var að hætta með kærastanum og allt frekar ömurlegt, við hættum saman á laugardegi, ég fór í starfsviðtal á sunnudagsmorgni og fékk símtal seinni partinn um að ég hefði fengið vinnuna. Allt í einu fór allt frá núlli upp í hundrað, það var mikill léttir, sumarið var erfitt með lítinn pening og í óvissu um framtíðina. Ég er búin að læra heilmikið með frábæru fólki.“

Það má kjósa einu sinni á dag í netkosningunni og ég vil hvetja fólk til að kjósa.“ ■

„Hún var alltaf svo happy þetta helvíti“

Gleðigjafinn og gamanleikkonan **Edda Björgvinsdóttir** hefur glatt huga og hláturtaugar landsmanna í áraradír. Nýlega heillaði hún heimsbyggðina með hlutverki sínu í kvikmyndinni Undir trénu, sem hún uppskar Edduverðlaunin fyrir. Edda leikur í Slá í gegn í Þjóðleikhúsinu og í vikunni komu styrkleikakortin út. Edda gaf sér einnig tíma til að svara nokkrum spurningum fyrir lesendur DV.

Ef þú þyrftir að breyta, hvað myndirðu vilja heita annað en Edda? Þegar ég var lítil fannst mér nafnið Elísabet svo undurfallegt.

Hverjum líkist þú mest? Ég er blanda af föðurorömmu og móðurfólkinu mínu. Ég þótti samt mjög lík Evu, móðursystur minni, sem var svolítið seinheppin alltaf og mikill húmoristi.

Hvað halda margir um þig sem er alls ekki satt? Að ég lifi eingöngu á hollustu-fæði. Ég er verstí nammisukkari og draslaeta sem ég þekki (en bara seinnipart dags).

Í hverju finnst þér þú vera betri en aðrir? Ég er ekkert betri en aðrir en skora mjög hátt í bjartsýni.

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna? Styrkleikajálfun (ég held á nýju íslensku styrk-

leikakortunum á myndinni) og kærleiksrík mannleg samskipti.

Hvað viltu að standi skrifad á legsteininum þínum? Hér sé stud!

Sex ára barn spyr þig hvort jólasveininn sé til. Hvernig svarar þú? Ég svara sannleikanum samkvæmt að hann sé sannarlega til og elski að gefa börnum gjafir.

Hvaða lag hefðir þú viljað hafa samid? Það brennur eftir Egil Ólafsson. Fallegasta lag í heimi.

Hvað ætti ævisagan þín að heita? Hún var alltaf svo happy þetta helvíti.

Hvaða bíómynd hefurðu séð oftast? Miracle on 34th Street (gömlu myndina).



Yfir hverju getur þú alltaf hlegið? America's Funniest Home Videos.

Hvert er versta hrós sem þú hefur fengið? Þú lítur miklu betur út svona búttuð.

Heilsarðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? Já.

Hverju laugstu síðast? Að það væru fimm

minútur í að ég sækti fjölskyldumeðlim, þegar ég vissi að það væru að minnsta kosti tíu mínútur, ef ekki 15 mínútur!

Um hvað geta allir í heiminum verið sam-mála? Að án gjafa jarðar værum við ekki til. Hreint vatn og hreint loft eru grunnur þess að við lifum, þess vegna er óskiljanlegt að við skulum keppast við að drepa okkur með endalausri viðbjóðslegri mengun!

Hvað í hegðun hins kynsins ruglar þig mest? Engilhegðun hins kynsins ruglar mig. En sumt finnst mér óendanlega fyndið. Ég ætla ekki að nefna neitt dæmi hér.

Hvaða áhugamál myndirðu ekki sætta þig við að maki þinn stundaði? Að safna veraldlegum auði, peningaást.

Á hvern óskraðirðu síðast? Ég óskraði af gleði þegar ég sá nýju styrkleikakortin mín nýkomin úr prentun.

Hver er fyndnasta „pick-up“-línan sem þú hefur heyrt? Geturðu lánað mér 5.000 kall, svo ég geti boðið þér í glas.

Um hvað varstu alveg viss þangað til þú komst að því að þú hafðir rangt fyrir þér? Að allar manneskjur væru góðar í edli sínu. Ég er þó sannfærð um að 90% eru með fallegt hjarta þótt það sé stundum vel falið.

Hvað er fram undan um helgina? Fjórar leiksýningar á söngleiknum Slá í gegn, sem hefur gjórsamlega slegið í gegn, og tvö námskeið þar sem unnið er með nýju styrkleikakortin, því sú vinna gerir fólk svo hamingjusamt og hamingjuaukning eykur lífsgæði og gerir heiminn betri.



Bjarni vex en brókin ekki.

Taktu þátt og þú gætir unnið páskaegg!



PÁSKALEIKUR GÓU

Taktu þátt í páskaleik Góu á góa.is, fáðu þinn eigin málshátt og páskaspá og þú gætir unnið páskegg eða aðra skemmtilega vinninga.



Sigurður Páll Jónsson
Þingmaður Miðflokksins.

Hvað segir pabbi?

Bragi Páll Sigurðarson pistlahöfundur vakti mikla athygli fyrir beitt skrif sín á Stundinni um landsfund Sjálfstæðisflokksins síðustu helgi og var hann gagnrýndur harðlega, meðal annars af þingmönnum flokksins.

En hvað segir pabbi mannsins sem gerði alla Sjálfstæðismenn landsins brjálaða?

„Við erum ekki sammála í pólitík við Bragi Páll, en við erum þeim mun betri vinir þegar við hittumst,“ segir Sigurður Páll Jónsson, þingmaður Miðflokksins og faðir Braga Páls.

„Hann hefur áður skrifað beitta pistla. Hann er mikill listamaður, enda er hann að klára ritlist núna í vor. Hann hefur alltaf verið mikið fyrir bókina.“

Hefur hann alltaf verið beittur?

„Já, í skrifum sínum. Hann er manna þrúðastur þegar maður er með honum einhvers staðar, en hann hefur sterkar meiningar og er háðskur. Ég sá hómorinn hans þarna.“



Bókin á náttborði Ingileifar

Bókin sem ég er að lesa er Tvisaga eftir Ásdís Höllu Bragadóttur. Tvisaga er í raun fjölskyldusaga móður Ásdísar og hennar sjálfar sem fléttast saman í hreint út sagt magnada heild. Ég er komin langleiðina með bókina og finnst hún stórkostleg. Ásdís tekst svo vel að segja frá dramatísku lífshlaupi fjölskyldunnar á einlægum hátt. Ég mæli með því að allir bókaunnendur lesi þessa bók, því hún skilur svo sannarlega mikið eftir sig. 5 stjörnur hvorki meira né minna!



Býður Gunnar upp á aftan-söng?

Loki

Jónína segir skilið við ristilskolun

Jónína Benediktsdóttir er hætt í detoxinu. Þetta kemur fram í hjartnæmri yfirlýsingu hennar á Facebook-síðu hennar. Jónína, sem er íþróttatræðingur að mennt, hefur um árabíl boðið upp á meðferð sem þróaðar voru af læknumunum dr. Dabrowsku og dr. Lemanczyk. Í meðferðinni felst að skapaðar eru þær aðstæður í líkamanum að hann lækni sig sjálfur og vinni bug á óheilbrigði, sé það fyrir hendi. Meðferðin tók um tvær vikur og var dagskráin sem var í boði nokkuð hefðbundin til þess að öðlast aukið heilbrigði, hreyfing, hóflegt magn af hollum mat,

nudd, böð, hvíld og slökun. Það sem vakti þó mesta athygli landans var ristilskolun.

Herma heimildir DV að aldrei hafi landar vorir fyllst jafnmiklum krafti og þrótti og þegar pólsku röri var smokrað upp í endaþarm þeirra og síðan var vatni hleypt á.

„Kæru vinir. Ég er ekki lengur að bóka í detoxið og mun ekki vinna við það meira eins og staðan er,“ segir Jónína í yfirlýsingu á Facebook-síðu sinni. Hún sefar þó áhyggjur þeirra sem ólmir vilja komast í detox með því að benda þeim á pólska samstarfskonu sína sem geti bókað fólk í meðferð. Þá

sé eiginmaður hennar, Gunnar Þorsteinsson, enn í Póllandi og sé boðinn og búinn að aðstoða fólk.

„Takk fyrir traustið í gegnum árin. Lífið heldur áfram en þekkingin skilar sér um föstur og heilsu lengi vel,“ segir Jónína og vonar að allt sem hún hafi kennt muni vara lengi. „Mér þykir vænt um alla mína viðskiptavini og hlakka til þess að hitta ykkur á Íslandinu okkar góða,“ segir Jónína. ■

bjornth@dv.is

Jónína Benediktsdóttir
Bendir áhugasömum á pólska samstarfskonu.



Hjólin eru komin

Frábær fermingargjöf

Krakkahjól í ýmsum stærðum

Einnig hjálmur, bjöllur, lásar, hjálpardekk og fjöldi annarra aukahluta - nóg úr að velja!

Frábært verð ár eftir ár!

Kven- og karlahjól
28" karla, 26" kvenjól, 6 gíra með
brettum og körfu.

28.995

49620200-1

20%
afsláttur af öllum
SONAX
BÍLAVÖRUM

Til 26. mars

20%
afsláttur af öllum
LITLUM HEIMILIS-
TÆKJUM

Til 26. mars

20%
afsláttur af öllum
HÁPRÝSTI-
DÆLUM

Til 26. mars

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN